

Viðauki A



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

– Markaðsgreining –

**Heildsölu markaður útsendingarþjónustu fyrir
útvarpssendingar til notenda
(Markaður 18)**

8. desember 2008

Efnisyfirlit

1.0 INNGANGUR	3
1.1 ALMENNT	3
1.2 FJARSKIPTALÖGGJÖFIN FRÁ 2003	3
1.3 FRAMKVÆMD MARKAÐSGREININGAR HJÁ PFS	5
1.4 ALMENNT UM MARKAÐSSKILGREININGU	5
1.4.1 Afmörkun vörus- og þjónustumarkaða	6
1.4.2 Afmörkun landfræðilegs markaðar.....	6
1.4.3 Skilyrði þess að skilgreina megi aðra markaði	6
2.0 LÝSING Á ÚTVARPSMARKAÐNUM.....	8
2.1 SKILGREINING Á ÚTVARPI (HLJÓÐVARP – SJÓNVARP)	8
2.2 ÚTVARPSDREIFIKERFI	8
2.2.1 Almennt um útvardsdreifikerfi	8
2.2.2 Mögulegar leiðir til dreifingar	9
2.2.2.1 Þráðlaus net á jörðu.....	10
2.2.2.2 Fastlínunet.....	10
2.2.2.3 Gervihnettir	11
2.2.3 Úr hliðrænu í stafrænt	11
2.2.3.1 Almennt	11
2.2.3.2 Eináttu og tvíáttu kerfi	12
2.2.3.3 Aðgangskassi fyrir stafrænt sjónvarp og skilyrt aðgangskerfi.	12
2.2.3.4 Fjölbreyttara þjónustuframboð.....	13
2.2.3.5 IP-sjónvarp og internetsjónvarp.....	14
2.2.3.6 Hljóðvarp í stafrænu umhverfi	15
2.3 NET OG MARKAÐSAÐILAR Á ÍSLANDI Í DAG	15
2.3.1 Efnisveitur	15
2.3.1.1 Ríkisútvarpíð.....	15
2.3.1.2 365 miðlar	16
2.3.1.3 Skjáinn	17
2.3.1.4 Skráðar útvardsstöðvar á Íslandi	17
2.3.2 Útvardsdreifikerfi á Íslandi í dag.....	20
2.3.2.1 Dreifikerfi RÚV	20
2.3.2.2 Vodafone /Digital Ísland	20
2.3.2.3 Síminn og Skjáinn	22
2.3.2.4 Gagnaveita Reykjavíkur.....	22
2.3.2.5 Íslandsmiðill.....	22
2.3.2.6 Önnur dreifikerfi	23
2.3.3 Útbreiðsla og notkun sjónvarpsdreifikerfa	25
2.4 TÆKNIPRÓUN	25
2.5 AÐGANGUR AÐ MARKAÐNUM	26
2.6 KOSTNAÐUR NOTENDA	27
3.0 NÁNARI SKILGREINING OG AFMÖRKUN ÞJÓNUSTUMARKAÐA	29
3.1 SKILGREINING MARKAÐAR 18 Í TILMÆLUM ESA	29
3.2 MÖRKIN MILLI ÚTVARPSDREIFINGAR OG LEIGULÍNA.....	30
3.3 INNRI OG YTRI VIÐSKIPTI.....	30
3.4 MAT Á STADGÖNGU	31
3.4.1 Almennt.....	31
3.4.2 Hljóðvarp- og sjónvarpsþjónusta.....	31
3.4.3 Nánari sundurgreining hljóðvarpsþjónustu	33
3.4.4 Aðgreining stafræns og hliðræns sjónvarps.....	33
3.4.5 Aðgreining milli sjónvarpsdreifingar um þráðlaus net, fastanet og gervihnett	35
3.5 NIÐURSTAÐA UM SKILGREININGU ÞJÓNUSTUMARKAÐA	36
4.0 LANDFRÆÐILEGUR MARKAÐUR	37
4.1 ALMENNT	37
4.2 PRÁÐLAUS DREIFIKERFI	37
4.3 FASTANET	38

4.4 GERVIHNATTADREIFING	38
5.0 GILDANDI REGLUR UM AÐGANG AÐ ÚTVARPSDREIFIKERFUM	39
5.1 KVAÐIR SKV. ELDRI FJARSKIPTALÖGUM	39
5.2 KVAÐIR Á TENGDUM FJARSKIPTAMÖRKUÐUM	39
5.3 ÚTVARPSLÖG OG LÖG UM RÍKISÚTVARPIÐ OHF.....	39
5.4 XI. KAFLI FJARSKIPTALAGA UM STAFRÆNT SJÓNVARP.	40
5.5 REGLUR UM SKILYRT AÐGANGSKERFI.....	41
5.6 ALMENN ÁKVÆÐI UM SAMNÝTINGU AÐSTÖÐU.....	42
5.7 ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISYFIRVALDA.....	42
5.7.1 Samrunar fjarskipta- og sjónvarpsfyrirtækja	42
5.7.2 Ákvarðanir sem beinast að Símanum og Skjánum	43
5.7.3 Ákvarðanir sem beinast að Vodafone og/eða 365	46
5.7.4 Áhrif ákvarðana samkeppnisyfirvalda.....	49
6.0 PRÖSKULDUR FYRIR FYRIRFRAM (EX ANTE) KVAÐIR	50
6.1 ALMENNT	50
6.2 MARKAÐUR ÚTSENDINGARPJÓNUSTU FYRIR HLIÐRÆNT HLJÓÐVARP Á ÞRÁÐLAUSUM NETUM ..	51
6.2.1 Aðgangshindranir	51
6.2.2 Niðurstaða	52
6.3 HEILDSÖLUMARKAÐUR ÚTSENDINGARPJÓNUSTU FYRIR HLIÐRÆNT SJÓNVARP Á ÞRÁÐLAUSUM NETUM.....	53
6.3.1 Aðgangshindranir	53
6.3.2 Möguleg samkeppni	55
6.3.3 Duga samkeppnisreglur.....	55
6.3.4 Niðurstaða	56
6.4 HEILDSÖLUMARKAÐUR ÚTSENDINGARPJÓNUSTU FYRIR STAFRÆNT HLJÓÐVARP OG SJÓNVARP Á ÞRÁÐLAUSUM NETUM	56
6.4.1 Aðgangshindranir	56
6.4.2 Möguleg samkeppni	57
6.4.3 Duga samkeppnisreglur.....	57
6.4.4 Niðurstaða	59
6.5 HEILDSÖLUMARKAÐUR ÚTSENDINGARPJÓNUSTU FYRIR STAFRÆNT HLJÓÐVARP OG SJÓNVARP Á FASTANETUM.....	60
6.5.1 Aðgangshindranir	60
6.5.2 Möguleg samkeppni	60
6.5.3 Duga samkeppnisreglur.....	61
6.5.4 Niðurstaða	62
7.0 SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	63

Samantekt og niðurstöður

Í þessari greiningu fjallar PFS um heildsöulumarkað útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar til notenda. Skoðað er hvernig skilgreining tilmæla ESA á viðkomandi markaði (markaði 18) passar við aðstæður hér á landi. PFS kemst að þeirri niðurstöðu að miðað við aðstæður innanlands þá sé í raun um nokkra mismunandi þjónustumarkaði að ræða. PFS telur eðlilegt að skilgreina fimm mismunandi þjónustumarkaði fyrir útsendingarþjónustu:

- 1) Útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum
- 2) Útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum
- 3) Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á þráðlausum netum
- 4) Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum
- 5) Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervihnött

PFS telur að allir þjónustumarkaðirnir nema gervihnattamarkaðurinn nái til landsins alls þar sem ekki sé hægt að aðgreina sérstök svæði þar sem samkeppnisaðstæður eru verulega frábrugðnar öðrum svæðum. Markaður fyrir útsendingarþjónustu um gervihnött er hins vegar ekki bundinn við Ísland. Markaðssvæði fyrirtækja í slíkum rekstri er mun stærra og er því um millilandamarkað að ræða sem ekki er á valdsviði PFS að taka til greiningar.

PFS tók þá þjónustumarkaði sem stofnunin skilgreindi, að gervihnattamarkaðnum undanskildum, til nánari skoðunar með það fyrir augum að leiða í ljós hvort þeir uppfylltu skilyrði til þess að til greina komi að leggja fyrirfram kvaðir á fyrirtæki á mörkuðunum. Þau skilyrði eru eftirfarandi:

- 1) Hindranir eru á því að komast inn á markaðinn.
- 2) Markaðurinn hefur ekki eiginleika til að þar sé virk samkeppni.
- 3) Almennar samkeppnisreglur duga ekki til að afnema hindranir eða efla samkeppni.

Markaður fyrir útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum var ekki talinn uppfylla fyrsta skilyrðið þar sem aðgangshindranir eru ekki verulegar.

Markaður fyrir útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum var talinn uppfylla tvö fyrstu skilyrðin en ekki það síðasta þar sem samkeppnisreglur voru taldar geta leyst vandamál sem upp gætu komið á markaðnum. Ennfremur var talið að það hefði hverfandi þýðingu að hafa afskipti af þessum markaði þar sem þjónustan er á útleið.

Markaður fyrir útsendingarþjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á þráðlausum netum var talinn uppfylla fyrsta skilyrðið þar sem aðgangshindranir eru verulegar. Varðandi samkeppni var ekki talið líklegt að virk samkeppni kæmist á á næstunni innan þessa tilteksna þjónustumarkaðs, en hugsanlegt er að samkeppni frá dreifikerfum á fastanetum geti haft áhrif á þennan markað. PFS taldi að samkeppnisreglur dugi til að leysa vandamál sem upp kunna að koma á þessum markaði, enda eru deilumál vegna aðgangs að dreifikerfum fátíð eða jafnvel óþekkt.

Markaður fyrir útsendingarþjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum var talinn uppfylla fyrsta skilyrðið. Varðandi samkeppni var talið mjög líklegt að samkeppni gæti komist á á þessum markaði en ekki er auðvelt að segja fyrir um hvenær það verður. Talið var að samkeppnisreglur dugi á þessum markaði. Deilumál vegna aðgangs að dreifikerfum eru fátíð og samkeppnisyfirvöld eru þegar búin að setja skilyrði um aðgang, gagnsæi og jafnræði varðandi rekstur stærsta dreifikerfisins í ákvörðun vegna samruna Símans og Skjásins.

Ýmis konar reglur eru í gildi skv. fjarskiptalögum um aðgang að dreifikerfum og tengdri aðstöðu og er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. Þar á meðal er ákvæði 55. gr. laga um fjarskipti, um að skylda megi fjarskiptafyrirtæki til þess að flytja sjónvarpsdagskrár. Ekki hefur komið til þess að beita hafi þurft þessum ákvæðum með stjórnvaldsákvörðun og bendir það til þess að ekki sé ástæða til að setja frekari kvaðir á markaðsaðila að svo stöddu.

Það er einkennandi fyrir útvarpsdreifingarmarkaðina að efnisveitur og dreifikerfi eru háð hvort öðru og er slíkt umhverfi hvetjandi til þess að aðilar nái samkomulagi um dreifingu efnis.

Í nýjum tilmælum framkvæmdastjórnar ESB um viðkomandi markaði nr. 2007/879/EC hefur markaður fyrir útsendingarþjónustu verið tekinn af lista yfir þá markaði sem fjarskiptaefirlitsstofnunum ber skylda til að greina. Þessi tilmæli hafa ekki enn verið tekin inn í EES samninginn. PFS ber ennþá skyldu til að greina þennan markað bæði vegna þess að hann er ennþá hluti af gildandi tilmælum ESA og einnig vegna þess að greining á honum hefur ekki farið fram áður hér á landi og gert er ráð fyrir að allir markaðir í upphaflegum tilmælum séu greindir áður en farið er að vinna eftir nýjum tilmælum.

Rökstuðning framkvæmdastjórnar ESB fyrir því að taka markaðinn út af lista í tilmælunum er að finna í kafla 4.4 í skýringum með nýju tilmælunum.¹ Þar er m.a. tekið tillit til þess að leiðum til móttöku á sjónvarpi fer sífellt fjölgandi með tilkomu stafrænna útsendinga og því stefnir í átt að virkri samkeppni. Einnig er tekið fram að ákvæði um flutningsskyldu (must carry) megi nota til að tryggja aðgang notenda að sjónvarpsdagskrám þegar almannahagsmunir krefjast. Bent er á að ákvæði eru í fjarskiptalöggjöfinni um samnýtingu aðstöðu óháð markaðsgreiningu og að lokum er tekið fram að samkeppnisyfirvöld hafi í raun getað tekist á við vandamál sem upp hafa komið varðandi aðgang að útvarpsdreifikerfum.

PFS hyggst fylgjast náið með framvindu mála á viðkomandi mörkuðum og ef til þess kemur að aðstæður breytist verulega mun stofnunin taka til athugunar hvort gera þurfi nýja greiningu á þeim.

¹EXPLANATORY NOTE Accompanying document to the Commission Recommendation on Relevant Product and Service Markets within the electronic communications sector susceptible to ex ante regulation in accordance with Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communications networks and services (Second edition) {(C(2007) 5406)}

http://ec.europa.eu/information_society/policy/ecommm/doc/library/proposals/sec2007_1483_final.pdf

1.0 Inngangur

1.1 Almennt

1. Skjal þetta inniheldur greiningu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á markaði fyrir útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar til notenda, í heildsölu á Íslandi (markaður 18).

1. Þetta skjal byggir á frumdrögum sem lögð voru fram til samráðs með bréfi, dags. 25. júní 2008, skv. 6. gr. laga laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 þar sem fjarskiptafyrirtækjum, sjónvarpsstöðvum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta var boðið að gera athugasemdir við greiningu á markaði 18 og niðurstöður hennar. Eftirfarandi aðilar gerðu athugasemdir við frumdrögin: Og fjarskipti ehf. (Vodafone) og Samkeppniseftirlitið. Greiningin var uppfærð í samræmi við þær athugasemdir sem teknar voru til greina. Athugasemdirnar hafa verið flokkaðar saman eftir efni, köflum og málsgreinum og þeim svarað í viðauka B með ákvörðun þessari. Leitast var við að greina þær athugasemdir sem skiptu máli og svara þeim. Þann 4. nóvember 2008 sendi PFS Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) uppfærð drög að markaðsgreiningu til samráðs, skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og tilmælum ESA frá árinu 2004 um tilkynningar, fresti og samráð skv. 7. gr. rammatilskipunarinnar. Með bréfi, dags. 4. desember 2008 barst PFS álit ESA á framangreindum drögum. Kemur þar fram að ESA gerir engar athugasemdir við greininguna eða niðurstöður hennar. Hér á eftir er að finna niðurstöður greiningar PFS á viðkomandi mörkuðum.

2. Markaðir eru breytilegir og greining á þeim ekki varanleg. Því verður um reglulega endurskoðun að ræða. Markaði sem breytast stöðugt og verulega þarf að skoða aftur innan skynsamlegra tímamarka. Markaðirnir eru greindir með tilliti til þróunar í nánustu framtíð, að því marki sem mögulegt er. Tímabilið sem miðað er við ætti að endurspeglar sérkenni viðkomandi markaðs og áætlaðan tíma þar til næsta markaðsgreining á honum fer fram². Í flestum tilfellum má miða við tvö til þrjú ár.

1.2 Gildandi fjarskiptalöggjöf

3. Þann 25. júlí 2003 tóku gildi á Íslandi ný lög um fjarskipti. Fjarskiptalögin, sem eru nr. 81/2003, innleiddu fjórar tilskipanir Evrópusambandsins um fjarskipti³ og

² Sjá málsgrein 20 í leiðbeiningum Eftirlitstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um markaðsgreiningu og mat á verulegum markaðsstyrk samkvæmt rammaákvæðum um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu sem um getur í XI. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, EES-viðbætir nr. 21, frá 27.4.2006 (íslensk útgáfa)

³ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að, og samtengingu við, fjarskiptanet og aðstöðu sem þeim tengist (aðgangs- og samtengingartilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um veitingu heimilda fyrir fjarskiptanet og þjónustu (heimildartilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan ramma stjórnsýslu um fjarskiptanet og þjónustu (rammatilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (alþjónustutilskipun).

eina tilskipun um persónuvernd í fjarskiptum⁴. Fjarskiptalöggjöfinni er ætlað að skapa einsleit starfsskilyrði fyrir fjarskiptafyrirtæki í Evrópu, takmarka hindranir og skapa skilyrði fyrir sjálfbæra samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur.

4. Fjarskiptalöginn leggja þær skyldur á PFS að skilgreina ákveðna fjarskiptamarkaði eftir vöru- og þjónustutegundum og landsvæðum í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar skv. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Jafnframt er PFS skylt að greina hina skilgreindu markaði og kanna hvort á þeim ríki virk samkeppni. Ef PFS kemst að þeirri niðurstöðu að það ríki virk samkeppni á viðkomandi markaði, þ.e. að ekkert fyrirtæki sé með umtalsverðan markaðsstyrk, er stofnuninni óheimilt að leggja kvaðir á fyrirtækin. Hafi stofnunin áður lagt kvaðir á fyrirtæki á viðkomandi markaði skal draga þær til baka og ekki leggja á nýjar. Komist PFS hins vegar að þeirri niðurstöðu að á viðkomandi markaði ríki ekki virk samkeppni vegna þess að eitt eða fleiri fyrirtæki eru með umtalsverðan markaðsstyrk, ber stofnuninni að útnefna þau með umtalsverðan markaðsstyrk og leggja á þau viðeigandi kvaðir. PFS ber að leggja a.m.k. eina kvöð á fyrirtæki sem hefur verið útnefnt. Hafi fyrirtækið áður verið útnefnt skv. eldri fjarskiptalögum skal PFS endurskoða þær kvaðir sem lagðar hafa verið á og ákveða hvort þeim verði viðhaldið, breytt eða þær felldar niður.

5. Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út leiðbeiningar og tilmæli um markaðsgreininguna. Annars vegar eru það leiðbeiningar um markaðsgreiningu og mat á umtalsverðum markaðsstyrk⁵ og hins vegar tilmæli um viðkomandi markaði⁶. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gefið út sambærilegar leiðbeiningar⁷ (hér eftir kallaðar “leiðbeiningarnar”) og tilmæli⁸ (hér eftir kölluð “tilmælin”) og mun PFS hafa bæði leiðbeiningar og tilmæli ESA og framkvæmdastjórnarinnar til hliðsjónar við framkvæmd markaðsgreiningar. Jafnframt verður höfð hliðsjón af skýrslu Samtaka evrópskra fjarskiptaeftirlitsstofnana (ERG⁹) um kvaðir sem leggja má á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk til að efla samkeppni¹⁰.

6. Í tilmælum um viðkomandi markaði hafa verið skilgreindir fyrirfram 18 fjarskiptamarkaðir sem PFS, í samræmi við fjarskiptalöginn frá 2003 og skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum, er skylt að greina. Fjarskiptalöggjöfin gerir jafnframt ráð fyrir því að PFS skilgreini þessa markaði í samræmi við þær aðstæður sem eru á

⁴ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónulegra upplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum (persónuverndartilskipun).

⁵ Commission Guidelines on market analysis and the assessment of significant market power under the Community regulatory framework for electronic networks and services, 2002/C 165/3.

⁶ Commission Recommendation and Explanatory Memorandum on Relevant Product or Service Markets within the Electronic Communications sector susceptible to ex ante regulation in accordance with directive 2002/21/EC, 11/02/2003, C(2003)497.

⁷ Sjá 2. neðanmálsgrein

⁸ Tilmæli Eftirlitstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á svíði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvædir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og – þjónustu, í þeirri mynd sem hún var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, EES-viðbætir nr. 21, frá 27.4.2006 (íslensk útgáfa).

⁹ Skammstöfun fyrir “European Regulatory Group of National Regulatory Authorities”.

¹⁰ Revised ERG Common Position on the approach to Appropriate remedies in the ECNS regulatory framework. Final Version May 2006. ERG (06) 33. Hægt er að sjá skjalið á slóðinni: http://erg.eu.int/doc/meeting/erg_06_33_remedies_common_position_june_06.pdf

Íslandi. Í því sambandi getur komið til að markaðsskilgreining PFS verði frábrugðin þeirri sem gert er ráð fyrir í tilmælunum. PFS er jafnframt heimilt að rannsaka alla viðeigandi fjarskiptamarkaði vegna markaðsgreiningarinnar, hvort sem þeir eru taldir upp í tilmælunum eða ekki.

1.3 Framkvæmd markaðsgreiningar hjá PFS

7. Eins og fram kom í kynningarriti PFS um markaðsgreiningu má skipta framkvæmd markaðsgreiningar í þrjá áfanga¹¹:

- 1) Skilgreining viðeigandi þjónustumarkaða og landfræðilegra markaða.
- 2) Greining á skilgreindum mörkuðum, könnun á því hvort samkeppni á þeim sé virk og hvort þar finnist eitt eða fleiri fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk.
- 3) Ákvörðun um hvort leggja skuli á, viðhalda, breyta eða draga til baka kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk.

8. Skjal þetta hefur að geyma niðurstöður PFS varðandi skilgreiningu á viðkomandi markaði og mat á því hvort rétt sé að beita kvöðum skv. fjarskiptalögum á þessum markaði. PFS byggir þessa greiningu að miklu leyti á opinberum upplýsingum um útvarpsþjónustu. PFS hefur einnig beint afmörkuðum fyrispurnum til einstakra markaðsaðila. Enn fremur er stuðst við upplýsingar sem fengnar eru með reglulegri tölfraðisöfnun PFS. Capacent framkvæmdi könnun fyrir PFS sem hafði þann tilgang að kanna með hvaða hætti notendur taka á móti hljóðvarps og sjónvarpsútsendingum. Könnunin var framkvæmd í gegnum síma á tímabilinu 5. til 19. september 2007. Úrtakið var 1350 manns á öllu landinu, 16-75 ára, handahófsvalið úr þjóðskrá og var svarhlutfall 61,9%.

9. Frumdrög að greiningu á viðkomandi markaði voru lögð fram til umsagnar þann 25. júní 2008 og lokafrestur til að koma að athugasemdum var til 3. september 2008. PFS gerir grein fyrir framkomnum athugasemdum í viðauka með greiningu þessari. PFS hefur uppfært greininguna með hliðsjón af framkomnum athugasemdum og nýjustu upplýsingum. Uppfærð greining er nú send ESA til umsagnar. Ef ESA gerir ekki athugasemdir við niðurstöður greiningarinnar verður hún birt hlutaðeigandi fyrirtækjum og öðrum.

1.4 Almennt um markaðsskilgreiningu

10. Skv. 16. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 ásamt síðari breytingum skal PFS skilgreina þjónustu- eða vörumarkaði¹² og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar skv. EES-samningnum. Eins og fram hefur komið er nauðsynlegt fyrir PFS að meta hvort markaðirnir eins þeir hafa verið skilgreindir í tilmælunum falli að íslenskum aðstæðum. Það þarf að skilgreina bæði þjónustu- og landfræðilegan markað áður en hægt er að meta hvort markaðsaðstæður séu þannig að nauðsynlegt sé að leggja á kvaðir.

¹¹ Kynningarrit um markaðsgreiningu sem PFS útbjó og var birt fyrst í október 2003 en var uppfært í águst 2005, sjá www.pfs.is og fjarskipti og markaðsgreining.

¹² Hér eftir verða hugtökin vara og þjónusta notuð jöfnum höndum.

1.4.1 Afmörkun vöru- og þjónustumarkaða

11. Í 4. gr. samkeppnisлага nr. 44/2005 er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngubjónustu. Staðgönguvara og staðgöngubjónusta eru skilgreind sem vara eða þjónusta, sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar, ekki einungis á grundvelli hlutlægra eiginleika vörunnar, fyrirhugaðrar notkunar kaupanda á henni og verðs, heldur einnig með tilliti til samkeppnisskilyrða og/eða skilyrða eftirspurnar og framboðs. Þær vörur sem veita samkeppnislegt aðhald eru því nefndar staðgönguvörur og samanstendur hver markaður af vörum sem hafa innbyrðis staðgengi. Vörur sem geta aðeins að litlum hluta komið í stað hverra annarra eru ekki á sama markaði.

1.4.2 Afmörkun landfræðilegs markaðar

12. Þegar þjónustumarkaður hefur verið skilgreindur tekur við landfræðileg afmörkun hans. Meginreglan er að miðað er við umfang fjarskiptanetsins og þess lögssagnarumdæmis sem viðkomandi lög ná yfir. Landfræðileg afmörkun byggir einnig á mati á staðgöngu vöru eða þjónustu hvort heldur er framboðs- eða eftirspurnarmegin ef lítil en varanleg verðhækkan á sér stað eins og lýst var hér að ofan.

13. Landfræðilegur markaður er það svæði þar sem vörur eða þjónusta eru í boði á nægjanlega einsleitum samkeppnislegum forsendum. Við mat á staðgöngu eftirspurnarmegin er rétt að taka mið af smekk og landfræðilegu innkaupamunstri viðskiptavina. Á grundvelli þessa er haegt að afmarka markaði sem staðbundna, svæðisbundna, landið allt eða milli landa, þ.e. að þeir nái yfir fleiri ríki. PFS hefur þó ekki heimild til þess að afmarka upp á sitt einsdæmi fjölbjóðlega markaði. Ef markaður er talinn ná yfir fleiri en eitt ríki hafa evrópsku eftirlitsstofnanirnar samstarf um skilgreiningu ásamt framkvæmdastjórn ESB og ESA ef við á.

14. Tvennt skiptir miklu máli við landfræðilega afmörkun á markaði; annars vegar umfang og dreifing fjarskiptanets og hins vegar verð. Ef fjarskiptanet dreifist yfir allt landið er það vísbending um að afmörkunin skuli vera landið allt. Ef dreifing netsins er svæðisskipt og engin skörun er á milli svæða er það vísbending um að afmörkunin skuli vera svæðisskipt. Ef verðið er það sama yfir allt landið er það vísbending um að afmörkunin skuli vera landið allt. Sé verðið ólíkt eftir svæðum er það sterk vísbending um að ekki sé fyrir hendi staðganga framboðs- eða eftirspurnarmegin og að um aðskilda landfræðilega markaði sé að ræða.

1.4.3 Skilyrði þess að skilgreina megi aðra markaði

15. PFS getur skilgreint aðra markaði en þá sem eru í tilmælum ESA, t.d. vegna sérstakra aðstæðna hér á landi. Í þeim tilvikum skal hafa samráð við ESA. Þegar skilgreina á aðra markaði þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt svo hægt sé að leggja á þá kvaðir:

- 1) Hindranir eru á því að komast inn á markaðinn.
- 2) Markaðurinn hefur ekki eiginleika til að þar sé virk samkeppni.
- 3) Almennar samkeppnisreglur duga ekki til að afnema hindranir eða efla samkeppni.

16. Framangreind skilyrði eru að mati framkvæmdastjórnar ESB og ESA til staðar á þeim markaði sem hér er til skoðunar.

2.0 Lýsing á útvarpsmarkaðnum

2.1 Skilgreining á útvarpi (hljóðvarp – sjónvarp)

17. Skilgreiningu á hugtakinu útvarp er að finna í útvarpslögum nr. 53/2000. Þar segir í a. lið 1. mgr. 1. gr.:

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er átt við hvers konar útsendingu dagskrárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum, hvort heldur er í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust, hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.

18. Samkvæmt útvarpslögum er útvarpsstöð sá aðili, einstaklingur eða lögaðili, sem leyfi hefur til útvarps, annast og ber ábyrgð á samsetningu útvarpsdagskrár, sendir hana út eða lætur annan aðila annast útsendingu hennar. Útvarpsdagskrá er heildarsamsetning dagskrárlíða í útvarpi.

19. Sú þjónusta sem notast við útvarpsdreifikerfi er ekki einskorðuð við íslenskar útvarpsdagsskrár skv. skilgreiningu útvarpsлага. Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva er einnig flutt um dreifikerfi til endanotenda hér á landi og einnig eru dreifikerfi notuð til sölu á myndefni sem ekki er hluti af dagskrá (t.d. VoD).

2.2 Útvarpsdreifikerfi¹³

2.2.1 Almennt um útvarpsdreifikerfi

20. Mögulegt er að dreifa útvarpsefni eftir mörgum leiðum. Eins og nánar verður komið að síðar eru margar tegundir neta nothæfar til slíkrar dreifingar. Á síðari árum hefur orðið þróun í þá átt að hægt er að nota sömu net fyrir hefðbundna fjarskiptaþjónustu (síma og gagnaflutning) og útvarpsdreifingu. Í fjarskiptalögum 81/2003 eru net sem notuð eru til útvarpsdreifingar í fyrsta sinn skilgreind sem fjarskiptanet, sbr. 12. tl. 3. gr.

21. Þrátt fyrir að ýmsar tegundir neta og ýmis konar tækni sé notuð við útvarpsdreifingu þá má greina ákveðin sameiginleg einkenni í uppbyggingu þeirra. Útvarpsdreifikerfi skiptast í allt að fjóra meginhluta á leiðinni frá seljanda útvarpsefnis til móttökubúnaðar endanotenda. Sum net t.d. staðbundnar hljóðvarpsstöðvar eru þó einfaldari að uppbyggingu og innihalda aðeins 1-2 af þessum hlutum.

22. Framleiðslunet (contribution network) er sá hluti netsins sem flytur útvarpsefni t.d. frá upptöku/framleiðslustað og í mynd- eða hljóðver.

¹³ Í þessari greiningu er orðið „dreifikerfi“ notað um fjarskiptanet sem notað er til útvarpsdreifingar.

23. Mötunarnet (feeder network) er sá hluti nets sem liggur frá útvarpsstöð að fyrsta tengipunkti í sendikerfi eða stofnneti. Þessi hluti kerfisins getur notast við ýmis konar tækni en er oftast ljósleiðari eða þráðlaust samband.

24. Stofnchluti netsins (trunk network) er sá hluti sem flytur útvarpsmerki frá mötunarneti og að aðgangsneti sem tengist endanotendum. Stofnchluti netsins hefur vanalega mikla burðargetu og er yfirleitt ljósleiðarasamband eða þráðlaust samband.

25. Aðgangsnetið (access network) er síðasti hluti netsins á leiðinni til endanotanda. Þessi hluti er einnig kallaður dreifikerfi. Ýmis konar tækni er notuð í þessum nethluta, svo sem jarðbundin þráðlaus net, gervihnattasambond, kapalkerfi, xDSL net o.fl., en nánari grein verður gerð fyrir mögulegum leiðum í kafla 2.2.2.

26. Í gegnum tíðina hafa net fyrir útvarpsdreifingu annars vegar og net fyrir síma og gagnaflutning hins vegar verið aðskilin og þá sér í lagi aðgangsnetin. Í seinni tíð hefur þó orðið samruni á þessu sviði þannig að kapalkerfi sem notuð voru fyrir sjónvarpsdreifingu hafa getað veitt gagnaflutnings- og símaþjónustu og hefðbundin fjarsskiptanet s.s. koparheimtauganet eru farin að geta flutt sjónvarpsútsendingar.

2.2.2 Mögulegar leiðir til dreifingar

27. Í dag eru ýmsar leiðir færar við dreifingu útvarpsefnis til endanotenda og fer þeim sífellt fjölgandi. Lengst af fór stærstur hluti útvarpsútsendinga fram í gegnum þráðlaus sendikerfi á jörðu niðri sem notuðu hefðbundnar hljóðvarpsstíðnir (FM, langbylgja) og sjónvarpstíðnir (UHF, VHF) og sendu út á hliðrænu formi.

28. Eitthvað var um hliðræn kapalkerfi en þau hafa ekki náð mikilli útbreiðslu hér á landi, ef undan er skilið Breiðvarp Símans sem var hliðrænt fyrstu árin sem það var í rekstri.

29. Gervihnattaútsendingar hafa náðst á Íslandi og hefur nokkur fjöldi landsmanna nýtt sér þær til móttöku á útsendingum erlendra sjónvarpsstöðva. Ein sjónvarpsstöð á Íslandi, Omega, hefur sent út trúarlega dagskrá, að einhverju leyti í gegnum gervihnött frá árinu 2002. Árið 2007 hóf svo Ríkisútvarpið að nýta þennan útsendingarmáta.¹⁴

30. Með tilkomu stafrænna útsendinga fjölgaði mjög mögulegum leiðum til að dreifa útvarpsmerkjum og í dag er mögulegt að nota ýmis konar fastlínukerfi og fjölmörg tíðnisvið til útvarpsútsendinga.

31. Eftir sem áður er hægt að skipta útsendingarkerfum í þrjá meginflokk: þráðlaus net á jörðu niðri, gervihnetti og fastlínunet. Það má síðan skipta hverjum flokki í hliðræn kerfi og stafræn. Hliðræn kerfi eru þó á miklu undanhaldi, nema í hljóðvarpsþjónustu.

¹⁴ Samkvæmt samningi RÚV og Fjarskiptasjóðs við Telenor 1.2.2007 eru dagskrár Sjónvarpsins, Rásar 1 og Rásar 2 sendar út stafrænt í gegnum gervihnött. Þjónustan er ætluð sjófarendum og íbúum strjálbýlla svæða.

2.2.2.1 Þráðlaus net á jörðu.

32. Algengast er að notaðar séu tíðnir á UHF (470-862 MHz) eða VHF(174-230 MHz) tíðnisviðunum. Þessi tíðnisvið voru lengi vel þau einu sem notuð voru hér á landi fyrir hliðrænar sjónvarpssendingar. Til móttöku á sendingum á þessum tíðnisviðum þarf loftnetsgreiður. Slíkar greiður hafa verið settar upp á stórum hluta bygginga á Íslandi. UHF tíðnir eru nú einnig notaðar til stafrænna sjónvarpsútsendinga.

33. MMDS tíðnisviðið nær frá 2500-2684 MHz (184 MHz bandbreidd), alls 23 sjónvarpsrásir (8MHz/rás). Þar af hafa 21 verið taldar nothæfar til dreifingar hér á landi. Í Evrópu mun þetta tíðnisvið aðeins vera notað á Íslandi og á Írlandi fyrir sjónvarp. Í öðrum löndum er það notað fyrir aðra þjónustu, einkum fastasambönd. Ákveðið hefur verið á alþjóðavettvangi að tíðnisviðið frá 2500-2690 skuli í framtíðinni verða notað fyrir þriðju kynslóð farsíma.¹⁵ Þetta tíðnisvið hefur verið notað til sjónvarpsútsendinga á Íslandi frá árinu 1993. Í fyrstu var um hliðrænar útsendingar að ræða en frá árinu 2004 hefur það að mestu verið notað til stafrænna útsendinga. Til þess að taka á móti útsendingum á þessu tíðnisviði þarf svokölluð örbylgjuloftnet.

34. Gervihnattatíðnisviðið 10,7-12,5 GHz, hefur einnig verið notað til sjónvarpsdreifingar á jörðu niðri. Tækni sem þróuð hefur verið til stafrænna sjónvarpsútsendinga á jörðu niðri á þessu tíðnisviði byggir að hluta á sömu tækni og gervihnattasendingar og sent er út skv. DVD-S (satellite) staðli. Notkun þessarar tækni er ekki mjög útbreidd. Til móttöku á sendingum slíkra neta er notast við mjög litla gervihnattadiska.

35. Ýmis önnur tíðnisvið er mögulegt að nota til sjónvarpsútsendinga. Til dæmis hefur CEPT (European Committee on Post and Telecommunications) tekið frá mjög stórt tíðnisvið á 40,5-43,5 GHz, um 7-falt stærra en UHF tíðnsviðið, fyrir gagnvirka margmiðlunarþjónustu (MWS), sem felur m.a. í sér sjónvarp.

36. Tíðnisviðin 3,5 GHz og 10 GHz eru ætluð háhraðatengingar. Miðað við þá tækni sem hægt er að nota í slíkum kerfum í dag, t.d. ViMax, er flutningshraði það mikill að hægt er að flytja sjónvarpsefni á slíkum netum. PFS er ekki kunnugt um að sjónvarpsþjónusta sé í boði á slíkum netum á Íslandi enn sem komið er.

37. 3G farsímaþjónusta hófst á Íslandi árið 2007. Í 3G þjónustu er boðið upp á sjónvarp í síma. Enn er þó um takmarkað framboð á efni að ræða en það samanstendur af endurvarpi nokkurra erlendra stöðva og völdu efni úr íslenskum sjónvarpsdagskráum.

2.2.2.2 Fastlínunet

38. Kapalkerfi sem sérstaklega voru ætluð til sjónvarpssendinga voru áður lögð með svokölluðum coax kapli til endanotandans. Sum slíkra kerfa eru blanda af coax og ljósleiðara. Slík kerfi voru lengi vel notuð til hliðrænna útsendinga, en þau hafa mörg hver verið uppfærð til að bera stafrænar sendingar. Hefðbundin kapalkerfi voru

¹⁵ ECC DEC (02)06

ekki mjög útbreidd á Íslandi. Nokkur staðbundin net voru lögð í einstökum bæjarfélögum. Það net sem náði mestri útbreiðslu var Breiðband Símans sem náði til umtalsverðs fjölda notanda á höfuðborgarsvæðinu og nokkrum öðrum stöðum. Það er samsett þannig að ljósleiðari liggar til götuskápa, en coax kapall þaðan og til endanotanda.

39. Háhraðatengingar (ADSL) á koparheimtaugum geta í dag borið sjónvarpssendingar. Slík þjónusta er orðin útbreidd á Íslandi. Öll heimili í landinu eru tengd koparheimtaugum og stórt hlutfall þeirra á kost á sjónvarpsþjónustu um ADSL.

40. Ljósleiðaranet sem ná alla leið til endanotandans eru í uppbyggingu á Íslandi. Slík net eru notuð fyrir alhliða fjarskiptaþjónustu og þ.á.m. sjónvarpsdreifingu.

2.2.2.3 Gervihnettir

41. Gervihnettir hafa verið notaðir til sjónvarpsútsendingar til endanotenda frá því á áttunda áratug síðustu aldar. Á efsta hluta 12 GHz tíðnisviðsins, 12,1-12,5 GHz, hefur Íslandi verið “úthlutað” alls 13 gervihnattarásum frá hnerti staðsettum á 33,5 gráður vestur og með sendigeisla sem er miðaður við legu landsins. Íslenskir aðilar hafa ekki nýtt sér gervihnattasendingar að ráði hingað til. Þó senda tvær íslenskar sjónvarpsstöðvar, RÚV og Omega, út frá gervihnetti og aðrar sjónvarpsstöðvar hafa gert tilraunir með gervihnattasendingar.

2.2.3 Úr hliðrænu í stafrænt¹⁶

2.2.3.1 Almennt

42. Stafrænt sjónvarp er þjónusta sem fellst í því að koma sjónvarpsmerkjum á stafrænu formi til neytenda. Tölvutækni er notuð til þess að umbreyta hljóði og mynd yfir á stafrænt form og þjappa þeim í þeim tilgangi að lágmarka bitafjölda í sjónvarpsmerkinu. Þessi tækni gerir mögulegt að senda fleiri en eina dagskrá á sömu bandbreidd og þarf fyrir eina dagskrá í hliðrænu kerfi. Miðað við núverandi stöðu þessarar tækni er hægt að senda út 4-6 dagskrár á einni hefðbundinni sjónvarpsrás. Stafrænar sjónvarpssendingar eru ekki bundnar við ákveðna flutningsleið, heldur eru fjölmargir möguleikar til þess að flytja slík sjónvarpsmerki ýmist þráðlaust eða eftir þraði. Stafræn sjónvarpsmerki þurfa ekki á afmarkaðri flutningsleið að halda og því er t.d. hægt að flytja þau ásamt síma- og gagnaflutningi á sama netinu. Þegar merkið er komið inn í hús til notanda fer það í gegnum aðgangskassa sem breytir merkinu yfir á form sem sjónvarpstækið getur tekið á móti og stýrir aðgangi notenda að læstum dagskrám. Stafrænt sjónvarp býður upp á meiri gæði en hliðrænt og einnig meiri sveigjanleika og fjölbreytni í þjónustuframboði.

43. Helstu staðlar fyrir stafrænar sendingar eru DVB-C fyrir kapalkerfi, DVB-S fyrir gervitungl og DVB-T fyrir dreifingu í loftinu. Notendabúnaðurinn, sem er mismunandi fyrir staðlana þrjá, gerir notendum kleift að velja úr efni sem í boði er auk þess sem þeir geta horft á samsetta dagskrá sjónvarpsstöðvanna.

¹⁶ Meginheimild í umfjöllun um stafrænt sjónvarp er frumvarp til laga um breytingu á útvapslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.) <http://www.althingi.is/altext/133/s/0058.html>

44. Í fjarskiptaáætlun stjórnvalda fyrir árin 2005-2010¹⁷ kemur fram að stefnt er að því að hliðrænar sjónvarpsútsendingar leggist af eigi síðar en árið 2010.

2.2.3.2 Eináttu og tvíáttu kerfi

45. Stafrænar útsendingar eru ýmist sendar um eináttu eða tvíáttu kerfi. Þráðlaus net sem notuð eru fyrir sjónvarpsdreifingu í dag eru yfirleitt eináttu. Það þýðir að netið getur sent efni til notandans, en notandinn getur ekki sent boð til baka. Þjónustan er því ekki gagnvirk. Notandinn getur ekki t.d. ekki pantað ákveðna þjónustu í gegnum netið.

46. Gagnvirku stafrænu sjónvarpi má skipta í two meginflokkum. Annars vegar er um að ræða stafræna útsendingu með leið til baka¹⁸ og hins vegar stafræna einkarás¹⁹ með leið til baka. Til þess að koma þöntun á efni til skila þarf leið til baka frá notanda til þjónustuaðila. Slíkri leið er auðvelt að koma fyrir í kapalkerfum en vandasamara í dreifikerfum í lofti og um gervitungl. Ef gera á þjónustu í slíkum kerfum gagnvirka þarf að nota aðra leið frá notandanum til þjónustuaðila t.d. í gegnum síma. Stafræn útsending býður upp á mikinn fjölda sjónvarprása þar sem notendur geta valið að horfa á það efni sem þar er í boði. Með því að nýta sér leiðina til baka geta þjónustufyrirtæki stóraukið þjónustu sína með því t.d. að selja aðgang að kvikmyndum og íþróttatburðum sem sýnd eru á ákveðnum tíma og einnig er hægt að bjóða aðgang að margs konar þjónustu annarri en sjónvarpsefnini.

47. Stafræn einkarás er frábrugðin stafrænni útsendingu að því leyti að dreifileiðir eins og ljósleiðari, xDSL og sum stafræn kapalkerfi hafa þá eiginleika að fjöldi rása með fasta dagskrá er tæknilega ótakmarkaður. Sömuleiðis hafa dreifikerfin svo mikla bandbreidd að hver notandi getur innan ákveðinna marka valið myndefni að eigin smekk í stað þess að horfa á fasta dagskrá. Framboð sjónvarpsefnisins sætir í þessum kerfum ekki takmörkunum tíðnisviðsins en það er háð flutningsgetu einkarásarinnar hve mörg sjónvörp geta horft samtímis á efni fengið um dreifileiðina. Í dag er í boði að fá allt að þrjá myndlykla á hvert heimili. Notendur einkarása geta að vild valið sér sjónvarpsefni, svo sem kvikmyndir, sjónvarpsþætti, leiki eða tónlistarmyndbönd, og fengið sent frá miðlara á rauntíma og má því í raun tala um rafræna mynd-, tónlistar- og leikjaleigu sem getur hýst gríðarlegt úrval efnis. Slík rafræn leiga gefur áhorfendum kost á að greiða aðeins fyrir það efni sem þeir vilja horfa á. Sjónvarpsnotendur geta sjálfir valið og stýrt á hvað þeir horfa og hvenær. Sjónvarpsefnið er aðgengilegt notendum í ákveðinn tíma og hafa þeir innan þess tíma fulla stjórn á efninu. Notendur geta spólað fram og til baka, sett í bið eða stöðvað myndefnið.

2.2.3.3 Aðgangskassi fyrir stafrænt sjónvarp og skilyrt aðgangskerfi.

48. Hefðbundin hliðræn sjónvarpsiðtæki geta ekki tekið beint við stafrænum sjónvarpsmerkjum. Því þarf sérstakan aðgangskassa (set top box) sem breytir stafræna merkinu í form sem sjónvarpstækið getur unnið úr. Vél- og hugbúnaður í aðgangskassanum byggist á tölvutækni. Svo framarlega sem aðgangskassinn fær

¹⁷ Sjá: <http://www.samgonguraduneyti.is/media/Skyrsla/Fjarskiptaaetlun.pdf>

¹⁸ T.d. DVB útsending með bakaleið um símkerfi

¹⁹ T.d. IPTV um ADSL eða ljósleiðara

merki með nógu miklum styrk til þess að geta greint á milli gildanna 0 og 1 fæst fullnægjandi mynd en að öðrum kosti fæst engin mynd á skjáinn. Stafrænir aðgangskassar eru frábrugðnir þeim myndlyklum sem notaðir eru í hliðrænni sjónvarpsþjónustu. Myndlyklar höfðu aðeins það hlutverk að opna fyrir þá þjónustu sem áskrifandi hafði greitt fyrir. Í stafrænum aðgangskassa er afkóðun sjónvarpsmerkis til þess að notandinn geti horft á efnið aðeins eitt af mörgum hlutverkum hans. Aðgangskassar eru tæknilega mismunandi eftir því hvaða dreifileið og/eða tíðnisvið notað er til að koma stafræna merkinu til viðskiptavina. Ekki er hægt að nota sama aðgangskassa fyrir allar tegundir dreifikerfa vegna mismunandi tækni sem notuð er. Það þarf mismunandi aðgangskassa fyrir kapalkerfi, gervitungl, útsendingar í loftinu og ADSL.

49. Í upphafi stafræns sjónvarps var lögð mikil áhersla á það hjá stjórnvöldum að notendur gætu samnýtt aðgangskassana fyrir mismunandi sjónvarpsveitir til að þeir neyddust ekki til að kaupa marga kassa. Einn slíkur möguleiki er búnaður samkvæmt MHP-staðlinum (e. Multimedia Home Platform) sem gerir notendum kleift að horfa á mismunandi sjónvarpsdagskrár án þess að afla sérstaks aðgangskassa fyrir hverja stöð. Framkvæmdastjórn ESB hefur beitt sér fyrir notkun þessa staðals, en hefur ekki gert hann að skyldu. Ágreiningur framleiðenda og hár kostnaður MHP-búnaðar hefur komið í veg fyrir að þessi lausn hafi náð almennri fótfestu. Verð MHP-aðgangskassa er um fjórfalt verð ódýrustu aðgangskassa á markaðnum. Í upphafi kostuðu aðgangskassar tugi þúsunda króna í innkaupum en nú kosta þeir aðeins brot af þeirri upphæð. Flestar sjónvarpsveitir, sem selja efni eða dagskrá í áskrift, afhenda aðgangskassa sem hluta af áskriftinni. Nú eru að koma á markaðinn aðgangskassar með hörðum diskum og kassar samþyggðir í leikjatölvur svo að hugmyndir um eina staðlaða aðferð ná vart fram að ganga.

2.2.3.4 Fjölbreyttara þjónustuframboð

50. Miklir möguleikar fyrir nýjar þjónustutegundir opnast með stafrænni tækni. Meðal þess sem þegar er farið að bjóða eða líklegt er að verði í boði er eftirfarandi:

Páttasölusjónvarp (e. Pay-per-View).

Páttasölusjónvarp þýðir að áhorfandi greiðir fyrir það dagskrárefni sem hann vill horfa á. Til dæmis er hægt að bjóða upp á kvíkmyndir, íþróttaviðburði eða sjónvarpsþætti á þessu formi.

Rafræn myndleiga (e. Video-on-Demand).

Rafræna myndleigu er hægt að bjóða á háhraða einkarásum, svo sem í gegnum ljósleiðara eða ADSL.

Endurvarp erlendra stöðva.

Með stafrænni tækni er hægt að bjóða mun fleiri slíkar stöðvar en áður og yfir stafræna einkarás er fjöldatakmörkun tæknilega engin.

Auglýsinga- og sölurásir.

Möguleiki skapast á að kaupa vörur beint í gegnum sjónvarpið eins og hægt er á internetinu í dag.

Útleigurásir.

Þar sem rásum fjölgar og þær verða hlutfallslega ódýrari og aðgengilegri en nú er skapast tækifæri til að leigja sjónvarpsrás í ákveðinn tíma.

Tölvupóstur, valdar internetsíður og ýmis gagnvirk þjónusta

Hægt væri að senda tölvupóst og nota spjallrásir líkt og MSN, skoða internetsíður og nota ýmis konar gangvirka þjónustu s.s. bankaþjónustu, ýmis konar upplýsingaþjónustur, verslun og leiki. Tilraunir í þessa átt hafa þó ekki tekist vel þar sem notendur kjósa að nota fjarstýringu frekar en lyklaborð til að stjórna aðgerðum í sjónvarpinu. Aðlögun internetsíðna hefur heldur ekki gengið sem skyldi þar sem síður á hinu almenna interneti verða sífellt flóknari.

Fjarkennsla og opinber þjónusta.

Með auknum rásafjölda og gagnvirkni verður auðveldlega hægt að bjóða upp á fjarkennslu og ýmsa opinbera þjónustu í gegnum háhraðanet.

Rafrænn dagskrárvísir (e. Electronic Program Guide - EPG).

Rafrænn dagskrárvísir (EPG) er lykilatriði til að notendur geti áttað sig á þjónustuframboði í stafrænu sjónvarpi. Um er að ræða grafískt notendaviðmót þar sem notendur geta fengið upplýsingar um dagskrá allra stöðva.

Háskerpusjónvarp (e. High-Definition Television - HDTV).

Háskerpusjónvarp er hægt að bjóða á stafrænum dreifikerfum. Slíkar dagskrár taka enn sem komið er mikla bandbreidd og eru því aðeins fáar slíkar sendar út eins og stendur. Til þess að hægt sé að ná háskerpuútsendingum þarf sérstök sjónvörp. Tölувart hlutfall heimila er þegar komið með skjái sem eiga möguleika á að taka á móti háskerpusjónvarpi í einhverri mynd og markaðurinn er því tilbúinn til viðtöku þjónustunnar þegar efnisaðilar, sjónvarpsstöðvar og dreifinet geti veitt hana.

Notendabúnaður með hörðum disk (e. Personal Video Recorder - PVR).

Notendabúnaður með hörðum disk (PVR) er stafrænt sjónvarp í auknum mæli sent út á gagnaflutningsstaðli internetsins, IP (Internet Protocol). Útsendingar um ADSL og ljósleiðara eru á IP-staðli. IP staðallinn hefur það umfram DVB að tíðniróf er ekki notað og rásafjöldi því tæknilega ótakmarkaður.

2.2.3.5 IP-sjónvarp og internetsjónvarp.

51. Auk hefðbundins sjónvarpsforms (DVB) er stafrænt sjónvarp í auknum mæli sent út á gagnaflutningsstaðli internetsins, IP (Internet Protocol). Útsendingar um ADSL og ljósleiðara eru á IP-staðli. IP staðallinn hefur það umfram DVB að tíðniróf er ekki notað og rásafjöldi því tæknilega ótakmarkaður.

52. Myndefni eða sjónvarpsdagskrár á IP formi eru í boði á lokuðum kerfum svo sem ADSL og ljósleiðarasjónvarpi, en einnig er farið að nota internetið til dreifingar á slíku efni að einhverju marki. Opnar hljóðvarpsrásir og hlutar af opnum sjónvarpsdagskrám íslenskra útvarpsstöðva eru sendar út á internetinu. Hægt er að kaupa tónlist beint í gegnum internetið og sums staðar erlendis er hægt að kaupa eða leigja kvikmyndir á internetinu.

2.2.3.6 Hljóðvarp í stafrænu umhverfi

53. Hljóðvarp er hægt að senda út á stafrænu formi. Tilraunir eru hafnar hérlandis með stafrænar útsendingar hljóðvarps í loftinu með svokölluðum DAB staðli. Til þess að taka á móti slíkum útsendingum þurfa notendur sérstök stafræn viðtæki. Útbreiðsla slíkra tækja er ekki mikil enn sem komið er enda eru útsendingar á tilraunastigi og flestar útværpsstöðvar senda enn út í lofti á hliðrænu formi. Stafrænt hljóðvarp margra útværpsstöðva er aðgengilegt á stafrænu formi á stafrænum sjónvarpsdreifikerfum og á internetinu.

2.3 Net og markaðsaðilar á Íslandi í dag

2.3.1 Efnisveitur

54. Hægt er að nota samheitið efnisveitur yfir kaupendur þjónustu á heildsölumarkaði útsendingarþjónustu fyrir útværpssendingar til notenda. Slík fyrirtæki eiga það sameiginlegt að þau bjóða mynd- eða hljóðefni sem þau þurfa að koma til endanotenda. Sum þeirra starfrækja sín eigin dreifikerfi í þeim tilgangi, önnur notast við dreifikerfi annarra fyrirtækja og enn önnur nota báðar þessar leiðir. Efnisveitum má í dag skipta í eftirfarandi meginflokkka: Sjónvarpsstöðvar, hljóðvarpsstöðvar, myndleigur og endurvarp erlendra stöðva. Stærstu efnisveiturnar hér á landi eru RÚV, 365 og Skjárinn. Minni sjónvarpsstöðvar eru t.d. N4, ÍNN og Omega. Nokkrar hljóðvarpsstöðvar eru starfræktar af öðrum aðilum og hafa þær flestar takmarkað útsendingarsvæði. Eftirfarandi er umfjöllun um helstu efnisveitir á markaðnum í dag.

2.3.1.1 Ríkisútvarpið

55. Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) starfar í dag á grundvelli laga nr. 61/2007. Ríkisútvarpið er sjálfstætt hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RÚV er rekstur hvers konar útværpsþjónustu í almannapágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps, en í því fellst m.a. að flutt sé vandað og fjölbreytt dagskrárefni sem nái til allra landsmanna, lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi séu virt, lögð sé rækt við þjóðleg gildi, efnisval sé miðað við þarfir sem flestra þjóðfélagshópa, gætt sé óhlutdrægni, stutt sé við ýmiss konar menningarstarfsemi og að halddið sé uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu.

56. RÚV var stofnað árið 1930 og hóf útsendingar 21. desember það ár. Á fyrstu áratugum útværpsins var aðeins sent út á einni útværpsrás og fyrsta árið var aðeins sent út í nokkrar klukkustundir á hverju kvöldi.

57. Þann 30. september árið 1966 hóf RÚV sjónvarpsútsendingar. Fyrst um sinn var einungis sjónvarpað tvívar í viku, á föstudögum og miðvikudögum, en fljótlega var útsendingardögum fjölgað í sex, en ekki var sent út á fimmtudögum. Árið 1983 var farið að senda út alla mánuði ársins en fram að því tíðkaðist að sjónvarpið færi í sumarleyfi í júlímaðuði og lágu útsendingar niðri á meðan. Þann 1. október 1987 hófust síðan sjónvarpsútsendingar sjö daga í viku.

58. Árið 1983 hóf RÚV rekstur á annarri hljóðvarpsdagskrá, Rás 2, og var henni ætlað að höfða til yngri hlustendahóps en Rás 1.

59. RÚV hafði einkarétt á rekstri sjónvarps- og útvarpsþjónustu fram til ársins 1985. RÚV var rekið sem ríkisstofnun allt fram til 1. apríl 2007 þegar rekstrarforminu var breytt í opinbert hlutafélag, sem er alfarið í eigu ríkisins.

60. Þær dagskrár sem RÚV sendir út í dag eru eftirfarandi:

Tafla 2-1: Dagskrár RÚV

Sjónvarp	Hljóðvarp
Sjónvarpið	Rás 1
	Rás 2
	Svæðisútvarp Norðurlands
	Svæðisútvarp Vestfjarða
	Svæðisútvarp Austurlands

61. RÚV rekur eigin dreifikerfi fyrir útvarpsdagskrár sínar, en notar einnig dreifikerfi annarra fyrirtækja. Dagskrár RÚV eru einnig aðgengilegar á internetinu. Sjónvarpsdagskrá RÚV er í boði á öllum dreifikerfum sem þjóna endanotendum hér á landi.

2.3.1.2 365 miðlar

62. 365 miðlar er stærsta fjöldafyrirtæki landsins og rekur sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar og vefmiðilinn visir.is. Fyrirtækið er hluti af samstæðu 365 hf. Í samstæðu 365 hf. eru fyrirtæki á markaði fjöldunar og afþreyingar. Kjarnastarfsemi 365 hf. er rekin af tveimur félögum, fjöldahlutinn af 365 miðlum og afþreyingahlutinn af Senu. Sena er stærsta fyrirtæki landsins í framleiðslu og dreifingu afþreyingarefnis og rekur tónlistarútgáfur og kvíkmyndahús og er umboðsaðili fyrir mörg vörumerki á sviði tónlistar, kvíkmynda og tölvuleikja. Meðal annarra fyrirtækja sem tilheyra samstæðunni eru D3 miðlar ehf., sem rekur m.a. vefinn tonlist.is sem er stærsta innlenda söluleiðin fyrir tónlist á stafrænu formi og SagaFilm, sem er stærsta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði sjónvarpsþáttar-, kvíkmynda-, og auglýsingagerðar. 365 rak einnig dagblaðið Fréttablaðið og dreifingarfyrirtækið Pósthusið, en í október 2008 var gerður samningur um að þessi félög sameinuðust Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins og 365 eignaðist þar með 36,5% í Árvakri. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki hluthafafunda og Samkeppniseftirlitsins.

63. 365 var áður hluti af Dagsbrún sem rak bæði fjöldla og fjarskiptastarfsemi um nokkurt skeið. Dagsbrún var skipt upp í tvö félög árið árið 2006, fjöldafyrirtækið 365 og fjarskipta- og upplýsingatækifélagið Teymi. Félögin mynda sitt hvora samstæðuna ásamt dótturfélögum sínum. Enn eru þó nokkur tengsl milli félaganna gegnum eignarhald. Bæði félögin voru skráð í OMX Nordic Exchange kauphöllinni þar til nú nýlega. 365 var afskráð úr kauphöllinni 8. ágúst 2008 og Teymi 3. október 2008.

64. Helstu miðlar 365 eru Stöð 2, stærsta einkarekna áskriftarsjónvarpsstöð landsins og útvarpsstöðin Bylgjan. Meðal annarra fjölmíðla í eigu 365 miðla eru Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2, áskriftarsjónvarpsstöðvar helgaðar íþróttum, sjónvarpsstöðin Stöð 2 Extra og Stöð 2 Bíó sem fylgja með áskrift að Stöð 2 og útvarpsstöðvarnar FM 95,7, Létt-Bylgjan og X-ið 97,7. Í töflu 2-2 má sjá yfirlit yfir dagskrárefni 365.

Tafla 2-2: Dagskrár 365

Sjónvarp	Hjóðvarp
Stöð 2	Bylgjan
Stöð 2 Sport	Léttbylgjan
Stöð 2 Sport 2	Gullbylgjan
Stöð 2 Extra	Nýbylgjan (vefútvarp eingöngu)
Stöð 2 Bíó	FM 95,7
Stöð 2 Fjölvarp (endurvarp erlendra stöðva)	Xið 97,7
	BBC WC endurvarp

65. Dagskrár 365 eru sendar út á dreifikerfum Og Fjarskipta ehf. (Vodafone). Auk þess er eru innlendar dagskrár sendar út á dreifikerfum Símans. Hljóðvarpsstöðvar 365 eru aðgengilegar á internetinu og einnig hluti af sjónvarpsdagskrá Stöðvar 2.

2.3.1.3 Skjárinna

66. Skjárinna ehf. eða Íslenska sjónvarpsfélagið hóf rekstur sinn með sjónvarpsstöðinni Skjár 1 fyrir um áratug síðan og hefur frá upphafi sent út í opinni dagskrá. Síminn keypti meirihluta í félaginu árið 2004 og var þá sjónvarpsþjónusta Símans, sem var endurvarp erlendra stöðva, sameinuð Skjánum. Skjárinna hefur síðan bætt við myndleigu í gegnum ADSL (VoD). Skjárinna og Síminn tilheyra enn sömu fyrirtækjasamstæðu en samskiptum þeirra eru sett ákveðin skilyrði skv. ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 10/2005 sem nánar er fjallað um í kafla 5.7.2. Sjónvarpsþjónusta Skjásins samanstendur í dag af eftirfarandi þáttum:

Tafla 2-3: Sjónvarpsefni Skjásins

Sjónvarp
Skjár 1 (innlend dagskrá)
SkjárHeimur (endurvarp erlendra stöðva)
SkjárBíó (Myndleiga -VoD)

2.3.1.4 Skráðar útvarpsstöðvar á Íslandi

67. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. útvarpssлага nr. 53/2000 þarf leyfi útvarpsréttarnefndar til útvarps, sem á uppruna sinn hér á landi, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvapnið.

68. Útvarpsréttarnefnd birtir á heimasíðu sinni²⁰ lista yfir öll langtímaleyfi til hljóðvarps og sjónvarps. Eftirfarandi eru upplýsingar úr þeim lista flokkað eftir þjónustategund og útsendingarsvæði. Ekki er víst að allar þær útvarpsstöðvar sem hafa gild leyfi séu í raun að senda út um þessar mundir. Sumar stöðvar hafa breytt kallmerki sínu síðan leyfin voru gefin út.

Tafla 2-4: Langtímaleyfi fyrir hljóðvarp

Leyfishafi	Kallmerki	Gildir frá	Gildir til	Dreifing	Svæði
365 ljósvakamiðlar ehf.	Létt 96,7	24.02.2005	24.02.2010	þráðlaus	Landið allt
365 ljósvakamiðlar ehf.	FM 95,7	24.02.2005	24.02.2010	þráðlaus	Landið allt
365 ljósvakamiðlar ehf.	Gull Bylgjan	01.09.2003	01.09.2008	þráðlaus	Landið allt
365 ljósvakamiðlar ehf.	Sirkus	01.01.2006	01.01.2013	þráðlaus	Landið allt
365 ljósvakamiðlar ehf.	Bylgjan	01.01.2005	31.12.2009	þráðlaus	Landið allt
Guðmundur Jónsson	KFM	04.11.2004	04.11.2009	þráðlaus	Landið allt
Lindin fjölmíðlun	Lindin	09.02.2006	09.02.2009	þráðlaus	Landið allt
XA-Radió áhugamannafélag	XA-Radió	10.06.2004	10.06.2009	þráðlaus	Reykjavík og nágrenni og Akureyri og nágrenni
Útvarp Saga	Útvarp Saga	21.10.2004	21.10.2009	þráðlaus	Reykjavík og nágrenni, suðurland, vesturland og Eyjafjarðarsvæði.
Íslenska útvarpsfélagið ehf.	KissFM 89,5	18.10.2006	17.10.2011	þráðlaus	Stór-Reykjavíkursvæðið
Íslenska útvarpsfélagið ehf.	XFM 91,9	18.10.2006	17.10.2011	þráðlaus	Stór-Reykjavíkursvæðið
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	Útvarp Hafnarfjörður (í Flensburg)	13.09.2006	12.09.2011	þráðlaus	Faxaflóasvæðið
Hallbjörn Hjartarson	Kántrýbær	24.06.2006	23.06.2011	þráðlaus	Húnvatnssýslur og Strandasýsla

Heimild: Útvarpsréttarnefnd

Tafla 2-5: Langtímaleyfi fyrir sjónvarp

Leyfishafi	Kallmerki	Gildir frá	Gildir til	Dreifing	Svæði
365 ljósvakamiðlar ehf.	Sýn	27.07.2003	27.07.2010	þráðlaus	Landið allt
365 ljósvakamiðlar ehf.	Stöð 2	25.08.2002	25.08.2009	þráðlaus	Landið allt
Fasteignasjónvarpið ehf.	Fasteignasjónvarpið	25.10.2005	25.10.2008	þráðlaus	Landið allt
I-info ehf.	TIC Tourist Information Ch.	01.04.2006	01.04.2009	þráðlaus	Landið allt
Kristniboðskirkjan Omega	Omega	27.01.2002	27.01.2009	þráðlaus	Landið allt
Skjáinn	Skjár einn	01.01.2004	01.01.2011	þráðlaus	Landið allt
365 ljósvakamiðlar ehf.	Digital Ísland	19.04.2005	19.04.2012	þráðlaus	Stór-Reykjavíkursvæðið
365 ljósvakamiðlar ehf.	Barnarásin	19.04.2005	19.04.2012	þráðlaus	Stór-Reykjavíkursvæðið
365 ljósvakamiðlar ehf.	Popp-tíví digital	19.04.2005	19.04.2012	þráðlaus	Stór-Reykjavíkursvæðið
365 ljósvakamiðlar ehf.	Popp-tíví	19.04.2005	19.04.2012	þráðlaus	Stór-Reykjavíkursvæðið
365 ljósvakamiðlar ehf.	Stöð 2 bíó	01.01.2006	01.01.2013	þráðlaus	Stór-Reykjavíkursvæðið
365 ljósvakamiðlar ehf.	Sýn 2	09.10.2003	09.10.2010	þráðlaus	Stór-Reykjavíkursvæðið
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	Sjónvarp Hafnarfjörður	13.09.2006	12.09.2011	þráðlaus	Faxaflóasvæðið
Samver hf.	Aksjón	20.08.2005	20.08.2008	þráðlaus	Eyjafjarðarsvæðið

Heimild: Útvarpsréttarnefnd

²⁰ www.utvarpsrettarnefnd.is

69. Fyrirtækið Capacent Gallup birtir vikulega tölur um hlustun og áhorf á íslenskar útvarpsstöðvar.²¹ Tafla 2-6 sýnir hlutdeild hljóðvarpsstöðva af heildarhlustun notenda á aldrinum 12-80 ára í viku 20 árið 2008 samkvæmt mælingu Capacent Gallup.

Tafla 2-6: Hlustun í viku 20, 2008

Stöð	Hlutdeild
Rás 2	36,4%
Bylgjan	29,5%
Rás 1	19,4%
FM 95,7	8,6%
X-ið	2,4%
Léttbylgjan	1,9%
Gullbylgjan	1,6%
Rondo	0,1%

70. Tafla 2-7 sýnir hlutdeild sjónvarpsstöðva af heildaráhorfi notenda á aldrinum 12-80 ára í viku 20 árið 2008 samkvæmt áhorfsmælingu Capacent Gallup.

Tafla 2-7: Áhorf í viku 20, 2008

Stöð	Hlutdeild
Sjónvarpið	39,4%
Stöð 2	30,5%
Skjár 1	14,0%
Stöð 2 Bíó	4,0%
Stöð 2 +	3,7%
Stöð 2 Sport	2,4%
Skár 1 +	2,4%
Stöð 2 Extra	1,6%
Sjónvarpið +	1,4%
Stöð 2 Sport 2	0,2%
Stöð 2 Sport +	0,2%
Stöð 2 Extra +	0,1%

²¹ www.capacent.is

2.3.2 Útvarpsdreifikerfi á Íslandi í dag.

2.3.2.1 Dreifikerfi RÚV²²

71. RÚV rekur eigið dreifikerfi um land allt fyrir eina sjónvarpsstöð, tvær FM-hljóðvarpsrásir og eina hljóðvarpsrás á langbylgju.

72. Dreifikerfi Sjónvarpsins samanstendur af um 180 sjónvarpssendum um land allt, sem ná til um 99,9% landsmanna. Um er að ræða UHF og VHF senda sem senda út á hliðenu formi. Útsent sjónvarpsmerki RÚV er hliðrænt samkvæmt PAL-B/G staðli. Stereo útsendingar á hljóði eru samkvæmt Nicam-728 staðlinum. Örbylgjulinkar eru notaðir til að flytja merkið til aðalsenda. Endurvarpssendar taka við merki frá aðalsendi og senda það áfram yfir tilgreint notendasvæði. Einnig er ljósleiðari Mílu notaður til að flytja merkið til endurvarpssendanna á nokkrum stöðum á landinu. Varaleiðir eru víða fyrir hendi á milli senda sem notaðar eru í bilanatífellum. Merkjaflutningur um ljósleiðara fer fram með MPEG-2 þjöppunartækni og fer í tvær gagnstæðar áttir á landshring ljósleiðarans, með sjálfvirkri skiptingu á milli flutningsleiða, fari hann í sundur. Rekstur dreifikerfisins hefur frá upphafi verið í samstarfi við Símann og nú Mílu.

73. RÚV á einn sjónvarpssendi í þeirri röð sjónvarpssenda sem senda út Fjölvarpið o.fl. frá aðalútsendingarstað örbylgjusendinga í Öskjuhlíð og næst víða um höfuðborgarsvæðið og nágrenni. Þetta var hugsað á sínum tíma til að auðvelda notendum örbylgjusendinga að ná Ríkisútvarpinu.

74. Dreifikerfi RÚV er allt á hliðrænu formi. Þar af leiðandi hefur það aðeins getu til að flytja sínar eigin dagskrár. RÚV getur því ekki veitt öðrum útvarpsstöðvum heildsöluaðgang að dreifikerfi sínu. RÚV fékk úthlutað heimild fyrir þremur UHF rásum fyrir stafrænar sjónvarpsútsendingar árið 2005. Það hefur hins vegar ekki orðið af uppbyggingu þess dreifikerfis enn sem komið er.

75. Pann 1. apríl 2007 hóf RÚV útsendingar á *Sjónvarpinu*, *Rás-1* og *Rás-2* um gervihnött. Samkvæmt fjarskiptaáætlun ríkisstjórnarinnar 2005-2010 er ákveðið að dreifa þessum dagskrám um gervihnött til að ná með stafrænt sjónvarp og hljóðvarp til sjófarenda og íbúa strjálbýlli svæða sem ekki hafa notið fullnægjandi þjónustu. Samið hefur verið við norska gervihnnattafyrirtækið Telenor um að annast dreifinguna um gervihnnöttinn Thor-2 sem er staðsettur yfir miðbaug á 0,8° í vestur. Þar sem dreifing Thor-2 gervihnnattarins nær um alla norður og mið Evrópu, skapast hér tækifæri fyrir íslendinga erlendis að fylgjast með RÚV. Til að ná sendingunum þarf gervihnnattadisk og ákveðna gerð myndlykils.

2.3.2.2 Vodafone/Digital Ísland

76. Og Fjarskipti ehf. (Vodafone) er alhliða fjarskiptafyrirtæki sem rekur m.a. talsíma-, farsíma- og ADSL þjónustu. Fyrirtækið tók yfir öll dreifikerfi 365 miðla árið 2006 og rekur því bæði sjónvarps- og hljóðvarpsdreifikerfi í dag. Stærstur hluti útvarpsdreifingar Vodafone eru dagskrár 365. Vodafone rekur einnig áskriftarsölu og afhendingu á myndlyklum í verslunum fyrirtækisins.

²² Heimildir: www.ruv.is og www.fjarskiptahandbokin.is

77. Vodafone rekur hliðrænt UHF/VHF net sem sendir m.a. út dagskrár 365, RÚV og Skjás 1 og nær það til um 98% þjóðarinnar.

78. Vodafone rekur stafrænt sjónvarpsdreifikerfi sem nefnt er Digital Ísland. Á suðvestur horni landsins er sent út stafrænt á MMDS tíðnisviðinu. Þetta kerfi var gert stafrænt árið 2005. Vodafone hefur tímabundna heimild til að nota þetta tíðnisvið, en það er ætlað sem viðbótartíðnisvið fyrir 3G farsímaþjónustu ef á þarf að halda. Vodafone ræður yfir 17 MMDS rásum og getur kerfið flutt marga tugi dagskráa.

79. Digital Ísland er einnig á UHF tíðnisviðinu. Heimild til að nota tvær UHF rásir var upphaflega veitt 365 árið 2005 og gildir hún í 12 ár. Uppbyggingu stafræna UHF kerfisins lauk árið 2007 og nær það nú til 98% landsmanna, en mismunandi er eftir svæðum hvort eitt eða tvö streymi (fléttur) eru í boði. Kerfið flytur 8 dagskrár á hvoru streymi.

80. Vodafone býður einnig upp á aðgang að sjónvarpi og hljóðvarpi á ljósleiðaraneti Gagnaveitu Reykjavíkur. Myndleiga hefur verið í rekstri innan gagnvirkrar sjónvarpsþjónustu Vodafone á ljósleiðaraneti Gagnaveitu Reykjavíkur, en sá rekstur er enn smár í sniðum.

81. Vodafone á og rekur FM-hljóðvarpsdreifikerfið fyrir 365-Miðla um allt land, sem er að kerfisuppbryggingu svipað sjónvarpsdreifikerfinu. Flutningur á hljóðvarpsmerkjum er leigður um ljósleiðarakerfi Mílu hf., frá hljóðveri 365 í Reykjavík og til FM-senda víðsvegar um landið. Allir FM-sendarnir eru í eigu Vodafone.

82. Vodafone hefur rekið ADSL þjónustu um nokkurra ára skeið. Fyrirtækið hefur enn sem komið er ekki boðið sjónvarp yfir ADSL tengingar.

Mynd 2-1: Sýnir uppbryggingu sjónvarpskerfis Vodafone²³



²³ <http://www.vodafone.is/sjonvarp/digital>

2.3.2.3 Síminn og Skjárinna

83. Síminn hefur um áratuga skeið verið í samstarfi við RÚV um rekstur og viðhald dreifikerfa RÚV. Síminn átti mörg af þeim möstrum sem sjónvarpssendar eru í og flutningsleiðir milli sendistaða s.s. ljósleiðara. Eftir skiptingu Símans er það Míla ehf. sem á og leigir öðrum aðstöðu í möstrum og aðgang að ljósleiðara.

84. Síminn hóf að bjóða upp á sjónvarpsdreifingu um kapalkerfi 1998. Fyrirtækið hóf sjónvarpssendingar yfir ADSL í nóvember 2004.

85. Árið 2003 var farið að bjóða stafrænt sjónvarp á kapalkerfi Símans. Um er að ræða net sem samanstendur af ljósleiðara inn í hverfi og coax kapli inn í hús. Þetta net gengur undir nafninu Breiðband Símans. Á því hefur verið boðið upp á tugi rása í stafrænu sjónvarpi. Breiðbandsnetið nær til yfir 35.000 heimila.

86. Síðan 2005 hefur Síminn lagt áherslu á sjónvarp um ADSL. Öll heimili í landinu eru tengd koparheimtaugum og að líkendum er hægt að veita um 95% landsmanna ADSL þjónustu um koparheimtaugar. Sjónvarpsdreifinet Símans um ADSL nær til mikils meirihluta þessa hóps eða um 90%. Dreifikerfið er því umfangsmikið og fyrirtækið hefur náð umtalsverðum fjölda notenda í þessa þjónustu. Í gegnum þetta kerfi er hægt að fá aðgang að flestum íslenskum sjónvarpsdagskráum og endurvarpi tuga erlendra stöðva. Sjónvarpskerfið er gagnvirk og býður það m.a. upp á aðgang að myndleigunni Skjábíó, völdum internetsíðum o.fl.

2.3.2.4 Gagnaveita Reykjavíkur

87. Gagnaveita Reykjavíkur ehf. er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur og sér um rekstur ljósleiðaranets. Gagnaveitan var stofnuð sem svið innan Orkuveitu Reykjavíkur 1. janúar 2005 en var breytt í hlutafélag 1. janúar 2007. Viðskiptavinir Gagnaveitunnar eru bæði fyrirtæki og heimili á veitusvæðum Orkuveitunnar. Gagnaveitan býður bæði upp á leigulínur og aðgangsnet.

88. Gagnaveitan gerði samning við Reykjavíkurborg árið 2005 um ljósleiðarvæðingu heimila í Reykjavík. Samningurinn kveður á um að öll heimili í Reykjavík hafi fengið tengingu við ljósleiðarakerfi í eigu OR/Gagnaveitunnar á árinu 2011. Ráðgert var að á bilinu 7-10 þúsund heimili yrðu tengd kerfinu á ári þar til þeim áfanga er náð. Alls eru heimilin í borginni um 45 þúsund talsins. Í árslok 2007 höfðu um 5000 heimili verið tengd ljósleiðara Gagnaveitunnar.

89. Ekki er stefnt að því að Gagnaveitan reki þjónustu um ljósleiðaranetið heldur bjóði upp á opíð net sem aðrir aðilar geta keypt aðgang að. Hægt er að flytja sjónvarpsefni til endanotenda um ljósleiðaranetið og í dag er hægt að fá aðgang að sjónvarpsdreifingarkerfi Vodafone á þessu neti.

2.3.2.5 Íslandsmiðill

90. Fyrirtækið Íslandsmiðill byggði þráðlaust net til stafrænna sjónvarpsútsendinga. Netið byggir á gervihnattatækni sem notuð er í sendum á jörðu niðri. Sent er út á 12 GHz tíðnisviði skv. gervihnattastaðlinum DVB-S og notaðir eru litlir diskar til að taka við útsendingum. Útsendingar frá netinu nást á suðvestur


horninu og í Eyjafirði. Svo virðist sem þetta fyrirtæki hafi hætt starfsemi þar sem engar upplýsingar finnast lengur um það á internetinu eða í símaskrá.

2.3.2.6 Önnur dreifikerfi

91. Önnur dreifikerfi á landinu sem eru staðbundin FM og UHF/VHF net eru hliðræn og bera aðeins eigin dagskrár.

92. Hér að neðan er kort sem sýnir tíðnir/rásir og staðsetningar allra FM hljóðvarpssenda. Á kortinu kemur fram að flestir sendar eru á suðvesturlandi í kringum höfuðborgarsvæðið. Einnig er nokkuð af FM sendum á Norðurlandi kringum Akureyri.

Mynd 2-2: Kort sem sýnir staðsetningu allra FM hljóðvarpssenda



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun


93. Flestar hljóðvarpsstöðvar eru á höfuðborgarsvæðinu. Eftirfarandi er listi yfir hljóðvarpssenda á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni.

Leyfishafi	Dagskrá	Staðsetning sendis	Tíðni (MHz)
RÚV	Rondó	Vatnsendi	87.7
XA-Radió áhugamf.	XA Radíó	Vatnsendi	88.5
Hans K. Kristjánsson	Radio France	Borgarspítali	89.0 (erl endurvarp)
RÚV	Rás 2	Vatnsendi	90.1
Og fjarskipti ehf.	Talstöðin	Víðines	90.9
Og fjarskipti ehf.	Bylgjan	Víðines	91.4
RÚV	Rás 1	Skálafell	92.4
RÚV	Rás 1	Girðisholt	92.9
RÚV	Rás 1	Vatnsendi	93.5
Og fjarskipti ehf.	BBC	Víðines	94.3 (erl. endurvarp)
Akraneskaupstaður	Útvarp Akranes	Akranes	95.0

Levfishafi	Dagskrá	Staðsetning sendis	Tíðni (MHz)
Og fjarskipti ehf.	FM 957	Vatnsendi	95.7
Og fjarskipti ehf.	Létt 967	Víðines	96.7
Flensborg	Útv. Hafnarfj.	Vatnsendi	97.2
Og fjarskipti ehf.	X-ið	Vatnsendi	97.7
Hans K. Kristjánsson	(Fundir bstj. ofl.)	Borgarspítali	98.3
Og fjarskipti ehf.	Bylgjan	Vatnsendi	98.9
Útvarp Saga ehf	Saga	Hús verslunarinnar	99.4
RÚV	Rás 2	Skálafell	99.9
Reykjavík FM ehf	Reykjavík FM	Geitháls	101.5
Og fjarskipti ehf.	Barnarásin	Vatnsendi	102.2
Kristileg fjölmíðlun	Lindin	Vatnsendi	102.9
Kristján Friðbergsson	3ABN	Rjúpnahæð	103.7 (erl. endurvarp)
FL Media ehf	Flass 104.5	Geitháls	104.5
Boðunarkirkjan	Útvarp Boðun	Vatnsendi	105.5

94. Hér að neðan er kort sem sýnir tíðnir/rásir og staðsetningar allra sjónvarpssenda á UHF og VHF.

Mynd 2-3: Kort sem sýnir staðsetningu allra UHF/VHF sjónvarpssenda



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun

95. Ekkert íslenskt fyrirtæki býður upp á útvarpsdreifingu í heildsölu í gegnum gervihnött. Mögulegt er fyrir íslenskar útvarpstöðvar að semja við erlend gervihnnattafyrirtæki um dreifingu hér á landi. Sú leið er þó lítið notuð þar sem hún er kostnaðarsöm bæði fyrir útvarpstöðina og endanotandann. Tvær útvarpstöðvar, RÚV og Omega láta dreifa dagskrám sínum í gegnum gervihnetti. Stöðvarnar senda báðar um Thor II gervihnöttinn og Omega einnig um Eurobird.

2.3.3 Útbreiðsla og notkun sjónvarpsdreifikerfa

96. PFS hefur aflað upplýsinga um útbreiðslu sjónvarpsdreifikerfa hér á landi. Einnig hefur verið leitað eftir upplýsingum um fjölda notenda í hverju dreifikerfi, en öflun upplýsinga um notendafjölda er nokkrum erfiðleikum háð m.a. vegna þess að hluti þeirra horfir aðeins á opnar dagskrár og þarf því ekki að skrá sig í áskrift. PFS telur sig þó geta áætlað í stórum dráttum hlutfall notenda í hverju dreifikerfi fyrir sig. Gervihnattadreifing er ekki talin með í meðfylgjandi töflu. Einhver fjöldi notenda horfir á erlendar sjónvarpsstöðvar sem sendar eru út um gervihnött, en ómögulegt er að afla upplýsinga um fjölda þeirra. Slík notkun er nánast í öllum tilvikum aðeins viðbót við aðra sjónvarpsþjónustu sem viðkomandi heimili taka á móti frá innlendum dreifikerfum. Lítið brot landsmanna notar gervihnattadreifingu á stafrænni útsendingu RÚV og má áætla að það sé innan við 1%.

Tafla 2-8: Útbreiðsla og notkun dreifikerfa^()*

Sjónvarpsdreifikerfi	Mögulegar tengingar	Virkir notendur
Hliðrænt kerfi RÚV	99,9%	20-30%
Hliðrænt kerfi Vodafone	98%	20-30%
Stafrænt kerfi Vodafone	98,6%	35-45%
Síminn (breiðband/ADSL)	90%	30-40%
Ljósleiðaranet	5%	0-5%
Íslandsmiðill (KU band)	65%	0%

^(*)Tölurnar eru áætlaðar út frá upplýsingum sem PFS aflaði árið 2007 um fjölda mögulegra tenginga og um fjölda stafrænna myndlykla. Til einföldunar er gengið út frá því að hvert heimili noti aðeins eina leið til móttöku á sjónvarpi nema um hliðræna móttöku sé að ræða.

2.4 Tæknipróun

97. Eins og komið hefur fram fjölgar stöðugt leiðum til dreifingar á stafrænu hjóð- og sjónvarpi. Fyrir nokkrum árum voru allar útsendingar hliðrænar og aðeins um að ræða tiltekin tíðnisvið sem var hægt að nota.

98. Í dag eru a.m.k þrjár dreifingarleiðir sjónvarps mikið notaðar af endanotendum þ.e. hliðræn UHF/VHF-net, stafræn þráðlaus UHF/VHF/MMDS-net, og ADSL sjónvarp. Ljósleiðaratengingar eru enn tiltölulega fáar en þeim fjölgar nokkuð á hverju ári. Breiðband Símans er enn í notkun.

99. Nýjar tegundir neta svo sem þriðju kynslóðar farsímanet og þráðlaus aðgangsnet t.d. WiMax geta boríð sjónvarpsútsendingar. Notkun þeirra til sjónvarpsútsendinga er þó ekki mikil enn sem komið er.

100. Það virðist þó stefna í þá átt að flest fjarskiptanet geti boríð a.m.k. þrenns konar þjónustu, þ.e. síma, internet og sjónvarp. Það gæti í framtíðinni leitt til þess að efnisveitur og endanotendur hafi úr allmörgum möguleikum að velja varðandi dreifingu og móttöku á sjónvarpsefni.

2.5 Aðgangur að markaðnum

101. Ekki þarf sérstakt leyfi yfirvalda til þess að reka fastlínunet sem dreift getur sjónvarpi. Nægilegt er að tilkynna slíkan rekstur til PFS.

102. Til þess að reka þráðlaust net þarf tíðniheimild frá PFS nema að notuð séu opin tíðnisvið. Þau tíðnisvið sem helst eru nothæf til hljóðvarps- og útvarpsdreifingar eru ekki opin og þarf því að sækja um heimild fyrir notkun þeirra.

103. Þegar sjónvarpsdreifing var eingöngu á hliðrænu formi var orðinn skortur á sjónvarpsrásum á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins var hægt að senda eina dagskrá á hverri rás og aðeins var hægt að nota aðra hverja rás vegna truflanahættu.

104. Með tilkomu stafræns sjónvarps er ekki lengur skortur á tíðnum miðað við núverandi aðstæður og ekki fyrirsjáanlegt að svo verði í nánustu framtíð. Hægt er að nota rásir inn á milli rása sem eru í hliðrænni notkun og fleiri dagskrár komast nú á hverja rás svo að nýting þeirra verður betri. Hliðrænar útsendingar leggjast væntanlega af árið 2010 eða þar um bil og losna þá enn fleiri rásir.

105. UHF tíðnisviðið er á bilinu 470-862 MHz (392 MHz bandbreidd), alls 49 sjónvarpsrásir (8 MHz/rás). Þetta er hefðbundið tíðnisvið fyrir sjónvarp og er fullnýtt á höfuðborgarsvæðinu fyrir hliðræna dreifingu. Í hliðrænni dreifingu er aðeins önnur hver rás notuð vegna truflanahættu. Hins vegar er talið mögulegt að senda út stafrænt á ónotuðum rásum á milli þeirra sem notaðar eru í hliðrænar sendingar. Það eru u.p.b. 15 rásir sem mætti nota með þessum hætti í dag og þar af hefur 5 verið ráðstafað til RÚV og Vodafone.

106. VHF tíðnisviðið fyrir sjónvarp er á bilinu 174-230 MHz (rásir 5 - 12). Það er ekki eins auðvelt að nýta það svið til stafrænna útsendinga samhliða hliðrænum eins og á UHF sviðinu vegna núverandi skipulags við notkun þess tíðnisviðs. Auk þess skiptir máli að hver rás á VHF er aðeins 7 MHz, en á UHF er bandbreiddin 8 MHz á rás. Það má þó gera ráð fyrir að rásir á þessu tíðnisviði losni á næstu árum þegar hliðrænt sjónvarp leggst af.

107. Þess ber að gæta varðandi UHF/VHF tíðnisviðin að samkvæmt b. lið 4. mgr. 6. gr. útvarpslagu nr. 53/2000 er óheimilt að senda endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva öðru vísi en um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju. UHF tíðnisviðið fyrir sjónvarp telst ekki til örbylgju²⁴, enda var ákvæði þetta sett til þess að tryggja að hefðbundnum sjónvarpsrásum á UHF og VHF sviðinu væri ekki ráðstafað í endurvarp erlendra dagskráa á kostnað íslenskra. Ætla verður að fyrirtæki sem býður stafræna sjónvarpsþjónustu sem hefur mögleika á tugum stöðva verði að treysta á erlendar dagskrár í einhverju mæli og getur UHF því ekki verið heildarlausn fyrir slíkan aðila að óbreyttum lögum. Í frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum, sem lagt var fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007 var lagt til að þetta ákvæði yrði afnumið, en frumvarpið sem fjallaði um mörg önnur atriði en þetta náði ekki fram að ganga.

²⁴ Örbylgja eru tíðnir fyrir ofan 890MHz. Sjá t.d. Fink & Carroll, Standard handbook for electrical engineers, 10th edition, McGraw-Hill, 1968, Sec 15-101a.

108. Staðan á 12 GHz tíðnisviðinu er þannig í dag að 300 MHz af 1800 er ráðstafað. Eftir standa 1500 MHz sem boríð gætu 750-1100 sjónvarpsdagskrár.

109. Enginn hefur sótt um heimild til þess að nota tíðnisvið fyrir margmiðlun (MWS)²⁵ (40 GHz) til sjónvarpsdreifingar á Íslandi. Á þessu tíðnisviði er pláss fyrir 1500 til 2200 sjónvarpsdagskrár.

110. MMDS tíðnisviðið nær frá 2500-2684 MHz (184 MHz bandbreidd), alls 23 sjónvarpsrásir (8MHz/rás). Þar af hafa 21 verið taldar nothæfar til dreifingar hér á landi. Ákveðið hefur verið á alþjóðavettvangi að tíðnisviðið frá 2500-2690 skuli í framtíðinni verða notað fyrir þriðju kynslóð farsíma.²⁶ Vodafone hefur haft 16 rásir (128 MHz) til umráða, RÚV, Omega og Skjárinna eina hvert. Tveimur rásum er óráðstafað í dag.

111. Ekki er skortur á tíðnum fyrir hljóðvarp. Á höfuðborgarsvæðinu er þéttleiki töluberður, en ekki svo að tíðnir skorti. Annars staðar á landinu er mun meira af lausum rásum.

112. Eitt fastlínunet er til staðar sem tengist öllum heimilum á landinu, það er koparlínunet Mílu og ljósleiðaraaðgangsnet Gagnaveitu Reykjavíkur er í uppbyggingu. Það er ekki sennilegt að fleiri fyrirtæki ráðist í umfangsmikla uppbyggingu fastlínunets ef litið er til smæðar markaðarins. Hins vegar geta önnur fjarskiptafyrirtæki fengið aðgang að þessum netum sem fyrir eru. Kvaðir eru á Mílu um að bjóða aðgang að heimtaug og það er yfirlýst stefna Gagnaveitunnar að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að ljósleiðaraneti sínu. Önnur fyrirtæki hafa komið sér upp búnaði til þess að veita internetþjónustu á þessum netum, en enn sem komið er hefur ekkert fyrirtæki nema Síminn komið sér upp eigin búnaði til þess að dreifa sjónvarpi á koparheimtaugum.

2.6 Kostnaður notenda

113. Mismunandi er eftir dreifikerfum hversu kostnaðarsamt er fyrir notendur að vera tengdir. Bæði er um að ræða mun á afnotagjöldum og kostnaði við þann búnað sem þarf til að taka á móti útsendingum.

114. Til þess að taka á móti hliðrænum útsendingum í lofti þarf aðeins viðtæki og loftnet. Hefðbundin UHF eða VHF loftnet eru til staðar á flestum heimilum í landinu. Það þekkist þó að loftnet hafi verið bönnuð í ákveðnum hverfum svo sem í yngri hverfum Hafnarfjarðar. Lofnetsbanni þar hefur verið aflétt en þar sem ekki var lagt fyrir loftnetum þegar viðkomandi hús voru byggð er ekki mikið um að loftnet séu sett upp. Þau heimili sem hafa loftnet og viðtæki geta tekið á móti hliðrænu sjónvarpi án frekari tækjabúnaðar og án þess að greiða sérstakt gjald fyrir aðgang að viðkomandi dreifikerfi. Það er þó svo að allir eigendur sjónvarpstækja þurfa að greiða kr. 2.852 á mánuði til RÚV í afnotagjald. Með lögum nr. 6/2007 var gjaldheimtu breytt frá og með 1. janúar 2009, en frá þeim tíma hvílir gjaldskylda á þeim einstaklingum og lögaðilum sem eru skattskyldir. Gjaldið verður 14.580 kr. pr. ár á hvern einstakling og

²⁵ Multimedia Wireless Service

²⁶ Sjá ECC DEC (02)06, fylgiskjal PFS nr. 7.

lögaðila. Gjald fyrir útvarpsnotkun eina og sér er nú kr. 856 á mánuði. Til þess að taka á móti læstum áskriftarrásum 365 í hliðrænni útsendingu þarf myndlykil sem áskrifendur fá hjá Vodafone. Leiga á myndlykli er innifalin í áskrift.

115. Til að ná stafránum útsendingum í lofti þarf, auk loftnets og viðtækis, stafrænan aðgangskassa, sem tekur á móti sjónvarpsmerkinu og breytir því yfir á það form sem viðtækið getur tekið við, auk þess sem kassinn stýrir aðgangi að læstum rásum. Þeir sem eru áskrifendur að dagskrá hjá 365 fá slíkan búnað afhentan án sérstaks gjalds. Þeir sem ekki eru áskrifendur geta fengið aðgangskassa leigðan á kr. 679 á mánuði til þess að horfa á opnar dagskrár. Vodafone sendir út á UHF og MMDS tilðnisviðunum. Til þess að ná MMDS útsendingum þarf örbylgjuloftnet. Slík loftnet voru ekki til staðar hér á landi áður en Íslenska útvarpsfélagið (nú 365) hóf rekstur MMDS kerfisins árið 1993, en umtalsverður fjöldi notenda á suðvestur horninu hefur sett upp slík loftnet á þeim tíma sem kerfið hefur verið rekið. Til þess að ná UHF útsendingum þarf UHF loftnet. Á landsbyggðinni eru flest heimili með slík loftnet en á höfuðborgarsvæðinu eru flest loftnet fyrir VHF móttöku.

116. Til þess að taka á móti sjónvarps- og hljóðvarpsútsendingum í gegnum ADSL kerfi Símans, þarf notandinn að kaupa ADSL tengingu frá Símanum. Ódýrustu áskriftarpakkar fyrir slíkar tengingar kosta í kringum 4.000 kr. og þá er innifalin ADSL tenging og internetþjónusta. Notendur geta keypt slíka þjónustupakka hjá Símanum eða hjá internetþjónustuaðila sem endurselur ADSL tengingar Símans. Viðskiptavinir fá ADSL myndlykil án sérstaks endurgjalda. Notendur geta horft á opnar dagskrár eða keypt efni í áskrift frá 365 eða myndleigu Skjásins og greiða þeir efnisveitum beint fyrir þau afnot.

117. Þeir notendur sem taka á móti sjónvarpi um Breiðband Símans greiða 600 kr. mánaðargjald fyrir myndlykil. Ef keypt er áskrift að dagskrá hjá Skjánum er grunngjaldið innifalið í áskriftargjaldi.

118. Til þess að taka á móti sjónvarpi um ljósleiðaranet Gagnaveitu Reykjavíkur þarf notandi að greiða fast mánaðargjald fyrir tenginguna, sem er kr. 2.390. Að auki þarf að greiða fyrir stafrænan afruglara annað hvort einan og sér eða sem hluta af áskriftargjaldi fyrir dagskrár.

2.7 Kostnaður efnisveita

119. Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki orðið þess áskynja að ágreiningur sé til staðar um gjöld sem efnisveitur greiða til dreifineta vegna þjónustu þeirra.

3.0 Nánari skilgreining og afmörkun þjónustumarkaða

3.1 Skilgreining markaðar 18 í tilmælum ESA

120. Útgangspunktur PFS við skilgreiningu á heildsölumarkaði útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar til notenda er skilgreining ESA í tilmælunum. Markaðurinn samsvarar markaði 18 í tilmælum ESA. PFS telur þó þörf á að skoða skilgreininguna út frá aðstæðum hér á landi og meta hvort víkja þurfi frá skilgreiningunni í tilmælunum.

121. Þar sem um er að ræða fjarskiptamarkað sem hér er til umfjöllunar verður að greina á milli annars vegar þjónustu sem fellst í að flytja útvarpsmerki sem er hin eiginlega fjarskiptaþjónusta og hins vegar þjónustu sem fellst í því að bjóða efni og stjórna aðgangi að því.

122. Í tilmælunum er greint á milli smásölu- og heildsölumarkaða. Einn heildsölumarkaður fyrir útvarpsdreifingu er skilgreindur:

Útsendingarþjónusta fyrir útvarpssendingar til notenda.

123. Í skýringum framkvæmdastjórnar ESB með samsvarandi tilmælum ESB er markaðnum lýst svo:

Útsendingarþjónusta og dreifinet, að því leyti sem þau bjóða leiðir til að koma útvarpsefni til endanotenda.

124. Tilmælin gera ráð fyrir þeim möguleika að skipta þurfi markaðnum niður í fleiri undirmarkaði eftir því hvernig þjónusta er veitt og á hvers konar netum. Eftirfarandi atriði m.a. geta skipt máli þegar metið er hvort rétt sé að greina á milli mismunandi þjónustumarkaða:

- Hvort raunveruleg staðganga er á milli útvarpsþjónustu sem boðin er á mismunandi kerfum, með tilliti til verðs og innihalds.
- Útbreiðslusvæði og aðgengi að mismunandi dreifikerfum.
- Hvort notendur almennt eða stór hluti þeirra getur skipt á milli dreifikerfa.
- Tilvist og útbreiðsla stafrænna dreifikerfa

125. Samkvæmt tilmælunum²⁷ er tengd þjónusta svo sem skilyrt aðgangskerfi, rafrænir dagskrárvísar og forritatengsl ekki hluti af þessum markaði, en samkvæmt 5. og 6. gr. og viðauka I við aðgangstilskipunina nr. 2002/19/EB má krefjast þess að allir sem reka slík kerfi veiti aðgang að þeim á sanngjörnum og eðlilegum kjörum og án mismununar.²⁸

²⁷ Explanatory Memorandum kafli 4.4.

²⁸ Sbr. reglur PFS um skilyrt aðgangskerfi sem nr.570/2006 sem fjallað er um í kafla 5.4

126. Skilgreining tilmælanna er tæknilega hlutlaus og innfelur dreifingu um þráðlaus net, fastlínunet og gervitungl. Enginn greinarmunur er heldur gerður á hliðrænni og stafrænni tækni. Markaðurinn inniheldur bæði útsendingar hljóðvarps og sjónvarps. Skilgreina á markaðinn út frá þjónustu án tillits til flutningsleiðar. Ef þjónustutegundirnar hafa allar sömu eiginleika gagnvart efnisveitum og endanotendum þá tilheyra þær sama markaði, ef ekki, þá þarf að meta hvort ástæða sé til að skipta markaðnum.

127. Í eftirfarandi köflum er mat PFS á staðgöngu milli mismunandi dreifikerfa, út frá smásölu og heildsöluhluta útvardsreifingarmarkaðarins. Tilgangur þess er að meta hvort allar dreifingarleiðir tilheyri einum og sama markaði eða hvort þörf sé á að skilja á milli einstakra undirmarkaða.

3.2 Mörkin milli útvardsreifingar og leigulína

128. Almennt er hægt að nota leigulínur til flutnings á hvers konar merkjum og þ.á.m. útvardsmerkjum. Leigulínuþjónusta getur byggst á mismunandi tækni og mismunandi netum, s.s. ljósleiðara, koparlínum og þráðlausum samböndum. Leigulínusambond geta bæði verið hliðræn og stafræn. Markaður fyrir útvardsreifingu hefur snertingu við leigulínumarkaði. Eins og lýst var í kafla 2.2.1. má skipta útvardsreifinetum niður í fjóra hluta; framleiðslunet, mótnarnet, stofnnet og aðgangsnet. Framleiðslu-, mótnar- og stofnnet eru oft í formi ljósleiðaratengingar eða annars konar fastasambands á þræði eða þráðlaust. Fyrirtæki í útvardsreifingu eiga ýmist slík sambond sjálf eða leigja þau af fjarskiptafyrirtæki. PFS er þeirrar skoðunar að í þessum tilfellum sé um að ræða staðgöngu á milli sambanda sem sett eru upp sérstaklega sem hluti af útvardsreifikerfi og almennra leigulínusambanda. Útvardsreifingarfyrirtæki getur auðveldlega hatt notkun á sérstöku útvardsreifingarsambandi og fengið leigulínu í staðinn og rekstraraðili leigulínusambanda getur auðveldlega útbúið leigulínu til útvardsreifingar. Það er því skoðun PFS að fyrnefndir þrír hlutar útvardsreifikerfa tilheyri mörkuðum fyrir leigulínur, eftir atvikum smásölu eða heildsölumarkaði. Aðgangshlutí útvardsreifikerfis sem ætlaður er til að koma útvarpsefni til endanotenda er hins vegar ekki hliðstæður leigulínuþjónustu og er það sá hluti netsins sem fellur undir heildsölumarkað útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar til notenda.

3.3 Innri og ytri viðskipti

129. Í samræmi við tilmælin og niðurstöður framkvæmdastjórnar er viðkomandi markaður heildsölumarkaður. Þrjú fyrirtæki eru stærstu markaðsaðilar á þessum markaði, þ.e. Síminn, Vodafone og RUV ohf. Öll þessi fyrirtæki eru að einhverju leyti lóðrétt starfandi fyrirtæki, þ.e. reka eigið net og eru einnig þjónustuveitendur á smásölumarkaði. Notkun á útvardsreifikerfum þessara fyrirtækja fellur jafnt undir viðkomandi markað hvort sem um er að ræða heildsölusölu til óskyldra aðila, sölu til tengdra fyrirtækja eða notkun sem er alfarið innan viðkomandi fyrirtækis.

3.4 Mat á staðgöngu

3.4.1 Almennt

130. Markaður samanstendur af vörum eða þjónustu sem eru nægilega staðgönguhæfar hver gagnvart annarri. Staðganga er metin út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar hversu auðveldlega viðskiptavinir telja vöruna geta komið í stað annarrar (eftirspurnarstaðganga). Hins vegar hversu auðveldlega keppinautar tiltekins fyrirtækis geta breytt framleiðslu sinni þannig að þeirra vara falli innan þess markaðar sem vara hins tiltekna fyrirtækis er á (framboðsstaðganga)²⁹.

131. Eftirspurnarstaðganga er talin undirstaða markaðsskilgreiningar en framboðsstaðganga hefur minni þýðingu og tengist fremur mati á mögulegri samkeppni. Sá munur er á mögulegri samkeppni og framboðsstaðgöngu að framboðsstaðganga getur gerst með minni fyrirvara en möguleg samkeppni. Að auki krefst framboðsstaðganga ekki eins mikilla fjárfestinga og ný fyrirtæki þurfa að ráðast í þegar þau koma á markað. Mat á mögulegri samkeppni er gert í þeim tilgangi að sjá hvort aðgangshindranir séu fyrir hendi sem takmarki eðlilega samkeppni.

132. Í mati á staðgönguhæfi er í þessari greiningu í fyrsta lagi litið til þess hvort hljóðvarp- og sjónvarp geti talist til sama markaðar á smásölu og/eða heildsölustigi. Í öðru lagi er skoðað hvort mismunandi dreifingarleiðir, þ.e. þráðlaus kerfi á jörðu niðri, fastanet og gervihnettir, geti auðveldlega komið í stað hvor annarrar. Í þriðja lagi er metið hvort hliðræn og þráðlaus dreifing séu staðgönguþjónustur. Í fjórða lagi er skoðað hvort ástæða sé til þess að gera greinarmun á staðbundinni og landsdekkandi þjónustu. Þessi atriði eru skoðuð út frá sjónarmiði endanotenda, efnisveitenda og rekstraraðila dreifikerfanna.


3.4.2 Hljóðvarp- og sjónvarpsþjónusta.

133. Það er ólíklegt að endanotandi telji hljóðvarp og sjónvarp vera staðgönguvörur miðað við hversu ólíkt efni er sent út á þessum miðlum. PFS gengur út frá að endanotandi hlusti á hljóðvarp eða horfi á sjóvarp til að fullnægja mismunandi þörf. Þegar hlustað er á hljóðvarp er hlustað á tal eða tónlist, en sjónvarp felur í sér bæði áhorf og hlustun á sama tíma. Meðal þess sem neytendur horfa mikið á í sjónvarpi eru framhaldsþættir, kvikmyndir og íþróttaviðburðir, en í útvarpi er tónlist mest áberandi.

134. Annað atriði sem greinir hljóðvarp frá sjónvarpi er hvar og hvernig notendur nýta þessa þjónustu. Mjög algengt er að notendur hlusti á útvarp í bifreiðum eða með öðrum hreyfanlegum útvarpstækjum á meðan sjónvarpsáhorf fer að stærstum hluta fram inni á heimilum í gegnum búnað sem er fasstengdur viðkomandi neti.

²⁹ Sjá nánar málsgrein 39 í leiðbeiningunum og Explanatory Memorandum með tilmælum framkvæmdastjórnar, kafla 3.1.

Mynd 3-1: Móttökuleiðir hljóðvarps



Heimild: Könnun Capacent Gallup fyrir PFS í september 2007

135. Kostnaður notenda við hljóðvarps og sjónvarpsþjónustu er einnig mismunandi. Viðtæki fyrir sjónvarp eru mun dýrari en fyrir hljóðvarp, einnig er stór hluti sjónvarpsefnis seldur í áskrift en hlustun á hljóðvarp er án endurgjald ef undan er skilið afnotagjald RÚV sem verður í gildi út þetta ár.

136. Af ofangreindum ástæðum er nánast útilokað að endanotendur telji hljóðvarp og sjónvarp vera staðgönguþjónustur.

137. Frá sjónarhlíð heildsölu þá eru útsendingar hljóðvarps og sjónvarps almennt séð of ólíkar til að geta fullnægt staðgöngu. Seljandi sjónvarpsefnis getur ekki látið dreifa efni sínu um dreifikerfi sem eingöngu geta flutt hljóðvarp og hljóðvarpsstöð getur ekki notast við sjónvarpsdreifikerfi sem aðaldreifileið m.a. vegna þess að þá næði dagskráin ekki til stærsta hlustendahópsins sem hlustar á hljóðvarp í bifreiðum. Fyrir rekstraraðila þeirra dreifikerfa sem aðeins geta borið aðra þjónustuna er kostnaðarsamt að breyta kerfinu þannig að það geti borið hina. Hins vegar eru stafræn kerfi almennt til þess fallin að dreifa bæði hljóðvarpi og sjónvarpi.

138. Aðstæður eru nokkuð aðrar hvað varðar hljóðvarpsdreifingu á jarðbundnum þráðlausum kerfum annars vegar og gervihöttum og fastlínu hins vegar. Í þráðlausum dreifikerfum er skír aðgreining milli hljóðvarps og sjónvarps í hliðrænum kerfum og í stafrænum markast aðgreiningin m.a. af þeim mismunandi möguleikum sem notendur hafa til að taka á móti útsendingum. Gervihnettir og fastlínunet geta bæði dreift hljóðvarpi og sjónvarpi. Við móttöku í gegnum gervihött og fastlínu er notandinn almennt bundinn við að hlusta eða horfa á efni innan veggja heimilisins og gildir þá einu hvort um er að ræða hljóðvarp eða sjónvarp. Annað atriði sem vert er að hafa í huga er að notandinn kaupir slíkar tengingar í einu lagi og hefur ekki möguleika á að fá aðeins aðra þjónustategundina.

139. Í ljósi umfjöllunar um mörkin milli hljóðvarps- og sjónvarpsþjónustu hér að ofan er það niðurstaða PFS að útsendingarþjónusta fyrir hljóðvarp og sjónvarp myndi

sitt hvorn markaðinn á jarðbundnum þráðlausum dreifikerfum en ekki sé ástæða til að skilja á milli þessara þjónustuþátta í gervihnatta- og fastanetskerfum.

3.4.3 Nánari sundurgreining hljóðvarpsþjónustu

140. Hljóðvarp er sent út á öllum þremur tegundum neta sem fjallað hefur verið um, þ.e. þráðlaus, fastlinu og gervihnatta. Á þráðlausum netum er ýmist sent út hliðrænt eða stafrænt. Sum dreifikerfi útvarps eru landsdekkandi, en önnur eru staðbundin. Skoða þarf hvort þessi atriði valda því að greina þurfi á milli mismunandi þjónustumarkaða fyrir hljóðvarpsútsendingar.

141. Þráðlaus hljóðvarpsútsending sker sig frá útsendingu um fastlinu á afgerandi hátt vegna þess að sú fyrnefnda býður upp á að ná til mun stærri hlustendahóps, en skv. áðurnefndri könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir PFS hlusta aðeins 12,7% landsmanna á útvarp í gegnum sjónvarpskerfi og 17,9% í gegnum internetið á meðan 72,4% hlusta í bíl og 66,9% hlusta í gegnum útvarpstæki sem mörg hver eru hreyfanleg. PFS er því þeirrar skoðunar að þráðlaus hljóðvarpsdreifing tilheyri ekki sama markaði og dreifing gegnum þráð.

142. Útsendingar um gervihnött hafa að hluta til sömu eiginleika og útsendingar á fastlinu að því leyti að móttaka fer oftast fram um fastan nettengipunkt. Gervihnattasendingar eru þó mun dýrari og engin íslensk útvarpsstöð hefur notað slíka þjónustu þar til RÚV hóf að senda út árið 2007 með fjárhagslegum stuðningi Fjarskiptasjóðs. Útsending um gervihnött er því að líkindum sérstakur markaður.

143. Engin varanleg leyfi fyrir stafræna hljóðvarpsdreifikerfið (DAB) hafa verið gefin út hér á landi og uppbygging slíkra dreifikerfa er ekki hafin. Aðeins hafa farið fram tilraunaútsendingar. PFS telur að DAB hljóðvarpsdreifikerfið verði ekki orðin útbreitt á gildistíma þessarar greiningar. Fyrir utan að uppbygging slíkra kerfa er ekki hafin þá er líklegt að hún fari mjög hægt af stað á meðan viðtæki til að taka við slíkum útsendingum eru ekki orðin algeng. Stór áhrifaþáttur í því sambandi er að viðtæki í bifreiðum sem seldar eru hér á landi eru enn sem komið er aðeins fyrir hliðræna móttöku. PFS telur því ekki ástæðu til þess að taka afstöðu til þess að svo stöddu hvort DAB hljóðvarpsdreifing sé sérstakur markaður eða ekki.

144. Stærstu hljóðvarpsstöðvar landsins, Bylgjan, Rás 1 og Rás 2 eru með landsdekkandi dreifingu. Staðbundnar hljóðvarpsstöðvar eru lang flestar á suðvestur horninu og ná þannig til um helnings landsmanna. Mjög fáar staðbundnar hljóðvarpsstöðvar eru annars staðar á landinu. PFS telur í ljósi þess að lítið er um hljóðvarpsstöðvar sem hafa lítið markaðssvæði að ekki sé ástæða til þess að skipta þjónustumarkaði fyrir dreifingu hljóðvarpsstöðva í svæðisbundna og landsdekkandi þjónustu.

3.4.4 Aðgreining stafræns og hliðræns sjónvarps

145. Fyrir notendur er ýmis konar munur á stafrænni dreifingu sjónvarps og hliðrænni. Einhver gæðamunur er á útsendingu en ekki er víst að það atriði ráði úrslitum við val á dreifikerfi nema þar sem móttökuskilyrði hliðrænna sendinga eru ekki nægilega góð.

146. Ef notandi vill aðeins nota sjónvarpið til þess að horfa á opnar dagskrár þá er sá munur á kostnaði notenda að þeir sem vilja taka á móti stafrænum sjónvarpssendingum án þess að vera áskrifendur að læstum dagskrám þurfa að borga afnotagjald af aðgangskassa til þess að geta horft á útsendingar. Það gjald er kr. 679 á mánuði hjá Vodafone og kr. 600 hjá Breiðbandi Símans. Aðgangskassi fyrir ADSL sjónvarp Símans er innifalinn í ADSL áskrift, en notendur geta aðeins nýtt sér þann möguleika ef þeir kaupa ADSL tengingu frá Símanum.

147. Stafræn dreifikerfi geta flutt margfalt fleiri dagskrár en hliðræn og ef notandi vill vera áskrifandi af miklum fjölda dagskráa þá verður hann að tengjast stafrænu dreifikerfi. Út frá sjónarhorni notenda verður að telja ólíklegt að staðganga sé milli stafrænna og hliðrænna sjónvarpsdreifikerfa þar sem eiginleikar þeirra eru í mörgum atriðum frábrugðnir hvor öðrum.

148. Sjónvarpsstöðvar sem dreifa þurfa einni dagskrá geta gert það hvort sem er á hliðrænu eða stafrænu dreifikerfi. Almennt getur hvor tegund fyrir sig náð til flestra notenda á landinu og hægt er að ná fram viðunandi gæðum á báðum kerfum. Það er þó ólíklegt að sjónvarpsstöð sem þyrfti að velja dreifingarleið í dag myndi velja hliðræna dreifingu. Ef sjónvarpsstöð myndi óska eftir að nota hliðrænt dreifikerfi annarrar stöðvar væri það vart mögulegt þar sem slík kerfi bera aðeins eina dagskrá í einu. Öll hliðræn kerfi á landinu eru ætluð fyrir ákveðna sjónvarpsdagskrá og því ekki svigrúm til þess að hleypa öðrum dagskrám að, ekki nema einhver tími sólarhringsins sé ónýttur til útsendinga. Það ber einnig að hafa í huga að leyfi til útsendinga á rásum í hliðræna kerfinu eru gefin út fyrir ákveðna dagskrá. Ef sjónvarpsstöð vildi byggja sitt eigið dreifikerfi er næsta víst að stafrænt kerfi yrði fyrir valinu, því ekki er vænlegt að legga út í fjárfestingu á hliðrænu kerfi sem að öllum líkendum yrði að hætta starfsemi eftir 2 ár miðað við stefnu stjórnvalda í fjarskiptamálum. Sjónvarpsstöð sem dreifar dagskrám sínum hliðrænt í dag gæti valið að skipta yfir í stafræna dreifingu en það gildir ekki á hinn veginn. PFS telur því að á þessum tímapunkti sé um takmarkaða staðgöngu að ræða milli hliðrænna og stafrænna sjónvarpsdreifikerfa út frá sjónarhorni sjónvarpsstöðva.

149. Út frá sjónarhorni rekstraraðila dreifikerfa þá er ljóst að tæknilega er mögulegt að breyta þeim úr hliðrænum kerfum í stafræn. Þetta hefur verið gert við MMDS kerfi Vodafone. Vodafone byggði einnig upp stafrænt kerfi á UHF tíðnisviði við hlið hliðræna kerfisins sem fyrir var. Síminn breytti sjónvarpi á Breiðbandinu úr hliðrænu í stafrænt. Það er hins vegar kostnaðarsamt að gera slíkar breytingar og t.d. hefur RÚV ekki enn getað nýtt tíðnileyfi sem það fékk til stafrænna útsendinga á UHF vegna kostnaðar. Enginn myndi í dag breyta dreifikerfi sínu úr stafrænu í hliðrænt. Niðurstaðan varðandi framboðsstaðgöngu er því að hún er til staðar að nokkru leyti en er háð talsverðum takmörkunum t.d. vegna kostnaðar ef um viðamikil dreifikerfi er að ræða.

150. Í ljósi þess sem að ofan greinir telur PFS að hliðrænar og stafrænar sjónvarpsútsendingar séu ekki á sama þjónustumarkaði. Þetta hefur fyrst og fremst þýðingu varðandi þráðlaus dreifikerfi á jörðu niðri þar sem annars konar dreifing er að langmestu leyti orðin stafræn.

3.4.5 Aðgreining milli sjónvarpsdreifingar um þráðlaus net, fastanet og gervihnetti

151. Dreifing um gervihnött hefur þá sérstöðu að dreifingarkostnaður sjónvarpsstöðvar er hár og móttökubúnaður notenda er dýr miðað við móttökubúnað annarra dreifikerfa. Gervihnattaútsendingar geta haft svipaða eiginleika og þráðlaus net á jörðu. Útsendingar gervihnatta eru stafrænar og geta borið margar dagskrár. Þær hafa þann galla að gervihnatta diskur þarf að vera í sjónlinu við gervihnött og því myndast dauðir blettir á útsendingarsvæði þar sem samband næst ekki. Gervihnattaútsendingar hafa reynst of kostnaðarsamar fyrir íslenskar sjónvarpsstöðvar og eru almennt ekki notaðar af þeim. Einu stöðvarnar sem nota slíka dreifingu eru RÚV sem nýtur til þess styrks úr Fjarskiptasjóði og Omega eða Gospel Channel sem hefur í raun mun stærra markaðssvæði en Ísland. PFS telur að sjónvarpsdreifing um gervihnött sé ekki á sama þjónustumarkaði og dreifing um þráðlaus net á jörðu niðri eða á fastaneti.

152. Þá er eftir að skoða hvort staðganga sé á milli þráðlausra neta á jörðu niðri og fastaneta. PFS telur að hliðræn dreifing á fastaneti sé svo sjaldgæf hér á landi í dag að ekki þurfi að skoða hana sérstaklega í þessari greiningu. Þar af leiðandi eru þráðlaus net s.s. UHF/VHF eina hliðræna dreifileiðin sem notuð er að einhverju marki í dag. Þar sem PFS komst að þeirri niðurstöðu í kafla 3.4.4. að hliðræn og stafræn sjónvarpsdreifing væri ekki á sama markaði, þá er hliðræn sjónvarpsdreifing á þráðlausum netum á jörðu niðri sérstakur þjónustumarkaður út af fyrir sig.


153. Stafræn dreifing á þráðlausum netum og fastaneti er að sumu leyti hliðstæð en það eru líka ýmis atriði sem greina þar á milli. Atriði sem eru hliðstæð út frá sjónarhlóli neytenda eru t.d. að gæði útsendinga eru jafn mikil. Bæði kerfin geta borið margar dagskrár. Þjónusta er aðgengileg stærstum hluta landsmanna bæði á fastaneti og þráðlaust.

154. Það sem greinir helst á milli stafrænna útsendinga á þráðlausum netum annars vegar og fastanetum hins vegar er gagnvirkni fastanetskerfanna. Fastanetskerfi eins og ADSL net Símans og ljósleiðaranet Gagnaveitunnar hafa bakaleið frá notanda sem hann getur notað til þess að panta það efni sem hann vill. Notandinn hefur einkarás sem hann notar til að sækja efni og þar af leiðandi er rásafjöldi fræðilega ótakmarkaður. Á fastaneti er hægt að bjóða upp á myndleigu (VoD) en ekki á þeim þráðlausu netum sem eru starfrækt í dag. Kostnaður við að vera tengdur netunum er ólíkur. Að vísu er svipaður kostnaður við að vera tengur Breiðbandi Símans og UHF/MMDS neti Vodafone, á bilinu 600-700 kr. á mánuði, en til að tengjast ADSL sjónvarpi þarf notandinn að kaupa ADSL þjónustu sem kostar frá ca. 4000 kr. á mánuði. Til þess að tengjast ljósleiðaraneti Gagnaveitunnar þarf að greiða kr. 2.390 á mánuði.

155. Út frá sjónarhorni efnisveitu eru þessar dreifileiðir hliðstæðar ef efnisveitan ætlað aðeins að bjóða upp á venjulegar sjónvarpsdagskrá án gagnvirkni. Sjónvarpsstöð sem vill senda út eða endurvarpa mörgum dagskrám getur hins vegar ekki verið viss um að fá pláss á þráðlausum netum þar sem takmörk eru á rásafjölda. Efnisveita getur ekki boðið myndleigu á þráðlausu neti. Innlendar sjónvarpsstöðvar hafa í raun þörf fyrir að vera dreift á báðum þessum netum þar sem stórir áhorfendahópar eru aðeins tengdir öðru hvoru netinu, sbr. mynd 3-2. Hvort sem sjónvarpsstöð byggir afkomu

sína á áskriftarsölu, auglýsingasölu eða hefur skyldur varðandi almenningsþjónustu þá er mikilvægt að vera til staðar í sem flestum dreifikerfum til þess að ná til sem flestra notenda.

Mynd 3-2: Móttökuleiðir sjónvarps



Heimild: Könnun Capacent Gallup fyrir PFS sept. 2007. Ath. að ekki var gerður greinarmunur á stafrænni og hliðrænni dreifingu í könnuninni.

156. Fyrirtæki sem rekur þráðlaust net á ekki auðvelt með að breyta starfsemi sinni yfir í fastanetsdreifingu og fyrirtæki sem rekur fastanetskerfi getur ekki auðveldlega breytt yfir í þráðlaust kerfi. Það er því ekki um framboðsstæðgöngu að ræða milli þessara þjónustutegunda.

157. Miðað við það hversu margir þættir eru frábrugðnir milli þráðlausra neta og fastanets er það niðurstaða PFS að þráðlaus stafræn sjónvarpsdreifikerfi tilheyri ekki sama þjónustumarkaði og stafræn sjónvarpsdreifikerfi á fastaneti.

3.5 Niðurstaða um skilgreiningu þjónustumarkaða

158. Samandregin niðurstaða úr undanfarandi köflum varðandi skil milli þjónustumarkaða er sú að PFS telur rétt að skilgreina eftirfarandi heildsölumarkaði útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar til notenda:

- 1) Útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum
- 2) Útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum
- 3) Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á þráðlausum netum
- 4) Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum
- 5) Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervihnött

4.0 Landfræðilegur markaður

4.1 Almennt

159. Landfræðilegur markaður nær yfir landsvæðið þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í framboði og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem skilyrði fyrir samkeppni eru sams konar eða nógu einsleit og þar sem unnt er að aðgreina landsvæðið frá nágrannasvæðum þar sem ríkjandi samkeppnisskilyrði eru umtalsvert frábrugðin. Við mat á staðgöngu eftirspurnarmegin er rétt að taka mið af smekk og landfræðilegu innkaupamunstri viðskiptavina. Það er hefð fyrir því að afmarka landfræðilega fjarskiptamarkaði með vísan til útbreiðslu viðkomandi fjarskiptaneta auk lögsagnarumdæmis þess lagaramma sem gildir um viðkomandi markað³⁰.

4.2 Þráðlaus dreifikerfi

160. PFS skilgreindi í kafla 3 þrjá þjónustumarkaði fyrir útvardsreifingu um þráðlaus net á jörðu niðri. Það eru markaðir fyrir hliðrænt hljóðvarp, hliðrænt sjónvarp og stafrænt sjónvarp. PFS telur að sömu eða hliðstæðar aðstæður eigi við varðandi öll þessi kerfi þegar metið er hvernig á að afmarka markaðina landfræðilega.

161. Sömu lög og reglur gilda um land allt, bæði um útsendingar útvardsagskráa og starfrækslu neta til dreifingar.

162. Leyfi til útværps og tíðninotkunar til útvardsreifingar eru ýmist landsdekkandi eða staðbundin. Algengast er að í útvardsleyfi sé tilgreint landið allt eða suðvestur horn landsins. Fá langtímaleyfi fyrir útvarp tilgreina smærri svæði en það. Heimild til tíðninotkunar er yfirleitt ákveðin sérstaklega fyrir hvert landssvæði fyrir sig. Finna þarf hentugustu tíðnina á hverjum stað m.a. með tilliti til truflanahættu og því er notkun rása ákveðin svæðisbundið. Það setur þó útsendingarsvæði viðkomandi dreifikerfis ekki takmörk þar sem almennt eru engin takmörk á fjölda sendistaða sem viðkomandi fyrirtæki getur fengið leyfi fyrir. Í tíðniheimild fyrir stafrænt sjónvarpsdreifinet Vodafone var sérstaklega tekið fram að tíðniheimildin væri landsdekkandi, en samt sem áður þurfti að finna sérstaka rás fyrir hvern sendistað utan höfuðborgarsvæðisins.

163. Stærstu dreifikerfin fyrir hljóðvarp og sjónvarp, þ.e. net RÚV og Vodafone eru nánast landsdekkandi. RÚV nær til 99,9% landsmanna með sínu dreifikerfi en Vodafone nær til 98,6%. Þó að staðbundin kerfi séu einnig til staðar og þá sérstaklega á suðvestur horninu telur PFS það ekki breyta samkeppnisskilyrðum á heildsöluverði þannig að leiða þurfi til landfræðilegar skiptingar markaðarins.

164. Hvað neytendur varðar þá er sama smásöluverð á þjónustunni um land allt og smekkur og innkaupamunstur er ekki ólíkt svo vitað sé.

165. PFS telur að ekki sé haegt að afmarka ákveðin svæði á landinu þar sem samkeppnisskilyrði eru svo ólík öðrum svæðum að það leiði til landfræðilegar skiptingar viðkomandi markaða. PFS telur því landið allt sé einn markaður fyrir útsendingarþjónustu um þráðlaus net á jörðu niðri.

³⁰ Sjá kafla 2.2.2 í leiðbeiningunum.

4.3 Fastanet

166. PFS skilgreindi í kafla 3 einn þjónustumarkað fyrir útvarpsdreifingu um fastanet. Það er markaður fyrir útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum.

167. Sömu lög og reglur gilda um land allt, bæði um útsendingar útvarpsdagskráa og starfrækslu neta til dreifingar.

168. Ekki þarf sérstakt leyfi til að reka dreifikerfi á fastaneti. Fyrirtæki sem vill hefja rekstur slíks dreifikerfis þarf einungis að tilkynna um starfsemina til PFS og hefur það þá heimild til þess að starfa alls staðar á landinu.

169. Stærsta fastanetið sem útvarpsdreifing fer um hér á landi er koparheimtauganet Mílu. Netið nær til allra heimila í landinu. Mögulegt er að veita sjónvarp um ADSL á heimtauganetinu til um það bil 90% landsmanna. Þó að staðbundin kerfi séu einnig til staðar þá telur PFS það ekki breyta verulega samkeppnisskilyrðum á heildsölumarkaði enn sem komið er. Kapalkerfi í nokkrum bæjarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins hafa ekki afgerandi áhrif. Ljósleiðarakerfi á höfuðborgarsvæðinu gæti hins vegar haft áhrif á samkeppni þegar fram í sækir en það er enn sem komið er ekki orðið nógu umfangsmikið til þess.

170. Netrekendur á landbyggðinni hafa gert athugasemdir við að kostnaðarsamt sé fyrir þá að fá aðgang að sjónvarpsefni á net sín þar sem þeir þurfi að sækja efnið til Reykjavíkur og greiða fyrir flutning þess til starfstöðvar sinnar á landsbyggðinni. Þetta atriði getur haft áhrif á rekstrarhorfur staðbundinna dreifineta, en PFS telur það þó ekki næga ástæðu til þess að skipta dreifingarmarkaðnum upp landfræðilega, m.a. vegna þess að þetta vandamál tilheyrir markaði fyrir sjónvarpsefni og ennfremur tengist flutningskostnaðurinn leigulínumörkuðum.

171. Hvað neytendur varðar þá er sama smásoluverð á þjónustunni um land allt og smekkur og innkaupamunstur er ekki ólíkt svo vitað sé.

172. PFS telur að ekki sé hægt að afmarka ákveðin svæði á landinu þar sem samkeppnisskilyrði eru svo ólík öðrum svæðum að það leiði til landfræðilegrar skiptingar viðkomandi markaða. PFS telur því að landið allt sé einn markaður fyrir útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum.

4.4 Gervihnattadreifing

173. Fyrirtæki sem bjóða dreifingu um gervihnött eru öll erlend og markaðssvæði þeirra er mun stærra en Ísland. Þeir gervihnettir sem dreifa íslenskum dagskrám dekka t.d. mest alla Evrópu. Markaðir fyrir gervihnattadreifingu eru því í eðli sínu millilandamarkaðir.

174. ESA hefur ekki skilgreint millilandamarkað fyrir gervihnattadreifingu útvarps. Það er ekki á valdsviði PFS að hafa afskipti af mörkuðum sem ná út fyrir landamæri Íslands. PFS telur ennfremur að þessi þjónusta hafi lítil sem engin áhrif á samkeppni á

útvardsreifingarmarkaðinum innanlands. PFS hyggst því ekki skoða þennan þjónustumarkað frekar.

4.5 Gildandi reglur um aðgang að útvardsreifikerfum

4.6 Kvaðir skv. eldri fjarskiptalögum

175. Eins og áður sagði voru útvardsreifikerfi ekki talin til fjarskiptaneta skv. fjarskiptalögum fyrr en við gildistöku laga um fjarskipti nr. 81/2003. Lög um fjarskipti nr. 107/1999 gerðu ekki ráð fyrir að sérstakar kvaðir væru lagðar á net fyrir útvardsreifingu. Því hafa hingað til ekki verið lagðar kvaðir á útvardsreifikerfi skv. fjarskiptalögum sem kveða á um skyldu til að veita aðgang að slíkum netum. Kvaðir varðandi ákveðna nethluta svo sem leigulínur hafa verið í gildi undanfarin ár og hafa komið sjónvarpsstöðvum að einhverju gagni við flutning á efni milli sendistaða, en engin afskipti hafa verið höfð af aðgangsnetunum.

176. Í 17. gr. laga 107/1999 var þó að finna ákvæði sem ætlað var m.a. að tryggja aðgang útvarsstöðva að almennum fjarskiptanetum, t.d. kapalkerfum. Ákvæði þessu var hins vegar aldrei beitt í þeim tilgangi. Orðalag ákvæðisins bendir til þess að því hafi einungis verið ætlað að taka á einstökum beiðnum um aðgang, en ekki að leggja fyrirfram kvaðir á rekstraraðila neta.

4.7 Kvaðir á tengdum fjarskiptamörkuðum

177. PFS hefur birt ákvarðanir byggðar á markaðsgreiningum skv. lögum fjarskipti nr. 81/2003 á nokkrum mörkuðum sem snerta útvardsreifingu með beinum eða óbeinu hætti. Leigulínur eru oft notaðar til flutnings á útvarsmerkjum, þó þar sé sjaldan um flutning til endanotanda að ræða. Með ákvörðun nr. 20/2007 útnefndi PFS Símann og Mílu með umtalsverðan markaðsstyrk á leigulínumörkuðum (markaðir 7, 13 og 14). Lagðar voru kvaðir á fyrirtækin um aðgang, jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað, eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald.

178. Með ákvörðun 26/2007 útnefndi PFS Mílu ehf. með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir koparheimtaugar og lagði kvaðir á fyrirtækið um aðgang, jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað, eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald. Þessi ákvörðun tryggir m.a. aðgang að heimtaugakerfinu fyrir fyrirtæki sem vilja veita ADSL þjónustu og mögulega sjónvarpsdreifingu um ADSL.

179. Með ákvörðun 8/2008 var Síminn útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir breiðbandsaðgang og voru lagðar kvaðir aðgang, jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað, eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald. Með þeim opnast möguleiki fyrir því að önnur fyrirtæki geti rekið sjónvarpsdreifingu á neti Símans.

4.8 Útvarpslög og lög um Ríkisútvarpið ohf.

180. Í lögum um Ríkisútvarpið nr. 61/2007 er ekki að finna ákvæði um aðgang þess að fjarskiptanetum.

181. Í útvarpslögum nr. 53/2000 er ákvæði um aðgang að fjarskiptanetum í 22. gr. Þar er vísað til fjarskiptalaga um það hvernig fara skuli með slík mál. Ákvæðið er svohljóðandi:

Nú óskar útvarpsstöð að fá aðgang að kapalkerfi eða öðru almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpssendinga, þar á meðal breiðbandi, og skal þá fara með málið svo sem fyrir er mælt í fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, hvort tveggja eftir því sem við á.

Ef þurfa þykir er heimilt í reglugerð að mæla fyrir um takmörkun á fjölda rása sem útvarpsstöðvar í eigu sömu eða tengdra aðila fá til afnota í framangreindum fjarskiptavirkjum.

4.9 XI. Kafli fjarskiptalaga um stafrænt sjónvarp.

182. Í XI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 er að finna nokkur sérákvæði um stafrænt sjónvarp.

183. Í 55. gr. er ákvæði um skyldu til að flytja sjónvarpsdagskrá (must carry). Þar segir að leggja megi á aðila, sem bjóða fjarskiptanet til dreifingar hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, skyldur til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér netin til að taka á móti hljóð- og sjónvarpssendingum. Slíkar skyldur skulu einungis lagðar á þegar sérstaklega ríkar ástæður mæla með því.

184. Í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpi til laganna segir :

Ákvæði um skyldu til að flytja útvarpsdagskrá byggist annars vegar á 12. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar, sem kveður á um aðgang að fjarskiptanetum, og hins vegar á 31. gr. alþjónustutilskipunarinnar, sem fjallar um skyldu til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá. Skylda til að flytja útvarpsdagskrá er nýmæli í lögum um fjarskipti en slíkar skyldur hafa viðgengist í sumum löndum, einkum í sambandi við kapalkerfi sjónvarps. Hér er gert ráð fyrir möguleika þess að leggja slíkar skyldur á aðila sem bjóða fjarskiptanet fyrir dreifingu útvarpsdagskrár þegar umtalsverður fjöldi notenda notfærir sér netið sem helsta möguleika sinn til þess að taka á móti útvarpi. Sú takmörkun er sett á framkvæmd þessa ákvæðis að slíkar skyldur verða einungis lagðar á þegar sérstaklega stendur á, t.d. til að ná markmiðum um útvarpsdreifingu til allra landsmanna. Við beitingu þessa ákvæðis verður haft samráð við menntamálayfirvöld.

185. Ákvæði þessu hefur ekki verið beitt og er aðalástæðan líklega sú að sjónvarpsdagskrá RÚV hefur verið flutt á öllum fjarskiptanetum sem dreifa stafrænu sjónvarpi hér á landi án þess að til afskipta eftirlitsstjórnvalda hafi komið.

186. Í 56. gr. er ákvæði þar sem PFS er falið að setja reglur um skilyrt aðgangskerfi.

187. Í 57. gr. er ákvæði um að því skuli beint til fyrirtækja sem starfrækja stafræna gagnvirka sjónvarpsþjónustu fyrir almenning eða selja þróaðan stafrænan sjónvarpsbúnað að þau noti opna staðla fyrir forritatengsl.

188. Í 58. gr. er ákvæði um að almenn fjarskiptanet sem sett eru upp til þess að dreifa stafrænni sjónvarpsþjónustu skuli vera fær um að dreifa breiðskjársjónvarpsþjónustu og dagskrám og að fjarskiptafyrirtæki sem taka við og dreifa breiðskjárþjónustu eða dagskrám skuli viðhalda breiðskjárfórmuinu.

189. Í 4. mgr. 61. gr. í XII. kafla er svo ákvæði um samvirkni notendabúnaðar fyrir stafrænt sjónvarp.

4.10 Reglur um skilyrt aðgangskerfi

190. Skilyrt aðgangskerfi eru ekki eiginlegur hluti af viðkomandi markaði, en eru hins vegar svo nátengd honum að rétt þykir að gera grein fyrir þeim reglum sem um þau gilda. Póst- og fjarskiptastofnun hefur sett reglur um skilyrt aðgangskerfi og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp. Reglurnar sem eru nr. 570/2006 eru settar með stoð í 56. gr. og 4. mgr. 61. gr. laga um fjarskipti.

191. Reglurnar kveða á um aðgang útvarpsstöðva, efnisveitenda og notenda að skilyrtum aðgangskerfum í fjarskiptanetum sem dreift geta stafrænni hljóð- eða sjónvarpsþjónustu og um tæknilega eiginleika aðgangskerfa og samsvarandi notendabúnaðar. Í reglunum er m.a. kveðið á um eftirfarandi atriði:

- Aðilar sem starfrækja skilyrt aðgangskerfi fyrir stafræna hljóð- eða sjónvarpsþjónustu, sem útvarpsstöðvar og/eða efnisveitendur þurfa á að halda til þess að ná til einhvers hóps notenda, skulu veita öllum útvarpsstöðvum og efnisveitendum, sem óska eftir að nota aðgangsstýringu, án mismununar og á sanngjörnum og réttmætum kjörum, tæknilega þjónustu sem gerir notendum kleift að taka á móti stafrænni þjónustu í gegnum aðgangskassa sem stýrt er af rekstraraðila aðgangskerfisins.
- Útvarpsstöð sem dreifar ólæstri dagskrá á rétt á því að dagskráin og tengdir gagnastraumar fari óhindruð um aðgangskassa án endurgjalds.
- Rekstraraðilar skilyrtra aðgangskerfa skulu ekki útiloka notkun annarra aðgangskassa en þeirra eigin, að því tilskyldu að kassarnir uppfylli tæknilegar kröfur sem þarf til að tengjast kerfinu. Í þeim tilgangi að gera notkun annarra aðgangskassa mögulega skulu rekstraraðilar skilyrtra aðgangskerfa birta upplýsingar um tæknilega eiginleika aðgangskerfisins.
- Rekstraraðili skilyrts aðgangskerfis skal í bókhaldi sínu halda rekstri aðgangskerfisins aðskildum frá öðrum rekstri.
- Rekstraraðila skilyrts aðgangskerfis er skylt að veita aðgang að forritatengslum með skilmálum sem eru réttmætir, sanngjarnir og án mismununar.

- Rekstraraðila skilyrta aðgangskerfis er skylt að veita útvarpsstöðvum og efnisveitendum aðgang að rafrænum dagskrárvísum með skilmálum sem eru réttmætir, sanngjarnir og án mismununar.

192. Skyldur samkvæmt þessum reglum hvíla á rekstaraðilum aðgangskerfa án tillits til markaðsstyrks. Þó er heimilt í kjölfar markaðsgreiningar að afléttu eða breyta kvöðum, gagnvart þeim fyrirtækjum sem ekki hafa umtalsverða markaðshlutdeild, að því marki sem slíkar ákvarðanir hafa ekki neikvæð áhrif á möguleika notenda til þess að taka á móti dagskrám sem skylt er að flytja samkvæmt 55. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, eða á samkeppnishorfur á smásölmörkuðum fyrir útvarpsþjónustu eða á mörkuðum fyrir skilyrt aðgangskerfi og tengda þjónustu.

4.11 Almenn ákvæði um samnýtingu aðstöðu

193. Samkvæmt 25. gr. laga um fjarskipti getur PFS skyldað fjarskiptafyrirtæki til að semja um samhýsingu eða annars konar samnýtingu, þ.m.t. á kapalrennum eða rörum, byggingum eða möstrum við tilteknar aðstæður. Þetta á við þegar fjarskiptafyrirtæki hefur rétt á að setja upp eða grafa niður fjarskiptavirki á afréttum, almenningum eða eignarlöndum, eða getur tekið land eignarnámi, eða þegar um er að ræða sérstaka landfræðilega aðstöðu eða umhverfissjónarmið réttlæta samnýtingu.

194. Þetta ákvæði á við um fjarskiptafyrirtæki án tillits til markaðsstyrks. Ákvæðið getur haft þýðingu fyrir útvarpsstöðvar sem vilja setja upp senda í möstrum annarra fyrirtækja og samnýta þá aðstöðu sem er á viðkomandi sendistað.

195. Ekki hefur ennþá komið til þess að ákvæði þessu hafi verið beitt vegna mála sem tengast útvarpsdreifikerfum.

4.12 Ákvarðanir samkeppnisyfirvalda

4.12.1 Samrunar fjarskipta- og sjónvarpsfyrirtækja

196. Seint á árinu 2004 keypti Síminn meirihluta hlutabréfa í Íslenska sjónvarpsfélöginnu (Skjárin). Nokkru síðar var tilkynnt um viðskipti sem fólu í sér samruna Vodafone og 365 ljósvakamiðla. Með umræddum fyrirtækjakaupum freistuðu fjarskiptafyrirtækin, Síminn og Vodafone, þess m.a. að tryggja sér sjónvarpsefni til dreifingar um fjarskiptanet sín.

197. Kaup Símans og Vodafone fólu í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislagsa. Báðir samrunarnir voru taldir leiða til eða styrkja markaðsráðandi stöðu hinna sameinuðu fyrirtækja. Með áðurnefndum fyrirtækjakaupum urðu til tveir hópar fyrirtækja sem hvor um sig er settur saman af fjarskipta- og sjónvarpsfyrirtækji. Að öllu óbreyttu hefðu þessar fyrirtækjablokkir, sem eiga nær allar einkareknar sjónvarps- og hljóðvarpsstöðvar hér á landi, yfir að ráða langmestum hluta af öllu eftirsóknarverðu erlendu sjónvarpsefni sem einkareknum stöðvum stendur til boða. Auk þess skiptu umrædd fjarskiptafyrirtæki, Síminn og Vodafone, sem stýra hvorri fyrirtækjablokkinni fyrir sig, í grundvallaratriðum með sér íslenska fjarskiptamarkaðnum. Að mati Samkeppnisráðs var ljóst að samrunarnir myndu leiða til mikillar samþjöppunar á þeim samkeppnismörkuðum sem þeir hefðu áhrif á.

Samþjöppunin gæti leitt til útilokunar keppinauta frá viðkomandi mörkuðum og skaðað hag neytenda, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið, með því að fyrirtækin samtvinni ólíka þjónustu fjarskipta- og fjölmiðlunar og með því að þau mismuni öðrum sem á markaðnum starfa.

198. Í mars 2005 birtust úrskurðir Samkeppnisráðs í málunum tveimur. Þar kemur fram að samkeppnisráð ákvað að heimila samruna Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. annars vegar og samruna Vodafone og 365 – ljósvakamiðla ehf. og 365 – prentmiðla ehf. hins vegar, með skilyrðum. Skilyrðin sem sett voru snerta marga þá þætti sem fjallað hefur verið um hér að framan.

4.12.2 Ákvarðanir sem beinast að Símanum og Skjánum

199. Í ákvörðun um samruna Símans (sem hét þá Landssími Íslands) og Skjásins (sem hét þá Íslenska sjónvarpsfélagið) nr. 10/2005 koma fram eftirfarandi skilyrði fyrir því að samrunin verði heimilaður:

1. *Starfsemi Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. skal rekin sem sjálfstæður lögaðili frá og með 1. júlí 2006. Núverandi sjónvarpsrekstur Landssíma Íslands hf. á Breiðbandinu skal sameinaður Íslenska sjónvarpfélaginu hf. í síðasta lagi frá og með sama tíma. Reikningsskil Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. skulu frá og með 1. júlí 2006 vera sjálfstæð og skal löggiltur endurskoðandi Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. ekki annast endurskoðunarstörf fyrir annan rekstur sem tengist starfsemi móðurfélagsins Landssíma Íslands hf. og/eða annarra tengdra fyrirtækja frá og með sama tíma. Reikningsskil Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. skulu eftir 1. júlí 2006 liggja fyrir opinberlega.*

2. *Frá og með 1. júlí 2006 skulu reikningsskil vegna rekstrar Íslenska sjónvarpsfélagsins liggja fyrir eins og almennt gerist í samræmi við lög um ársreikninga og skal bókhald vegna rekstrar Íslenska sjónvarpsfélagsins vera aðskilið frá bókhaldi Landssíma Íslands og dótturfélaga Landssíma Íslands, sbr. reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, nr. 960/2001. Löggiltur endurskoðandi Landssíma Íslands skal staðfesta við Samkeppnisstofnun innan sex mánaða frá dagsetningu þessarar ákvörðunar að fjárhagslegur aðskilnaður hafi verið framkvæmdur.*

3. *Eftir 1. júlí 2006 skulu stjórnarmenn, forstjóri og framkvæmdastjórar Landssíma Íslands hf. ekki sitja í stjórn Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. Jafnframt skulu aðrir starfsmenn Landssíma Íslands hf. ekki koma að daglegum störfum fyrir Íslenska sjónvarpsfélagið hf. Á sama hátt skulu stjórnarmenn, forstjóri og framkvæmdastjórar Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. eftir 1. júlí 2006 ekki sitja í stjórn Landssíma Íslands hf. Jafnframt skulu aðrir starfsmenn Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. ekki koma að daglegum störfum fyrir Landssíma Íslands hf.*

4. *Viðskipti milli Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. skulu vera á sama grundvelli og viðskipti milli óskyldra aðila. Þannig skulu skuldir og ábyrgðir milli Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. vera á markaðskjörum. Íframangreindu felst að öll viðskipti milli Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. skulu verðlögð á markaðsverði.*

5. *Landssíma Íslands hf. er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á þjónustu sem fyrirtækið veitir að einhver þjónusta Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. skuli fylgja með í kaupunum. Jafnframt er Landssíma Íslands hf. óheimilt að tvinna saman í sölu þjónustu fyrirtækisins og þjónustu Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. gegn verði eða viðskiptakjörum sem jafna má til slíks skilyrðis.*

6. *Í viðskiptum og öðrum samskiptum við viðskiptavini fyrirtækjanna og aðra neytendur, svo sem við innheimtu á áskriftargjöldum og í kynningu og markaðssetningu fyrirtækjanna, skulu Landssími Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagið hf. koma fram hvort í sínu lagi eins og um tvö óskyld fyrirtæki sé að ræða. Framangreint kemur ekki í veg fyrir að fyrirtækin kaupi þjónustu hvort af öðru í samræmi við 4. tölulið þessara skilyrða eða að þau standi sameiginlega að rekstri sem nýtist báðum fyrirtækjum, t.d. á sameiginlegu þjónustuveri.*

7. *Landssími Íslands hf. skal veita öðrum en Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. aðgang að dreifikerfum sínum fyrir sjónvarp og útvarp. Í þeim tilgangi skal Landssími Íslands hf. útbúa gjaldskrá þar sem fram kemur verð fyrir aðganginn. Skal Landssími Íslands birta gjaldskrána opinberlega og á aðgengilegan hátt eigi síðar en 1. september 2005. Gjaldskrá þessi skal vera málefnaleg og hlutlæg og gilda jafnt í viðskiptum Landssíma Íslands hf. við Íslenska sjónvarpsfélagið hf. og viðskiptum Landssíma Íslands hf. við aðra aðila.*

8. *Landssími Íslands hf. skal heimila Internetsþjónustuveitum að áfram selja ADSL tengingar fyrirtækisins gegn sama verði og viðskiptakjörum og Internetsþjónusta Landssíma Íslands hf. nýtur þannig að jafnræðis sé gætt milli Internetsþjónustu Landssíma Íslands hf. og annarra Internetsþjónustuveitna.*

9. *Landssími Íslands hf. skal gæta þess að ADSL-endabúnaður (mótald/beinir), sem ADSL-þjónusta Símans afhendir með sjónvarpsþjónustu, sé samhæfður Internetsþjónustu allra þeirra Internetsþjónustuveitna sem uppfylla málefnaleg skilyrði til að veita þjónustu yfir ADSL-kerfi Landssíma Íslands hf. Þetta fyrirkomulag skal endurskoðað þegar ADSL-endabúnaður fyrir sjónvarp hefur almennt verið staðlaður og í síðasta lagi 31. desember 2006.*

10. *Íslenska sjónvarpsfélagið hf. skal verða við öllum málefnalegum beiðnum fyrirtækja í Internetsþjónustu um dreifingu á sjónvarps- og útvarsmerki Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. á rásum í opinni og læstri dagskrá, að undanskildum rásum sem flytja viðstöðulaust endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva. Framangreint er háð því skilyrði að Íslenska sjónvarpsfélagið hf. eigi rétt til dreifingar samkvæmt viðkomandi dreifileið, að slík dreifing sé tæknilega möguleg og að dreifingin uppfylli málefnalegar kröfur fyrirtækisins um gæði myndar og hljóðs.*

11. *Íslenska sjónvarpsfélagið hf. skal verða við öllum málefnalegum beiðnum fyrirtækja í stafrænni sjónvarpsdreifingu um dreifingu sjónvarps- og útvarsmerkis Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. á rásum í opinni og læstri*

dagskrá, að undanskildum rásum sem flytja viðstöðulaust endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva. Framangreint er háð því skilyrði að Íslenska sjónvarpsfélagið hf. eigi rétt til dreifingar samkvæmt viðkomandi dreifileið, að slík dreifing sé teknilega möguleg og að dreifingin uppfylli málfnalegar kröfur fyrirtækisins um gæði myndar og hljóðs. Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. og/eða Landssíma Íslands hf. er heimilt að setja það skilyrði fyrir dreifingu sjónvarps- og útvarpsrásá í eigu fyrirtækjanna til aðila sem annast stafræna sjónvarpsdreifingu og tengdra aðila að þeir bjóði Landssíma Íslands hf. og/eða Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. gagnkvæma dreifingu á eigin sjónvarps- og útvarpsrásum í opinni og læstri dagskrá, þ.m.t. um ljósleiðara- og koparnet Landssíma Íslands hf.

12. *Í tilviki áskriftarstöðva Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. er fyrirtækinu heimilt að setja það skilyrði gagnvart fyrirtækjum í Internetsþjónustu og í stafrænni sjónvarpsdreifingu að sjónvarpsmerkinu skuli dreift um þann afruglunarþúnað (myndlykil) er Íslenska sjónvarpsfélagið hf. lætur áskrifendum í té fram til 1. júlí 2007*

13. *Aðgangur að afruglunarþúnaði (myndlykli), sem Landssími Íslands hf. og/eða Íslenska sjónvarpsfélagið hf. lætur í té, skal vera í samræmi við reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um skilyrt aðgangskerfi og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp.*

14. *Til að tryggja að jafnræðis sé gætt milli keppninauta á sjónvarps- og útvarpsmarkaði og markaði fyrir dreifingu á sjónvarps- og útvarpsmerkjum skal Landssími Íslands hf. veita keppinatum sínum og keppinatum Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. á markaði aðgang að upplýsingum sem tengast grunnfjarskipta- og dreifingarþjónustu Landssíma Íslands hf. á sjónvarps- og útvarpsmarkaði og hafa viðskiptalega þýðingu, s.s. upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á verðlagningu, fyrirhugaða nýja þjónustu, dreifingu, tilraunaútsendingar og tæknileg atriði. Í þessu felst að keppinutar skulu fá þessar upplýsingar á sama tíma og viðkomandi deildir Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og í sams konar formi. Íslenska sjónvarpsfélagið hf. skal einnig veita öðrum dreifingaraðilum aðgang að dagskrá útvarps- og sjónvarpsrásá, sem fyrirtækið rekur, á sama hátt og Landssíma Íslands hf.*

15. *Þeim starfsmönnum Landssíma Íslands hf., sem við á og búa yfir upplýsingum um viðskipti og viðskiptakjör, er óheimilt að veita starfsmönnum Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. upplýsingar um viðskipti og/eða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina Landssíma Íslands hf. Á sama hátt er viðkomandi starfsmönnum Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. óheimilt að veita starfsmönnum Landssíma Íslands hf. upplýsingar um viðskipti og/eða þau viðskiptakjör sem Íslenska sjónvarpsfélagið hf. nýtur hjá öðrum dreifingarfyrirtækjum. Þeir starfsmenn Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., sem við á og búa yfir þeim upplýsingum sem hér um ræðir, skulu undirrita sérstaka yfirlýsingum um þagnarskyldu og trúnað þar um. Afrit þeirra yfirlýsinga skal sent Samkeppnisstofnun eigi síðar en þegar gengið hefur verið frá samningum um dreifingu á grundvelli 10. og 11. liðar.*

200. *Til einföldunar er hægt að skipta skilyrðunum í nokkra flokka:*

- Aðgangur að neti: 7. og 8. liður
- Gagnsæi: 7. liður
- Jafnræði: 7. og 14. liður
- Aðskilnaður (félaga, fjárhags og stjórnunar): 1., 2., 3., 4., 6. og 15. liður
- Aðgangur að efni: 10. og 11. liður
- Bann við samtvinnun: 5. liður
- Tækniatriði: Liðir 9, 12 og 13.

201. Ef skilyrðin eru borin saman við þær kvaðir sem PFS getur verið heimilt að leggja á þá má segja að skilyrði samkeppnisráðs samsvari kvöð um aðgang að útvarpsdreifikerfi, kvöð um gagnsæi og kvöð um jafnræði. Kveðið er á um fjárhagslegan aðskilnað sjónvarpsstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi, en ekki er kveðið á um að aðskilja skuli bókhald vegna útvarpsdreifikerfis frá annarri fjarskiptastarfsemi. Ekki er kveðið á um að verð fyrir aðgang að dreifikerfi skuli vera byggt á kostnaði. Gjaldskrá skal hins vegar vera málefnaleg og hlutlæg og gilda jafnt í viðskiptum Símans við Skjáinn og í viðskiptum Símans við aðra aðila.

202. Auk skilyrða sem samsvara kvöðum skv. fjarskiptalögum eru sett skilyrði um aðgang annarra fjarskiptafélaga að sjónvarpsefni til dreifingar og bann við samtvinnun.

203. Eftir að þessi ákvörðun tók gildi áttu önnur fjarskiptafyrirtæki í erfiðleikum með að fá aðgang að sjónvarpsefni frá Íslenska sjónvarpsfélaginu. Samkeppniseftirlitið birti bráðabirgðaákvörðun 12. september 2005 þar sem því var fylgt eftir að aðgangur væri veittur að sjónvarpsefni.³¹

204. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2007 var 3. tl. ákvörðunar 10/2005 breytt og eru skilyrði tengd stjórnarsetu nú svohljóðandi:

1. *Að hámarki verður einum stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða forstjóra Símans hf. heimilt að sitja jafnframt í stjórn Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. á hverjum tíma. Aðrir starfsmenn Símans hf. skulu ekki koma að daglegum störfum fyrir Íslenska sjónvarpsfélagið hf.*
2. *Stjórnarmenn, með þeiri undantekningu er fram kemur í lið 1. að ofan, forstjóri og framkvæmdastjórar Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. skulu ekki sitja í stjórn Símans hf. Jafnframt skulu aðrir starfsmenn Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. ekki koma að daglegum störfum fyrir Símann hf.*

4.12.3 Ákvarðanir sem beinast að Vodafone og/eða 365

205. Í fyrrnefndri ákvörðun Samkeppnisráðs um samruna Og fjarskipta hf. (Vodafone), 365 – ljósvakamiðla ehf. og 365 – prentmiðla ehf. nr. 12/2005 koma fram eftirfarandi skilyrði:

³¹ Ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2005

1. *Starfsemi 365 – ljósvakamiðla ehf. skal rekin sem sérstakur lögaðili sem skal vera aðskilinn frá rekstri Og fjarskipta hf. frá og með 1. janúar 2006.*
2. *Löggiltur endurskoðandi 365 – ljósvakamiðla ehf. skal staðfesta við Samkeppnisstofnun fyrir 1. janúar 2006 að fjárhagslegur aðskilnaður hafi verið framkvæmdur á milli 365 – ljósvakamiðla ehf. og Og fjarskipta hf.*
3. *Fyrir 1. janúar 2006 verður stofnað sérstakt móðurfélag 365 – ljósvakamiðla ehf. og Og fjarskipta hf. Sérstök stjórn skal skipuð yfir hvert hinna þriggja félaga, móðurfélagið, 365 – ljósvakamiðla ehf. og Og fjarskipti hf. Að hámarki verður einum stjórnarmanni eða forstjóra móðurfélagsins heimilt að sitja jafnframt í stjórn dótturfélaganna, 365 – ljósvakamiðla ehf. og Og fjarskipta hf., á hverjum tíma. Með þeiri undantekningu, sem felst í síðasta málslíð 3. töluliðar þessara skilyrða, skulu hvorki stjórnarmenn, forstjóri né framkvæmdastjórar 365 – ljósvakamiðla ehf. sitja í stjórn móðurfélagsins eða Og fjarskipta hf. Aðrir starfsmenn 365 – ljósvakamiðla ehf. en að framan greinir skulu ekki koma að daglegum störfum fyrir Og fjarskipti hf. Á sama hátt og með sömu undantekningu og að framan greinir skulu hvorki stjórnarmenn, forstjóri né framkvæmdastjórar Og fjarskipta hf. sitja í stjórn móðurfélagsins eða 365 – ljósvakamiðla ehf. Aðrir starfsmenn Og fjarskipta hf. en að framan greinir skulu ekki koma að daglegum störfum fyrir 365 – ljósvakamiðla ehf.*
4. *Viðskipti milli 365 – ljósvakamiðla ehf. og Og fjarskipta hf. skulu vera á sama grundvelli og viðskipti milli óskyldra aðila. Þannig skulu skuldir og ábyrgðir milli Og fjarskipta hf. og 365 – ljósvakamiðla ehf. vera á markaðskjörum. Í framangreindu felst að öll viðskipti milli Og fjarskipta hf. og 365 – ljósvakamiðla ehf. skulu verðlögð á markaðsverði.*
5. *365 – ljósvakamiðlum ehf. er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á þjónustu sem fyrirtækið veitir að einhver þjónusta Og fjarskipta hf. skuli fylgja með í kaupunum. Jafnframt er 365 – ljósvakamiðlum ehf. óheimilt að tvinna saman í sölu þjónustu fyrirtækisins og þjónustu Og fjarskipta hf. gegn verði eða viðskiptakjörum sem jafna má til slíks skilyrðis.*
6. *Í viðskiptum og öðrum samskiptum við viðskiptavini fyrirtækjanna og aðra neytendur, svo sem við innheimtu á áskriftargjöldum og í kynningu og markaðssetningu fyrirtækjanna, skulu 365 – ljósvakamiðlar ehf. og Og fjarskipti hf. koma fram hvort í sínu lagi eins og um tvö óskyld fyrirtæki sé að ræða. Framangreint kemur ekki í veg fyrir að fyrirtækin kaupi þjónustu hvort af öðru í samræmi við 4. tölulið þessara skilyrða eða að þau standi sameiginlega að rekstri sem nýtist báðum fyrirtækjunum, t.d. á sameiginlegu þjónustuveri.*
7. *365 – ljósvakamiðlar ehf. skulu verða við öllum málefnalegum beiðnum fyrirtækja um dreifingu á sjónvarps- og útværpsmerki 365 – ljósvakamiðla ehf. á rásum í opinni og læstri dagskrá, að undanskildum rásum sem flytja viðstöðulaust endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva. 365 – ljósvakamiðlum ehf. er heimilt að setja það sem skilyrði fyrir dreifingu á sjónvarps- og útværpsmerkjum fyrirtækisins að 365 – ljósvakamiðlar ehf. eigi rétt til dreifingar á dagskrá fyrirtækisins samkvæmt viðkomandi dreifileið, að slík dreifing sé tæknilega möguleg, að ruglun og afruglun merkja í læstri dagskrá sé*

á vegum 365 – ljósvakamiðla ehf. og að dreifingin uppfylli málefnalegar kröfur fyrirtækisins um gæði myndar og hljóðs. 365 – ljósvakamiðlum ehf. er óheimilt að gera aðrar og meiri kröfur til annarra dreififyrirtækja í framangreindu tilliti en gerðar verða til 365 – ljósvakamiðla ehf. og Og fjarskipta hf. 365 – ljósvakamiðlum hf. er heimilt að setja það skilyrði fyrir dreifingu sjónvarps- og útvarpsrása í eigu fyrirtækisins til aðila, sem annast stafræna sjónvarpsdreifingu, að þeir bjóði 365 – ljósvakamiðlum ehf. gagnkvæma dreifingu á eigin sjónvarps- og útvarpsrásum í opinni og læstri dagskrá.

8. 365 – ljósvakamiðlum ehf. er óheimilt að gera að skilyrði gagnvart dreifingarfyrirtækjum samkvæmt 7. tölulið eða viðskiptavinum í áskriftarsjónvarpi að endabúnaður og/eða afruglunarþúnaður frá 365 – ljósvakamiðlum ehf. eða Og fjarskiptum hf. verði notaður fyrir móttöku og afruglun á sjónvarps- og/eða útvarpsmerkjum fyrirtækisins. Aðgangur að afruglunarþúnaði, sem fyrirtækin selja/afhenda, skal vera í samræmi við reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um skilyrt aðgangskefni og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp. Skulu 365 – ljósvakamiðlar ehf. veita dreifingaraðilum allar nauðsynlegar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru til þess búnaðar sem nauðsynlegur er. Einnig skulu 365 – ljósvakamiðlar ehf. veita nauðsynlegar upplýsingar til stillingar á endabúnaði og/eða afruglunarþúnaði þannig að unnt sé að dreifa sjónvarps- og útvarpsmerkjum um hann. Upplýsingarnar skulu birtar opinberlega og á aðgengilegan hátt.

9. Til að tryggja að jafnræðis sé gætt milli keppinauta á markaði fyrir dreifingu á sjónvarps- og útvarpsmerkjum skulu 365 – ljósvakamiðlar ehf. veita dreifingarfyrirtækjum samkvæmt 7. tölulið aðgang að upplýsingum sem tengjast sjónvarps- og útvarpsþjónustu fyrirtækisins og hafa viðskiptalega þýðingu, s.s. upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á verðlagningu, fyrirhugaða nýja þjónustu, dreifileiðir, tilraunaútsendingar og tæknileg atriði. Í þessu felst að keppinautar skulu fá þessar upplýsingar á sama tíma og viðkomandi deildir Og fjarskipta hf. og 365 – ljósvakamiðla ehf. og í sams konar formi. 365 – ljósvakamiðlar ehf. skulu einnig veita öðrum aðilum aðgang á jafnréttisgrundvelli að dagskrá útvarps- og sjónvarpsrása sem fyrirtækið rekur.

10. Þeim starfsmönnum Og fjarskipta hf., sem við á og búa yfir upplýsingum um viðskipti og viðskiptakjör, er óheimilt að veita starfsmönnum 365 – ljósvakamiðla ehf. upplýsingar um viðskipti og/eða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina Og fjarskipta hf. Á sama hátt er viðkomandi starfsmönnum 365 – ljósvakamiðla ehf. óheimilt að veita starfsmönnum Og fjarskipta hf. upplýsingar um viðskipti og/eða þau viðskiptakjör sem 365 – ljósvakamiðlar ehf. njóta hjá öðrum dreifingarfyrirtækjum. Þeim starfsmenn Og fjarskipta hf. og 365 – ljósvakamiðla ehf., sem við á og búa yfir þeim upplýsingum sem hér um ræðir, skulu undirrita sérstaka yfirlýsingum um þagnarskyldu og trúnað þar um. Afrit þeirra yfirlýsinga skal sent Samkeppnisstofnun eigi síðar en 1. apríl 2005.

206. Skilyrði þau sem sett voru fyrir samruna Vodafone og 365 voru að hluta til hliðstæð skilyrðum sem sett voru fyrir samruna Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins. Það á við um skilyrði varðandi aðskilnað milli fyrirtækjanna og

kvaðir sem snúa að efnisveitunni. Hins vegar eru ekki sett skilyrði um aðgang annarra efnisveita að dreifikerfum 365 eða Vodafone.

207. Eftir þessa ákvörðun voru gerðar breytingar á rekstrarformi samstæðunnar sem gengu lengra heldur en ákvörðunin sagði til um. Í stað eins sameiginlegs móðurfélags yfir fjöldi og fjarskiptafélögunum voru stofnuð tvö aðskilin móðurfélög, 365 yfir fjöldahlutanum og Teymi yfir fjarskipta- og upplýsingatæknihlutanum. Öll dreifikerfi voru færð yfir í fjarskiptafélagið Og Fjarskipti ehf. (Vodafone).

208. Á árinu 2007 fór fyrirtækið Canal Digital Íslandi ehf. (CDI) fram á að fá sjónvarpsdagskrár 365 til dreifingar um gervihnött. 365 neitaði að afhenda merkið nema með því skilyrði að 365 fengi aðgang að viðskiptamannagrunni CDI. Samkeppniseftirlitið taldi þetta ekki réttmætt skilyrði og að brotið hefði verið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2005. Með bráðabirgðaákvörðun 1/2007 mælti stofnunin fyrir um eftirfarandi atriði:

1. *365 miðlum ehf. ber þegar í stað að afhenda sjónvarpsmerki stöðva sinna til Canal Digital á Íslandi ehf. gegn því að síðarnefnda félagið uppfylli þær kröfur sem 365 miðlum ehf. er heimilt að gera samkvæmt ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2005, sbr. nánar í ákvörðun þessari.*
2. *365 miðlum ehf. er óheimilt að setja það skilyrði fyrir afhendingu sjónvarpsmerkja sinna að hafa aðgang að viðskiptamannabókhaldi Canal Digital á Íslandi ehf. sem m.a. varðar áskrifendur að sjónvarpsstöðum í eigu 365 miðla ehf.*
3. *365 miðlum ehf. er heimilt að krefjast þess að óháður aðili fari yfir upplýsingar Canal Digital á Íslandi ehf. um fjölda áskrifenda að miðlum 365 miðla ehf. sem kaupa áskrift að miðlunum af Canal Digital á Íslandi ehf.*

209. Bráðabirgðaákvörðun þessi gilti til 1. apríl 2008. Hún hefur ekki verið staðfest með endanlegri ákvörðun og Canal Digital á Íslandi hefur ekki hafið þjónustu á Íslandi.

4.12.4 Áhrif ákvarðana samkeppnisyfirvalda

210. Eitt af mikilvægustu skilyrðunum sem fyrirtækjunum var sett í ofangreindum ákvörðunum er skylda til að bjóða efni sitt á öðrum dreifileiðum (e. may carry). Slík skilyrði auka möguleika neytenda á því að velja sér fjarskiptafyrirtæki. Þetta á að koma í veg fyrir að skortur á eftirsóttu sjónvarpsefni hamli fjarskiptafyrirtækjum að keppa um neytendur á mörkuðum fyrir aðgangskerfi.

211. Skylda til dreifingar á sjónvarpsefni annarra aðila (must carry) hvílir aðeins á Símanum samkvæmt þessum ákvörðunum. Fyrirtækin hafa þó samið um gagnkvæma dreifingu á innlendum dagskrám og sjónvarpsdagskrám annarra íslenskra sjónvarpsstöðva, s.s. RÚV er dreift á kerfum Símans og Vodafone.

5.0 Þröskuldur fyrir fyrirfram (ex ante) kvaðir

5.1 Almennt

212. Ef innlent eftirlitsstjórnvald á fjarskiptasviði skilgreinir þjónustumarkaði með öðrum hætti en gert er í tilmælum ESA um viðkomandi markaði, þá þarf að leggja mat á það hvort þeir markaðir eru þess eðlis að til greina komi að beita fyrirfram (ex ante) kvöðum gagnvart fyrirtækjum á mörkuðunum.³² Við það mat skal beita sömu aðferðafræði og beitt var þegar markaðir voru skilgreindir í tilmælunum sbr. kafla 1.4.3. hér að framan.

213. Að mati PFS eru aðstæður hér á landi þannig að ekki er hægt að skilgreina einn sameiginlegan heildsölumarkað fyrir útsendingarþjónustu. PFS hefur komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að skipta heildsölumarkaði útvarpsdreifingar til notenda í fimm undirmarkaði þar sem staðgöngu skorti milli mismunandi dreifikerfa. Þetta eru heildsölumarkaðir útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum, hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum, stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á þráðlausum netum, stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum og stafrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervihnött. Með þessu er vikið frá skilgreiningu tilmælanna og kallað það á sérstaka skoðun á því hvort eðli markaðanna sé slíkt að kallað geti á fyrirfram kvaðir.

214. Við mat á því hvort beita megi fyrirfram kvöðum á viðkomandi mörkuðum þarf að skoða þrjú atriði sem koma fram í 12. tl. aðfaraorða tilmæla ESA. Öll þessi atriði þurfa að eiga við svo að taka megi viðkomandi markað til greiningar með það fyrir augum að skoða beitingu fyrirfram kvaða. Þau þrjú atriði sem þurfa að vera fyrir hendi eru eftirfarandi:

- 1) Að um sé að ræða miklar og viðvarandi aðgangshindranir, hvort sem þær eiga sér skipulagslegar, lagalegar eða stjórnsýslulegar orsakir. Horfa þarf til þess hvort unnt sé að yfirvinna slíkar hindranir á tímabilinu sem miðað er við, með tilliti til þess hvað fjarskiptamarkaðir eru sveigjanlegir.
 - a. Aðgangshindranir varðandi skipulag eða formgerð markaðar geta t.d. tengst umfangi fjarskiptanets, óafturkræfum kostnaði og yfirráðum yfir aðstöðu sem erfitt er að koma sér upp.
 - b. Lagalegar eða stjórnsýslulegar hindranir geta t.d. tengst tíðniúthlutunum.
- 2) Að ekki sé að vænta virkrar samkeppni á tímabilinu sem miðað er við. Í tengslum við þetta þarf meðal annars að rannsaka hvaða samkeppnisskilyrði liggja að baki aðgangshindrununum.
- 3) Að beiting gildandi samkeppnisréttar á Evrópska efnahagssvæðinu myndi ekki nægja ein og sér til að bæta úr þar sem markaðurinn hefur brugðist.
 - a. Ef umfangsmiklar aðgerðir þarf til að leiðréttu markaðsbrest.

³² Sjá 6. 7. og 15. gr. Rammatiskipunar, 22 tl. aðfaraorða Tilmæla ESA um viðkomandi markaði og Kafla 3.2. og 3.3 í skýringum (Explanatory Memorandum) með til mælum framkvæmdastjórnar ESB um viðkomandi markaði

- b. Ef hafa þarf afskipti tiltölulega oft og án tafa.
- c. Ef sérstakar aðgerðir þarf til þess að skapa lagalegan fyrirsjáanleika.

215. Af ofangreindum fimm þjónustumörkuðum er markaður fyrir gervihnattadreifingu millilandamarkaður og það er því ekki á valdsviði PFS að hafa afskipti af honum. Hann verður því ekki skoðaður frekar í þessari greiningu. Hinir fjórir þjónustumarkaðirnir verða í eftifarandi köflum skoðaðir út frá ofangreindu þremur atriðum sem þurfa að vera til staðar svo beita megi kvöðum.

5.2 Markaður útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum

5.2.1 Aðgangshindranir

216. Fyrsta skilyrðið sem þarf að vera fyrir hendi til þess að ástæða geti talist til að hafa afskipti af markaði með fyrirfram kvöðum skv. fjarskiptalögum er að miklar og viðvarandi aðgangshindranir séu í veki fyrir innkomu á viðkomandi markað.

217. Að mati PFS er það ekki sérstaklega erfitt að koma sér upp aðstöðu til hljóðvarpsdreifingar. FM sendar eru ekki mjög dýrir og ekki þarf marga senda til þess að ná til stórs hluta landsmanna. Jafnvel er hægt að ná til helming landsmanna með einum sendi á suðvestur horninu.

218. Útværpsstöðvar eiga yfirleitt sína eigin senda og útværpsdreifing er því sjaldnast í boði í heildsölu. Þó breyttu 365 og Vodafone þessu fyrirkomulagi við skiptingu fyrirtækjanna þar sem Vodafone tók yfir öll dreifikerfi 365 þar á meðal FM dreifikerfið. Vodafone býður þó ekki öðrum en 365 upp á dreifingu FM hljóðvarps.


219. Algengt er að ýmis konar aðstaða, flutningslínur, tækniaðstoð og viðhald sé fengið frá öðru fyrirtæki, t.d. Mílu. Tvö fyrirtæki, Míla og Fjarski, bjóða aðgang að möstrum og tilheyrandi aðstöðu. Auk þess hafa útværpsstöðvar fengið aðstöðu í háum byggingum. Lítið sem ekkert hefur verið um kvartanir vegna mála sem tengjast aðgangi að aðstöðu fyrir útværpsenda og ályktar PFS því að tiltölulega auðvelt sé að fá slíka aðstöðu á viðunandi kjörum.

220. Til þess að hefja rekstur útværpsdreifikerfis þarf í raun aðeins að fjárfesta í sendi, aðra aðstöðu getur útværpsstöð leigt af öðrum. Kostnaður við hljóðver er ekki talinn með enda tilheyrir hann ekki dreifikerfinu. Þetta leiðir til þess ekki er hættá á miklum óafturkræfum kostnaði í útværpsdreifingu. Oft er jafnvel hægt að koma notuðum útværpssendum í verð þegar fyrirtæki ákveður að fara af markaðnum.

221. Síðan einkaréttur RÚV til hljóðvarpsútsendinga var afnuminn um áramótin 1985/1986 hefur verið töluberð hreyfing á markaðnum. Yfir 40 einkareknar útværpsstöðvar hafa hafið rekstur. Sumar þeirra eru enn starfandi en aðrar hafa ekki enst lengi á markaðnum. Þetta bendir til þess að inngöngu og útgönguhindranir á markaðnum séu ekki miklar. Um þessar mundir senda um 20 hljóðvarpsstöðvar út reglulega. Þar af eru 13 stöðvar í einkaeign skv. skráningu útværpsréttarnefndar og sex dagskrárrásir eru á vegum RÚV, ef svæðisdagskrár eru taldar með.

Hljóðvarpsstöðvum fjölgæði nær samfellt frá árinu 1986 að telja og fram til 2001 þegar starfandi hljóðvarpsstöðvar voru flestar eða 26.

Mynd 5-1: Hljóðvarpsstöðvar í einkaeign 2007



Heimild: Fjölmiðlaskýrsla 2005³³ og PFS

222. Litlar sem engar lagalegar aðgangshindranir eru að þessum markaði. Sækja þarf um heimild PFS til tíðninotkunar fyrir þráðlaus hljóðvarpsdreifikerfi. Slík heimild er auðfengin þar sem enginn skortur er á tíðnum. Ef rekstaraðili dreifikerfis sendir út sína eigin dagskrá þá þarf hann einnig að sækja um útvardsleyfi útvárþréttarnefndar. PFS veit ekki til þess að erfitt sé að afla sér slíks leyfis. Það skal tekið fram að útvardsleyfi varðar í raun ekki starfsemi á markaði fyrir dreifikerfi heldur það efni sem sent er út.

223. Sá sem hyggst setja upp hljóðvarpssenda getur þurft samþykki skipulagsyfirvalda til þess að setja upp möstur eða aðra aðstöðu. Það er þó algengast að fyrirtæki samnýti aðstöðu sem þegar er til staðar. PFS er ekki kunnugt um að fyrirtæki hafi lent í erfiðleikum með að fá samþykki skipulagsyfirvalda fyrir uppsettingu hljóðvarpssenda.

5.2.2 Niðurstaða

224. Niðurstaða PFS varðandi heildsöluverð útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum er sú að miklar og viðvarandi aðgangshindranir séu ekki fyrir hendi. Megin ástæður fyrir þeirri niðurstöðu eru að kostnaður við að koma sér upp dreifikerfi er viðráðanlegur, enginn skortur er á tíðnum og tölverð hreyfing

³³ Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla, apríl 2005.

er á fyrirtækjum inn og út af markaðnum. Til þess að til greina komi að beita fyrirfram kvöðum á markaði þurfa öll þrjú fyrrnefnd skilyrði, varðandi aðgangshindranir, mögulega samkeppni og almennar samkeppnisreglur, að vera fyrir hendi. PFS hefur komist að þeirri niðurstöðu að fyrsta skilyrðið um miklar og viðvarandi aðgangshindranir sé ekki uppfyllt hvað varðar heildsolumarkað útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum og því er ekki ástæða til að kanna sérstaklega hvort hin tvö skilyrðin séu uppfyllt. PFS hyggst þar af leiðandi ekki skoða þennan markað frekar.

5.3 Heildsolumarkaður útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum

5.3.1 Aðgangshindranir


225. Telja verður að umtalsverður kostnaður fylgi því að hefja sjónvarpsdreifingu. Jafnvel þó að dreifikerfi hafi takmarkað útbreiðslusvæði er búnaður slíks kerfis mun dýrari en búnaður hljóðvarpskerfis. Auk þess virðast sjónvarpsstöðvar oft stefna að meiri útbreiðslu en hljóðvarpsstöðvar. Sjónvarpsstöðvar eru með dýrara dagskrárefni og þurfa að selja það til sem flestra auk þess sem stærra útbreiðslusvæði bætir stöðu þeirra til selja auglýsingatíma.

226. Sjónvarpsstöðvar eiga yfirleitt sína eigin senda og hliðræn sjónvarpsdreifing er því sjaldnast í boði í heildsölu. Þó breyttu 365 og Vodafone þessu fyrirkomulagi við skiptingu fyrirtækjanna þar sem Vodafone tók yfir öll dreifikerfi 365 þar á meðal hliðræna sjónvarpsdreifikerfið. Vodafone býður þó ekki öðrum en 365 upp á dreifingu hliðræns sjónvarps.

227. Algengt er að ýmis konar aðstaða, flutningslínur, tækniaðstoð og viðhald sé fengið frá öðru fyrirtæki, t.d. Mílu. Tvö fyrirtæki, Míla og Fjarski, bjóða aðgang að möstrum og tilheyrandi aðstöðu. Auk þess hafa sjónvarpsstöðvar fengið aðstöðu í háum byggingum. Lítið sem ekkert hefur verið um kvartanir vegna mála sem tengjast aðgangi að aðstöðu fyrir sjónvarpssenda og ályktar PFS því að tiltölulega auðvelt sé að fá slíka aðstöðu á viðunandi kjörum.

228. Frá því að einkaréttur Ríkisútvárpsins var afnuminn í ársbyrjun 1986 hafa yfir 10 einkareknar sjónvarpsstöðvar hafið útsendingar. Stöð 2 var fyrsta einkarekna sjónvarpsstöðin en útsendingar stöðvarinnar hófust í október 1986. Allt til ársins 1992 var Stöð 2 eina einkarekna sjónvarpsstöðin, en það ár hóf kristilega sjónvarpsstöðin Omega reglulegar útsendingar. Sjónvarpsstöðvunum fór síðan fjölgandi og eru nú 10, en þar af er um helmingur í eigu 365. Fyrirtæki sem reka sjónvarpsstöðvar í dag eru sex talsins. Þessi fyrirtæki reka öll sín eigin dreifkerfi, sem eru mjög mismunandi að umfangi.


Mynd 6-2: Sjónvarpsstöðvar 1986-2007



Heimild: Fjölmiðlaskýrsla 2005 og PFS

229. Líftími sjónvarpsstöðva er misjafn eins og sést á myndinni hér fyrir neðan. Sumar staldra stutt við en aðrar hafa haldið velli og eru enn á markaðnum eftir margra ára rekstur.

Mynd 6-3: Sjónvarpsstöðvar – Ár í rekstri



Heimild: Fjölmiðlaskýrsla 2005 og PFS

230. Sjónvarpið, Skjár 1, Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 teljast senda út á landsvísu en útsendingar þeirra ná til allra landshluta og flestra heimila. Útsendingarsvæði annarra stöðva takmarkast að mestu við suðvesturhorn landsins eða einstök bæjarfélög (Akureyri, Reykjavik og Vestmannaeyjar).

231. Af þessu sést að innkoma á sjónvarpsmarkaðinn með eigið dreifikerfi hefur verið möguleg á undanförnum árum. Fyrirtæki í sjónvarpsrekstri hafa þó aldrei orðið jafn mörg og fyrirtæki í hljóðvarpsrekstri. Undanfarin fjögur ár hefur ekkert nýtt fyrirtæki komið inn á þennan markað. Það getur m.a. skýrst af því að styttast fer í að hliðrænar útsendingar líði undir lok og eftir því sem nær dregur endalokum þessarar þjónustu minnka líkur á því að einhver fjárfesti í hliðrænu dreifikerfi. PFS metur það svo að í dag sé innkoma á þennan markað nánast óhugsandi þar sem svo stutt er í lokun hliðrænna kerfa að fjárfesting hefði ekki lengur möguleika á að borga sig upp á líftíma þjónustunnar.

232. Sækja þarf um heimild PFS til tíðninotkunar fyrir hliðræn þráðlaus sjónvarpsdreifikerfi. Ef rekstaraðili dreifikerfis sendir út sína eigin dagskrá þá þarf hann einnig að sækja um útvarpsleyfi útvarpsréttarnefndar. PFS veit ekki til þess að erfitt sé að afla sér slíks leyfis. Það skal tekið fram að útvarpsleyfi varðar í raun ekki starfsemi á markaði fyrir dreifikerfi heldur það efni sem sent er út. Þær rásir sem helst koma til greina til hliðrænnar sjónvarpsdreifingar þ.e. UHF, VHF og MMDS eru allar uppteknar á höfuðborgarsvæðinu í dag, en hægt er að finna lausar rásir í öðrum landshlutum. Þegar fyrirtæki sem nú stunda hliðræna dreifingu skipta alfarið yfir í stafræna þá koma væntanlega til með að losna rásir á höfuðborgarsvæðinu. Þeim verður þó tæplega úthlutað að nýju til hliðrænna útsendinga þar sem stefna stjórnvalda er skv. fjarskiptaáætlun að hliðrænar útsendingar leggist af árið 2010.

233. Sá sem hyggst setja upp sjónvarpssenda getur þurft samþykki skipulagsyfirvalda til þess að setja upp möstur eða aðra aðstöðu. Það er þó algengast að fyrirtæki samnýti aðstöðu sem þegar er til staðar. PFS er ekki kunnugt um að fyrirtæki hafi lent í erfiðleikum með að á samþykki skipulagsyfirvalda fyrir uppsetningu sjónvarpssenda.

5.3.2 Möguleg samkeppni

234. Eins fram kom í kafla 6.3.1 er ekki líklegt að frekari samkeppni verði í rekstri hliðrænna sjónvarpsdreifikerfa. Hins vegar getur samkeppni komið frá öðrum dreifikerfum s.s. stafrænum þráðlausum dreifikerfum sem geta boðið sömu þjónustu í betri gæðum og með fleiri mögulegum þjónustuþáttum án verulegs umframkostnaðar fyrir notendur.

5.3.3 Duga samkeppnisreglur ?

235. Í raun eru litlir möguleikar til þess að veita öðrum aðgang að hliðrænu dreifikerfi. Hliðrænt dreifikerfi ber aðeins eina dagskrá í einu og yfirleitt er það sama fyrirtækið sem rekur sjónvarpsstöð og dreifikerfi. Mögulegt er þó að veita aðgang að tengdri aðstöðu, s.s. möstrum. PFS er ekki kunnugt um deilumál milli fyrirtækja varðandi aðgang að slíkri aðstöðu.

236. PFS telur að þar sem þessi þjónustuleið er á útleið af markaðnum sé í raun ekki mikill tilgangur í því að leggja á kvaðir varðandi aðgang og annað sem honum getur fylgt. Líklegt er að þjónustan verði til staðar að einhverju leyti á áætluðum gildistíma þessarar greiningar eða 2-3 ár, en ekki mikið lengur en það. Ekki er líklegt að fleiri fyrirtæki muni sækjast eftir hliðrænni dreifingu á því tímabili og þau fyrirtæki

sem eru til staðar á markaðnum í dag virðast ekki eiga í erfiðleikum með aðgang að þeirri aðstöðu sem þau þurfa.

237. PFS telur að almennar samkeppnisreglur dugi til að taka á vandamálum sem upp gætu komið á þessum markaði enda eru deilumál mjög fátíð.

5.3.4 Niðurstaða

238. Niðurstaða PFS varðandi heildsöulumarkað útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum er sú aðgangshindranir séu fyrir hendi. Megin ástæður fyrir þeirri niðurstöðu eru kostnaður við að koma sér upp dreifikerfi, skortur á tíðnum og fyrirhuguð lokun hliðrænna dreifikerfi innan fárra ára. PFS telur ekki líkleg að frekari samkeppni verði innan þessa þjónustumarkaðar en samkeppni á eftir að koma frá stafrænum dreifikerfum. PFS telur að samkeppnisreglur dugi til þess að leysa vandamál sem upp kunna að koma á þessum markaði enda er mjög sjaldgæft að deilumál tengd þessum markaði komi inn á borð stjórvalda. PFS telur enn fremur að óviðeigandi sé að leggja á kvaðir á þessum þjónustumarkaði sem er á útleið og verður tæplega til staðar eftir 2-3 ár.

5.4 Heildsöulumarkaður útsendingarþjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á þráðlausum netum

5.4.1 Aðgangshindranir

239. Eitt fyrirtæki hefur komið sér fyrir á þessum markaði, en það er Vodafone sem tók yfir uppbyggingu og rekstur á stafrænu dreifikerfi 365 þegar félögin voru aðskilin árið 2006. Dreifikerfi Vodafone er umfangsmikið. Stafrænar UHF útsendingar ná til 98,6% landsmanna. Á UHF rásum getur Vodafone sent út sextán dagskrár samtímis. MMDS hluti netsins nær til suðvestur hornsins og hluta suðurlands. Á MMDS rásum er hægt að senda út yfir 100 dagskrár samtímis.

240. Vodafone er búið að leggja í umtalsverða kostnað við uppbyggingu á stafrænu dreifikerfi og hefur rekið það í nokkur ár og er komið með mikinn fjölda viðskiptavina. Það er því aðgangshindrun fyrir nýjan aðila að þurfa að leggja út í viðlíka kostnað til þess að komast inn á markaðinn og freista þess að ná í nógu marga viðskiptavini til þess að borga fjárfestinguna.

241. Möguleikar til þess að byggja upp umfangsminni dreifikerfi eru takmarkaðir eins og stendur. MMDS tíðnisviðið er allt í notkun skv. tímabundinni heimild. Rásir í UHF tíðnisviðinu voru boðnar út árið 2005 með þeim skilyrðum að þær yrðu notaðar í dreifikerfi sem næði til a.m.k. 98% landsmanna. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um með hvaða skilyrðum UHF rásum verður úthlutað í framtíðinni. Í útboði PFS á UHF tíðnum árið 2005 komu boð frá tveimur fyrirtækjum þ.e. 365 og RÚV. RÚV hefur enn ekki getað útvegað fjármagn til uppbyggingsar á stafrænu dreifikerfi. Það er því ljóst að kostnaður getur verið veruleg aðgangshindrun að þessum markaði.

242. Aðili sem hyggur á innkomu á þennan markað verður að afla sér tíðniheimildar hjá PFS. Ef hann hyggst senda út sýna eigin dagskrá þá þarf hann einnig að sækja um útvärpsleyfi. Um þessar mundir eru u.p.b. 10 rásir lausar á

suðvestur horninu sem hægt væri að nota fyrir stafræna UHF dreifingu. Það er því ekki skortur á rásum á þessu tíðnisviði, en eftir er að ákveða með hvaða skilyrðum þeim verður úthlutað. Það dregur nokkuð úr notagildi UHF rása að óheimilt er að nota þær fyrir endurvarp erlendra dagskráa, sbr. b-lið, 4. mgr., 6. gr. útvárpsлага nr. 53/2000. Ekki eru lausar rásir á MMDS tíðnisviðinu. Önnur tíðnisvið sem gætu flutt bæði innlendar og erlendar dagskrár eru laus, t.d. KU tíðnisviðið, en starfræksla dreifikerfis á því sviði hefur verið reynd hér á landi en hefur ekki gengið upp markaðslega.

243. Sá sem hyggst setja upp sjónvarpssenda getur þurft samþykki skipulagsyfirvalda til þess að setja upp möstur eða aðra aðstöðu. Það er þó algengast að fyrirtæki samnýti aðstöðu sem þegar er til staðar. PFS er ekki kunnugt um að fyrirtæki hafi lent í erfiðleikum með að fá samþykki skipulagsyfirvalda fyrir uppsetningu sjónvarpssenda.

5.4.2 Möguleg samkeppni

244. PFS telur ekki sennilegt að samkeppni verði virk innan þessa tiltekna þjónustumarkaðar á næstu 2-3 árum. Fyrirtækjum hefur staðið til boða tíðniheimildir til uppbryggingar á fleiri dreifikerfum á UHF en ekkert fyrirtæki hefur nýtt sér það nema Vodafone. RÚV hefur enn ekki hafið uppbryggingu dreifikerfis skv. sínu tíðnileyfi og óvist hvað gerist í þeim efnunum. Eitt dreifikerfi í lofti hefur verið í gangi í nokkur ár, þ.e. dreifikerfi Íslandsmiðils á KU tíðnisviðinu, en virðist nú hafa hætt starfsemi.

245. Þó að dreifing á fastlínú sé talin til annars þjónustumarkaðar þá er ekki ósennilegt að samkeppni geti orðið milli slíkra neta og þráðlausra kerfa. Það sem aðallega veldur því að greint er á milli þjónustumarkaða á fastlínú og í lofti er að þráðlausu dreifikerfin skortir gagnvirkni og þau hafa takmarkaða rásafjölda á meðan fastlínudreifing kallar á að notandinn kaupi ADSL þjónustu til þess að geta notað sjónvarpsþjónustuna. Fastlínudreifing hefur alla þjónustubætti sem þráðlausu kerfin bjóða upp á. Þar sem notkun á ADSL þjónustu er orðin mjög almenn hér á landi þá er stór hluti notenda sem ekki setur það fyrir sig að þurfa að kaupa ADSL þjónustu með sjónvarpsþjónustunni. Bæði sjónvarpsdreifing Vodafone og Símans hafa verulega stóran hóp notenda og eru þetta tvær mest notuðu dreifileiðirnar í dag. PFS telur að þráðlaus dreifinet geti orðið fyrir samkeppnislegum þrýstingi frá fastlínunetum á næstu árum.

5.4.3 Duga samkeppnisreglur ?

246. Samkvæmt samkeppnislögum nr. 44/2005 hefur Samkeppniseftirlitið úrræði til þess að bregðast við aðgerðum fyrirtækja sem hamlað gætu samkeppni. Í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur fram að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað séu bannaðar.

247. Í 11. gr. sömu laga er lagt bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu eins eða fleiri fyrirtækja. Slík misnotkun getur m.a. falist í því að:

- beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,
- settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tæknipróun, neytendum til tjóns,
- viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,
- sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

248. Neitun um aðgang að sjónvarpsdreifikerfi eða ósanngjarnir skilmálar fyrir aðgangi geta fallið undir þessi ákvæði samkeppnisлага.

249. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. samkeppnisлага geta aðgerðir Samkeppniseftirlitsins falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að stöðva brot gegn ákvæðum laganna eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið getur beitt úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi, í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd.

250. Skv. 17. gr. samkeppnisлага getur Samkeppniseftirlitið haft afskipti af samrunum fyrirtækja. Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist getur stofnunin ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppniseftirlitið getur einnig sett slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Samrunar hafa átt sér stað milli efnisveita og fjarskiptafyrirtækja og eins og lýst var í kafla 5.7. Þá setti Samkeppnisráð skv. þágildandi samkeppnislögum skilyrði fyrir samruna 365 og Vodafone árið 2005. Þau skilyrði snúa þó fremur að efnisveitunni 365 heldur en dreifikerfi Vodafone.

251. Þegar metið er hvort almennar samkeppnisreglur dugi til að leiðréttu markaðsbrest þarf að hafa í huga hvort umfangsmiklar aðgerðir þarf til, hvort hafa þurfi afskipti oft og án tafa og hvort sérstakra aðgerða sé þörf til þess að skapa lagalegan fyrirsjánleika á markaðnum.

252. Umfangsmiklar aðgerðir eru helst nauðsynlegar þegar fyrirtæki sem ræður yfir ómissandi aðstöðu neitar að veita öðrum aðgang og stjórnvöld þurfa að koma á aðgangi með fyrirmælum til viðkomandi fyrirtækis og e.t.v. skipuleggja tilhögun aðgangs með afskiptum af verðlagningu og öðrum skilmálum. Vodafone sem ræður yfir eina stafræna þráðlausa dreifikerfinu sem er í rekstri hér á landi hefur veitt ótengdum sjónvarpsstöðvum aðgang að dreifikerfi sínu og ekki hefur komið til kvartana til yfirvalda vegna þess.

253. PFS telur að ekki þurfi að koma oft til afskipta stjórnvalda vegna mála sem tengjast aðgangi að dreifikerfum fyrir stafrænt sjónvarp. Í ljósi reynslu síðustu ára eru deilur vegna slíks fátíðar eða jafnvel óþekktar. Deilur fyrirtækja hafa frekar snúist um aðgang að efni fremur en aðgang að dreifikerfum. Í ljósi þess er líklegt að samkeppnisreglur dugi til þess að leysa hugsanleg vandamál á markaðnum. Ef bregðast þarf skjótt við þá hefur Samkeppniseftirlitið heimild til þess að taka

bráðabirgðaákvarðanir að tilteknum skilyrðum uppfylltum sbr. 3. mgr. 16. gr. samkeppnisлага. Samkeppniseftirlitið hefur tvisvar tekið bráðabirgðaákvarðanir til þess að fylgja eftir ákvörðunum sínum um samruna efnisveita og fjarskiptafyrirtækja, en þær ákvarðanir snerust báðar um aðgang að efni en ekki aðgang að dreifikerfi.³⁴

254. Kvaðir hafa ekki verið lagðar á útvarpsdreifikerfi skv. fjarskiptalögum hingað til. Þrátt fyrir það hefur aðgangi að dreifikerfum verið komið á. Ekki hefur verið beðið um afskipti PFS vegna aðgangs að þráðlausu sjónvarpsdreifikerfi. PFS telur því ekki ástæðu til að leggja á sérstakar kvaðir á þessum markaði miðað við núverandi aðstæður og í ljósi reynslu undanfarinna ár.

255. Ein af ástæðum þess að aðgangur hefur verið veittur að dreifikerfum án sérstakra stjórnvaldskvaða er sú staðreynð að efnisveitur og dreifikerfi eru háð hvort öðru að vissu marki. Rekstraraðilar dreifikerfa sækjast eftir því að fá vinsælt sjónvarpsefni inn á dreifikerfi sín til þess að auka áhuga notenda á því að tengjast dreifikerfinu. Efnisveitur sem eru tengdar fjarskiptafyrirtækjum hafa haft tilhneigingu til þess að leyfa aðeins dreifingu á efni sínu á dreifikerfi viðkomandi fjarskiptafyrirtækis, í þeim tilgangi að auka vinsældir dreifikerfisins. Samrunaákvarðanir 10/2005 og 12/2005 eiga m.a. að koma í veg fyrir slíka hegðun. Eins og staðan er orðin í útbreiðslu og notkun mismunandi dreifikerfa í dag er það væntanlega orðið eftirsóknarvert fyrir efnisveitur að vera með efni sitt á fleiri en einu dreifikerfi til þess að ná til nægilega stórs hóps notenda. Þessar gagnkvæmu þarfir efnisveita og fjarskiptafyrirtækja auka líkurnar á því að fyrirtækin geti samið um aðgang án afskipta yfirvalda.

256. Að lokum er rétt að hafa það í huga að heimilt er að leggja skyldu á fjarskiptafyrirtæki til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér net þeirra til að taka á móti hljóð- og sjónvarpssendingum. Þessu ákvæði getur t.d. verið beitt til að ná markmiðum um útvarpsdreifingu til allra landsmanna. Ákvæðið er ekki bundið við að fyrirtæki hafi verið útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar. Engin útvarpsstöð hefur farið fram á að þessu ákvæði verði beitt og bendir það til þess að ekki séu til staðar veruleg vandamál varðandi aðgang að dreifikerfum.

5.4.4 Niðurstaða

257. Niðurstaða PFS varðandi heildsölu markað útsendingarþjónustu fyrir stafrænt sjónvarp á þráðlausum netum er sú aðgangshindranir séu fyrir hendi. Megin ástæða fyrir þeirri niðurstöðu er kostnaður við að koma sér upp dreifikerfi. PFS telur ekki líkleg að samkeppni verði virk innan þessa þjónustumarkaðs á allra næstu árum en samkeppni kann að koma frá fastlínukerfum þó að þau tilheyri ekki sama þjónustumarkaði miðað við núverandi aðstæður. PFS telur að samkeppnisreglur dugi til þess að leysa vandamál sem upp kunna að koma á þessum markaði enda er mjög sjaldgæft að deilumál tengd þessum markaði komi inn á borð stjórnválda.

³⁴ Ákvarðanir til bráðabirgða nr. 1/2005 og 1/2007.

5.5 Heildsölu markaður útsendingarþjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum

5.5.1 Aðgangshindranir

258. Verulegur kostnaður er fólginn í því að koma sér upp eigin fastaneti. Fastlínunet eru dýrari í uppbyggingu en þráðlaus dreifikerfi, en tekjumöguleikar af slíku neti eru meiri þar sem hægt er að bjóða fjölbreyttari þjónustu á þeim. Samt sem áður er mjög ólíklegt er að hagkvæmt sé að byggja upp kapalkerfi á þeim stöðum þar sem annað slíkt er til staðar.

259. Hér á landi hafa hefðbundin kapalkerfi ekki náð miklum notendafjölda. Það var ekki fyrr en með tilkomu sjónvarps yfir ADSL að sjónvarpsmóttaka um fastanet varð mjög útbreidd. Sjónvarp yfir ADSL hefur orðið vinsælla hér á landi en í flestum öðrum löndum. Síminn virðist hafa hætt markaðssetningu á Breiðbandi Símans sem dreifileið fyrir sjónvarp þó það sé enn í rekstri. Próun í gagnvirku sjónvarpi hefur ekki náð til Breiðbandsins.

260. Vinseldir ADSL sjónvarps gera það að verkum að fyrirtæki sem vill koma inn á sjónvarpsdreifingarmarkaðinn þarf ekki endilega að leggja sína eigin strengi í jörðu heldur getur það leigt aðgang að koparheimtaugum Mílu og sett upp sína ADSL þjónustu og sjónvarpsdreifikerfi þar ofan á. Þrátt fyrir að þetta dragi úr fjárfestingarbörf og hættu á óafturkræfum kostnaði hjá nýjum markaðsaðila virðist kostnaður samt sem áður það mikill að fyrirtæki eiga í erfiðleikum með að komast inn á markaðinn. Nú þegar liðin eru u.þ.b. þrjú ár frá því að Síminn hóf að veita sjónvarpsþjónustu um ADSL hefur ekkert annað fyrirtæki hafið slíka þjónustu. Það bendir til þess að kostnaður sé enn nokkur aðgangshindrun.

261. Gagnaveita Reykjavíkur er að byggja upp ljósleiðaranet sem hægt er að nota m.a. fyrir sjónvarpsdreifingu. Vodafone er byrjað að veita slíka þjónustu á netinu. Uppbygging þessa nets gengur hins vegar hægt enda um mjög stóra fjárfestingu að ræða.

262. Lagalegar hindranir að þessum markaði eru ekki miklar. Ekki er þörf á að sækja um tíðniheimild á fastaneti og fyrirtækjum nægir að tilkynna um starfsemi sína til PFS. Ef fyrirtækið vill senda út sína eigin dagskrá þá þarf það að sækja um leyfi til útværslarnefndar.

263. Skipulagsreglur gætu í einhverjum tilfellum valdið erfiðleikum varðandi lagningu strengja. Það er þó ekki nauðsynlegt að eiga sína eigin strengi til að koma inn á þennan markað. Ef fyrirtæki vill hins vegar gera það þá hefur það almennt rétt til þess að leggja strengi um land annars manns skv. 1. mgr. 69. gr. laga um fjarskipti.

5.5.2 Möguleg samkeppni

264. PFS telur að samkeppni á þessum markaði geti verið að vænta innan skamms þrátt fyrir að nokkur kostnaður sé samfara því að koma sér upp dreifikerfi um ADSL. Önnur fyrirtæki en Síminn hafa komið sér upp búnaði til þess að veita ADSL þjónustu. PFS telur miklar líkur á því að þau reyni að auka við þjónustuframboð sitt á

næstunni og fari að bjóða sjónvarpsdreifingu, m.a. í þeim tilgangi að bæta samkeppnisstöðu ADSL þjónustu sinnar.

265. Samkeppni mun enn fremur koma frá ljósleiðaranetum í framtíðinni en uppbygging þeirra á undanförnum árum hefur verið svo hæg að ekki er hægt að reikna með að slík net verði komin með mikla markaðshlutdeild á líftíma þessarar greiningar.

266. Þegar fleiri möguleikar verða í boði á þessum markaði ættu notendur að eiga nokkuð auðvelt með að skipta um þjónustuveitanda. Bindtími nýrra samninga um fjarskiptaþjónustu getur lengst verið sex mánuðir skv. 2. mgr. 37. gr. laga um fjarskipti og að sex mánuðum liðnum er uppsagnarfrestur 1 mánuður. Notendur fjárfesta að jafnaði ekki sjálfir í móttökubúnaði heldur er kostnaður við slíkan búnað innifalinn í gjaldskrá fyrir tenginguna.

267. Prátt fyrir að PFS telji mjög líkleg að samkeppni verði á þessum markaði í framtíðinni er ekki hægt að segja með vissu hvenær sí samkeppni verður orðin virk. Þess vegna telur stofnunin rétt að skoða einnig hvort almennar samkeppnisreglur geti dugað til að bæta úr hugsanlegum vandamálum á markaðnum þar til virk samkeppni verður orðin að veruleika.

5.5.3 Duga samkeppnisreglur ?

268. Varðandi úrræði og lagaheimildir samkeppnisyfirvalda víast í kafla 6.4.3. hér á undan.

269. Þegar metið er hvort almennar samkeppnisreglur dugi til að leiðréttu markaðsbrest þarf að hafa í huga hvort umfangsmiklar aðgerðir þurfi til, hvort hafa þurfi afskipti oft og án tafa og hvort sérstakra aðgerða sé þörf til þess að skapa lagalegan fyrirsjáanleika á markaðnum.

270. Umfangsmiklar aðgerðir eru helst nauðsynlegar þegar fyrirtæki sem ræður yfir ómissandi aðstöðu neitar að veita öðrum aðgang og stjórnvöld þurfa að koma á aðgangi með fyrirmælum til viðkomandi fyrirtækis og e.t.v. skipuleggja tilhögun aðgangs með afskiptum af verðlagningu og öðrum skilmálum. Síminn sem ræður yfir stærsta stafræna dreifikerfinu á fastlínú hér á landi hefur veitt ótengdum sjónvarpsstöðvum aðgang að dreifikerfi sínu og ekki hefur komið til kvartana til yfirvalda vegna þess. Gagnaveita Reykjavíkur veitir einnig aðgang að ljósleiðaraneti sínu m.a. til þess að fyrirtæki geti boðið sjónvarpsdreifingu. Gagnaveitan rekur þó ekki sjálf sjónvarpsdreifikerfi á ljósleiðaranetu. Vodafone er eina fyrirtækið sem býður sjónvarpsdreifingu á ljósleiðaraneti Gagnaveitunnar í dag og eru allar helstu dagskrár innlendra stöðva auk fjölda erlendra á því dreifikerfi. Það er því ekki hægt að sjá að aðgangur efnisveitenda að sjónvarpsdreifikerfum á fastlínú sé takmarkaður í dag.

271. Ekki hefur verið mikið um kvartanir vegna aðgangs sjónvarpsstöðva að dreifikerfum á fastaneti. Ein kvörtun barst PFS varðandi aðgang Fjölværps að Breiðbandi Símans í ákveðnum hverfum í Hafnarfirði þar sem bannað var að setja upp loftnet. Í því máli var um að ræða hliðræna dreifingu og ágreiningur var um hvort næg flutningsgeta væri fyrir hendi. Ekki kom til ákvörðunar í því máli þar sem aðstæður

breyttust á þann veg að loftnetsbann var afnumið og stafrænt sjónvarp hélt innreið sína á markaðinn. PFS er ekki kunnugt um aðrar kvartanir vegna aðgangs sjónvarpsstöðva að dreifikerfi á fastaneti.

272. Kvaðir hafa ekki verið lagðar á útvarpsdreifikerfi skv. fjarskiptalögum hingað til. Þrátt fyrir það hefur aðgangi að dreifikerfum verið komið á. Aðeins einu sinni hefur verið beðið um afskipti PFS vegna aðgangs að sjónvarpsdreifikerfi á fastlínu. PFS telur því ekki ástæðu til að leggja á sérstakar kvaðir á þessum markaði miðað við núverandi aðstæður og í ljósi reynslu undanfarinna ára.

273. PFS telur að sömu aðstæður ríki á þessum markaði og markaði fyrir þráðlausa stafræna dreifingu varðandi gagnkvæmar þarfir efnisveita og dreifikerfa. Þörf dreifikerfa fyrir efni og þörf efnisveita fyrir mikla útbreiðslu gerir það að verkum að báðir aðilar ráða yfir ákveðnum samningsstyrk og líklegt er að þeir geti samið um aðgang og dreifingu án þess að lagðar séu á þá sérstakar kvaðir skv. fjarskiptalögum.

274. Í fyrrnefndri ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005 vegna samruna Símans og Skjásins voru sett ákveðin skilyrði sem snúa að aðgangi að sjónvarpsdreifikerfi Símans. Skilyrði samkeppnisráðs samsvara kvöð um aðgang að dreifikerfi, kvöð um gagnsæi og kvöð um jafnræði. Eftir að þessi ákvörðun var birt hafa flestar íslenskar sjónvarps og útvarpsstöðvar verið teknar til dreifingar á dreifikerfi Símans. Síminn hefur birt verðskrá fyrir stafræna sjónvarpsdreifingu. Í verðskránni eru tilgreind verð fyrir dreifingu læstra og opinna sjónvarpsdagskráa og myndveituþjónustu.

275. Heimilt er að leggja skyldu á fjarskiptafyrirtæki til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér net þeirra til að taka á móti hljóð- og sjónvarpssendingum. Þessu ákvæði getur verið beitt t.d. til að ná markmiðum um útvarpsdreifingu til allra landsmanna. Ákvæðið er ekki bundið við að fyrirtæki hafi verið útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar. Engin útvarpsstöð hefur farið fram á að þessu ákvæði verði beitt og bendir það til þess að ekki séu til staðar veruleg vandamál varðandi aðgang að dreifikerfum.

5.5.4 Niðurstaða

276. Niðurstaða PFS varðandi heildsölumarkað útsendingarþjónustu fyrir stafrænt sjónvarp á fastanetum er sí aðgangshindranir séu fyrir hendi. Megin ástæða fyrir þeirri niðurstöðu er kostnaður við að koma sér upp dreifikerfi. PFS telur líklegt að samkeppni geti orðið virk á þessum þjónustumarkaði á næstu árum. PFS telur að samkeppnisreglur dugi til þess að leysa vandamál sem upp kunna að koma á þessum markaði enda er mjög sjaldgæft að stjórnvöldum berist kvartanir vegna aðgangs að sjónvarpsdreifikerfum á fastaneti.

6.0 Samantekt og niðurstöður

278. Í þessari greiningu hefur PFS fjallað um heildsölumarkað útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar til notenda. Skoðað var hvernig skilgreining tilmæla ESA á viðkomandi markaði (markaði 18) passar við aðstæður hér á landi. PFS komst að þeiri niðurstöðu að miðað við aðstæður innanlands þá sé í raun um nokkra mismunandi þjónustumarkaði að ræða. PFS telur eðlilegt að skilgreina fimm mismunandi þjónustumarkaði fyrir útsendingarþjónustu:

- 1) Útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum
- 2) Útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum
- 3) Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á þráðlausum netum
- 4) Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum
- 5) Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervihnött

279. PFS telur að allir þjónustumarkaðirnir nema gervihnattamarkaðurinn nái til landsins alls þar sem ekki sé hægt að aðgreina sérstök svæði þar sem samkeppnisáðstæður eru verulega frábrugðnar öðrum svæðum. Markaður fyrir útsendingarþjónustu um gervihnött er hins vegar ekki bundinn við Ísland. Markaðssvæði fyrirtækja í slíkum rekstri er mun stærra og er því um millilandamarkað að ræða sem ekki er á valdsviði PFS að taka til greiningar.

280. PFS tók þá þjónustumarkaði sem stofnunin skilgreindi, að gervihnattamarkaðnum undanskildum, til nánari skoðunar með það fyrir augum að leiða í ljós hvort þeir uppfylltu skilyrði til þess að til greina komi að leggja fyrirfram kvaðir á fyrirtæki á mörkuðunum. Þau skilyrði eru eftirfarandi:

- 1) Hindranir eru á því að komast inn á markaðinn.
- 2) Markaðurinn hefur ekki eiginleika til að þar sé virk samkeppni.
- 3) Almennar samkeppnisreglur duga ekki til að afnema hindranir eða efla samkeppni.

281. Markaður fyrir útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum var ekki talinn uppfylla fyrsta skilyrðið þar sem aðgönguhindranir eru ekki verulegar.

282. Markaður fyrir útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum var talinn uppfylla tvö fyrstu skilyrðin, en ekki það síðasta þar sem samkeppnisreglur voru taldar geta leyst vandamál sem upp gætu komið á markaðnum. Ennfremur var talið að það hefði hverfandi þýðingu að hafa afskipti af þessum markaði þar sem þjónustan er á útleið.

283. Markaður fyrir útsendingarþjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á þráðlausum netum var talinn uppfylla fyrsta skilyrðið þar sem aðgangshindranir eru verulegar. Varðandi samkeppni var ekki talið líklegt að virk samkeppni kæmist á á næstunni innan þessa tiltekna þjónustumarkaðs, en hugsanlegt er að samkeppni frá dreifikerfum á fastanetum geti haft áhrif á þennan markað. PFS taldi að samkeppnisreglur dugi til að leysa vandamál sem upp kunna að koma á þessum markaði, enda eru deilumál vegna aðgangs að dreifikerfum fátíð.

284. Markaður fyrir útsendingarþjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum var talinn uppfylla fyrsta skilyrðið. Varðandi samkeppni var talin mjög líklegt að samkeppni gæti komist á á þessum markaði en ekki er auðvelt að segja fyrir um hvenær það verður. Talið var að samkeppnisreglur dugi á þessum markaði. Deilumál vegna aðgangs að dreifikerfum eru fátíð og samkeppnisyfirvöld eru þegar búin að setja skilyrði um aðgang, gagnsæi og jafnræði varðandi rekstur stærsta dreifikerfisins í ákvörðun vegna samruna Símans og Skjásins.

285. Ýmis konar reglur eru í gildi skv. fjarskiptalögum um aðgang að dreifikerfum og tengdri aðstöðu og er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. Þar á meðal er ákvæði 55. gr. laga um fjarskipti um að skylda megi fjarskiptafyrirtæki til þess að flytja sjónvarpsdagskrár. Ekki hefur komið til þess að beita hafi þurft þessum ákvæðum með stjórvaldsákvörðun og bendir það til þess að ekki sé ástæða til að setja frekari kvaðir á markaðsaðila að svo stöddu.

286. Það er einkennandi fyrir útvarpsdreifingarmarkaðina að efnisveitur og dreifikerfi eru háð hvort öðru og er slíkt umhverfi hvetjandi til þess að aðilar nái samkomulagi um dreifingu efnis.

287. Í nýjum tilmælum framkvæmdastjórnar ESB um viðkomandi markaði nr. 2007/879/EC hefur markaður fyrir útsendingarþjónustu verið tekinn af lista yfir þá markaði sem fjarskiptaeftlitsstofnunum ber skylda til að greina. Þessi tilmæli hafa ekki enn verið tekin inn í EES samninginn. PFS ber ennþá skyldu til að greina þennan markað bæði vegna þess að hann er ennþá hluti af gildandi tilmælum ESA og vegna þess að greining á honum hefur ekki farið fram áður hér á landi og gert er ráð fyrir að allir markaðir í upphaflegum tilmælum séu greindir áður en farið er að vinna eftir nýjum tilmælum.

288. Rökstuðning framkvæmdastjórnar ESB fyrir því að taka markaðinn út af lista í tilmælunum er að finna í kafla 4.4 í skýringum með nýju tilmælunum.³⁵ Þar er m.a. tekið tillit til þess að leiðum til móttöku á sjónvarpi fer sífellt fjölgandi með tilkomu stafrænna útsendinga og því stefnir í átt að virkri samkeppni. Einnig er tekið fram að ákvæði um flutningsskyldu (must carry) megi nota til að tryggja aðgang notenda að sjónvarpsdagskrám þegar almannahagsmunir krefjast. Bent er á að ákvæði eru í fjarskiptalöggjöfinni um samnýtingu aðstöðu óháð markaðsgreiningu og að lokum er tekið fram að samkeppnisyfirvöld hafi í raun getað tekist á við vandamál sem upp hafa komið varðandi aðgang að útvarpsdreifikerfum.

289. PFS hyggst fylgjast náið með framvindu mála á viðkomandi mörkuðum og ef til þess kemur að aðstæður breytist verulega mun stofnunin taka til athugunar hvort gera þurfi nýja greiningu á þeim.

³⁵EXPLANATORY NOTE Accompanying document to the Commission Recommendation on Relevant Product and Service Markets within the electronic communications sector susceptible to ex ante regulation in accordance with Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communications networks and services (Second edition) {(C(2007) 5406)}

http://ec.europa.eu/information_society/policy/ecommm/doc/library/proposals/sec2007_1483_final.pdf